

Borgum v/ Norðurslóð
600 Akureyri
Sími 460-8900
rha@unak.is
<http://www.rha.is>



KÖNNUN MEÐAL FRAMHALDSSKÓLAKENNARA

UM ÁHRIF VINNUMATS

September 2016

Höfundar

Arnar Þór Jóhannesson

Anna Soffía Víkingsdóttir

R16-034-KAN

© RHA - Rannsókn- og þróunarmiðstöð Háskólans á Akureyri 2016

Öll réttindi áskilin. Skýrslu þessa má ekki afrita með neinum hætti, svo sem með ljósmyndun, prentun, hljóðritun eða á annan sambærilegan hátt, að hluta eða í heild, án skriflegs leyfis útgefanda.

RHA-S-19-2016

ISSN 1670-8873 (vefútgáfa)

L-ISSN 1670-8873 (prentútgáfa)

Skýrsla unnin fyrir
Félag framhaldsskólakennara

EFNISYFIRLIT

1.	INNGANGUR, AÐFERÐ OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR	5
2.	ÚRVINNSLA	7
3.	KÖNNUN MEÐAL FÉLAGSMANNA FF	8
3.1.	ÁNÆGJA MEÐ VINNUMATIÐ	8
3.2.	ÁHRIF VINNUMATS	10
3.3.	MIKILVÆGUSTU ÞÆTTIR VINNUMATSINS.....	25
3.4.	FRAMTÍÐARSKIPULAG VINNUMATS	39
3.5.	BAKGRUNNUR SVARENDA	51
4.	VIÐAUKAR.....	53
4.1.	SVÖR FLOKKUÐ EFTIR KENNSLUGREINUM.....	53
4.2.	SVÖR VIÐ OPNUM SPURNINGUM.....	63
4.3.	SPURNINGALISTI	103

MYNDIR

Mynd 1 Ánægja með vinnumatið að teknu tilliti til áhrifa á yfirvinnu	11
Mynd 2 Viðbótarstörf	15
Mynd 3 Áhrif vinnumats á námsmat	17
Mynd 4 Ástæður lækkaðs kennsluhlutfalls	21
Mynd 5 Ástæður hækkaðs kennsluhlutfalls	22
Mynd 6 Mikilvægustu þættir vinnumats	38

TÖFLUR

Tafla 1. Hversu ánægður eða óánægður ert þú með nýja vinnumatið?	8
Tafla 2 Hvaða áhrif hefur nýtt vinnumat haft á yfirvinnu þína?.....	10
Tafla 3 Ánægja með vinnumat að teknu tilliti til yfirvinnu.....	11
Tafla 4 Hefur þú þurft að taka að þér viðbótarstörf í skólanum vegna nýs vinnumats, önnur en hefðbundna kennslu?	12
Tafla 5 Hversu margar klukkustundir á önn hefur þú þurft að sinna slíkum störfum?.....	14
Tafla 6 Vinsamlegast tilgreindu hvaða störfum þú hefur þurft að sinna	15
Tafla 7 Hefur vinnumat haft áhrif á námsmat hjá þér?.....	16
Tafla 8 Hvaða áhrif hefur vinnumat haft á námsmat hjá þér?	17
Tafla 9 Breyttist kennsluhlutfall þitt við skólann á síðasta skólaári vegna vinnumatsins?	19
Tafla 10 Hvers vegna hefur kennsluhlutfallið lækkað?.....	20
Tafla 11 Hvers vegna hefur kennsluhlutfallið hækkað?.....	22
Tafla 12 Telur þú að vinnuframlag þitt hafi breyst eftir að vinnumat kom til?.....	23
Tafla 13 Undirbúningur	25
Tafla 14 Gerð og samsetning nemendahóps.....	27
Tafla 15 Námsmat	29
Tafla 16 Nemendafjöldi.....	30
Tafla 17 Námsefni	31
Tafla 18 Einingafjöldi	32
Tafla 19 Fjöldi námsefna.....	33
Tafla 20 Kennsluhættir	35
Tafla 21 Hæfniþrep	36
Tafla 22 Endurteknir áfangar.....	37
Tafla 23 Mikilvægustu þættir vinnumatsins	38
Tafla 24 Verði gerðar breytingar á vinnumatinu, til hvaða breytinga finnst þér að það ætti að leiða?	39
Tafla 25 Finnst þér að vinnumat þurfi að taka tillit til fleiri þátta en nefndir eru í 7. grein?...	41

Tafla 26 Kyn.....	51
Tafla 27 Starfsaldur.....	52

1. INNGANGUR, AÐFERÐ OG HELSTU NIÐURSTÖÐUR

Skýrsla þessi er unnin að beiðni Félags framhaldsskólakennara og byggir á svörum við spurningalista sem var sendur út á þeirra félagsmenn. Listinn var unninn af Félagi framhaldsskólakennara og var markmiðið með honum að meta áhrifin af nýju vinnumatskerfi sem tekið var í notkun árið 2014. RHA aðstoðaði og kom með ábendingar varðandi listann og annaðist framkvæmd og úrvinnslu könnunarinnar.

Könnunin var send á 1699 netföng félagsmanna hjá Félagi framhaldsskólakennara. Þar af voru 50 netföng ekki virk, t.d. þar sem fólk hafði skipt um starf eða netfang, var í leyfi eða með fullt pósthólf. Ennfremur voru 57 netföng félagsmanna, sem starfa ekki samkvæmt vinnumati, fjarlægð eftir á, þar sem könnunin átti ekki við í þeirra tilfalli. Að teknu tilliti til þessa voru 1592 í úrtakinu og svaraði 791 könnuninni að öllu leyti eða að hluta, sem gerir 49,7% svarhlutfall. Spurningum var svarað í gegnum SurveyMonkey® forritið (www.surveymonkey.com) og var könnunin send í tölvupósti.

Könnunin var send út þriðjudaginn 30. ágúst og voru áminningar sendar 5., 8. og 9. september á þá sem ekki höfðu svarað. Auk þess var áminning send 6. september á þá sem höfðu svarað könnuninni að hluta en ekki lokið henni. Fljótlega kom í ljós að könnunin komst ekki til skila í öllum skólum, tölvupósturinn lenti t.d. í ruslpósti. Þar sem slíkt henti, eða grunur var um það, var haft samband við kerfisstjóra viðkomandi skóla og hann beðinn um aðstoð við að koma póstinum til skila. Einnig var sendur tölvupóstur, bæði frá Félagi framhaldsskóla og frá RHA með skilaboðum um hvernig nálgast mætti tölvupóstinn. Jafnframt var þeim sem fundu ekki póstinn þrátt fyrir það boðið að senda tölvupóst og fá sendan hlekk til þess að svara könnuninni og var hún send þannig á 56 þátttakendur.

Helstu niðurstöður gefa til kynna óánægju með vinnumatið frá 2014. Má bæði greina það af opnum svörum þar sem spurt er um framtíðarskipulag vinnumatsins og í fyrstu spurningunni í skýrslunni þar sem þriðjungur svarenda kveðst vera mjög óánægður og fjórðungur frekar óánægður með vinnumatið en aðeins 3% eru mjög ánægð. Þegar einstakir þættir vinnumatsins eru aftur á móti kannaðir kemur í ljós að svarendur meta þá flesta mikilvæga og gefa þeim nánast öllum háa meðaleinkunn sem bendir til þess að þeim sé ekki ofaukið í vinnumatinu. Séu niðurstöðurnar skoðaðar eftir bakgrunnsbreytum sést að kennslugrein er sú breyta sem hefur mest áhrif. Á það við, hvort heldur sem er varðandi ánægju með vinnumatið í heild sinni eða mikilvægi einstakra þátta. Íslenskukennarar reyndust sáttastir með vinnumatið en kennarar í íþróttum og á starfsbrautum óánægðastir.

Áhrif vinnumatsins eru þau að yfirvinna hefur minnkað hjá helmingi svarenda og ríflega fimmtungur hefur þurft að taka að sér viðbótarstörf önnur en kennslu. Rúmlega 40% þurfa að vinna meira en áður til þess að fá sömu laun en hjá álíka stórum hópi hefur vinnuframlagið ekki breyst. Kennsluhlutfallið lækkaði vegna vinnumatsins hjá þriðjungu svarenda en stóð í stað hjá um það bil helmingi þeirra.

2. ÚRVINNSLA

Niðurstöður voru greindar eftir sex bakgrunnsbreytum: *kyni, aldri, kennslugrein, skólastærð, skólagerð og staðsetningu*. Var þess gætt að svör yrðu ekki rekjanleg til einstaklinga, þrátt fyrir ítarlegar bakgrunnsupplýsingar. Aðeins RHA hefur aðgang að gögnunum. Starfsaldri var skipt í sex flokka: *Minni en tvö ár, 3-5 ár, 6-10 ár, 11-20 ár, 21-30 ár og meiri en 31 ár*. Fjöldi nemenda var flokkaður í fernt og skólagerð í þrennt; *áfangakerfi, bekkjarkerfi og blandað*. Staðsetning skóla var tvískipt; á höfuðborgarsvæðinu (póstnúmer 101-225) eða utan þess. Kennslugreinum var skipt í 12 flokka og mátti hver og einn merkja við fleiri en einn kost. Við úrvinnslu gagnanna var þeim sem kenna í fleiri en einum flokki kennslugreina safnað saman í einn flokk, *kenna fleiri en eina kennslugrein*. Í viðauka eru svörin aftur á móti flokkuð þannig að allir sem merkja við tiltekna grein eru flokkaðir saman. Svör hvers og eins kunna því að vera flokkuð oft en einu sinni (t.d. stærðfræði og raungreinar) hjá hverjum og einum, þegar svörin eru greind eftir þessari breytu í viðauka.

Bæði var um opnar og lokaðar spurningar að ræða. Síðasta spurningin var opin spurning og er flokkuð í þemu. Ætíð er hætta á að upplýsingar tapist þegar opin svör eru flokkuð eða magnbundin. Því eru svörin sjálf birt í viðauka en persónugreinanleg einkenni þó afmáð. Í einni spurningu birtist opinn strengur þar sem spyrjendur gátu bætt við upplýsingum og var sama aðferð viðhöfð þar.

Spurningar um mikilvægi allra þátta 7. greinar kjarasamnings KÍ og fjármála- og efnahagsráðherra annars vegar og spurning varðandi heildaránægju með núverandi vinnumat hins vegar, voru mældar á 5 bila kvarða þar sem 1 merkti *mjög léttvægur* og 5 þýddi *mjög mikilvægur*. Meðaltöl voru reiknuð til að bera saman þessa þætti og raða þeim í mikilvægisröð. Þar sem um marga hópa var að ræða var gerð Anova dreifigreining í tölfræðiforritinu SPSS (V.22.0.). Þegar fjallað er um niðurstöður í skýrslunni er einungis greint frá mun þegar hann er marktækur. Stjörnugjöf gefur til kynna hvort marktækur munur sé milli meðaltalseinkunna (* = $p < 0,05 \geq 0,01$; **= $p < 0,01 \geq 0,001$; ***= $p < 0,001$). Meðaltal í töflum er táknað með μ og fjöldi svara með N.

Heildaránægja með vinnumatið var sömuleiðis mæld á fimm punkta kvarða, *mjög ánægður* til *mjög óánægður*. Til einföldunar eru *veit ekki* og *vil ekki svara* oftast sleppt þegar niðurstöðurnar eru sýndar. Undantekningin á því er þegar þau geta haft einhver efnisleg gildi. Vegna námundunar verður heildarsumma prósentutalna ekki alltaf 100% heldur getur hún líka orðið 99 eða 101%. Spurningalistann í heild sinni má sjá í viðauka 3.

3. KÖNNUN MEÐAL FÉLAGSMANNA FF

3.1. Ánægja með vinnumatið

Tafla 1. Hversu ánægður eða óánægður ert þú með nýja vinnumatið?

		Mjög ánægður	Frekar ánægður	Hvorki né	Frekar óánægður	Mjög óánægður	μ	N
	Alls	3%	17%	20%	26%	33%	2,31	710
Kyn	Karl	4%	17%	20%	23%	36%	2,29	283
	Kona	3%	18%	21%	28%	30%	2,36	418
Starfsaldur	Minni en 2 ár	0%	0%	58%	26%	16%	2,42	19
	3-5 ár	1%	22%	25%	25%	26%	2,46	95
	6-10 ár	3%	11%	22%	30%	33%	2,22	149
	11-20 ár	4%	17%	15%	26%	38%	2,22	239
	21-30 ár	3%	19%	22%	26%	30%	2,39	129
	Meiri en 31 ár	5%	25%	16%	23%	31%	2,52	75
Fjöldi nemenda	Færri en 250	3%	5%	28%	35%	28%	2,20	60
	251-500	0%	16%	20%	28%	36%	2,16	69
	501-1000	3%	18%	19%	26%	32%	2,34	287
	Fleiri en 1000	4%	20%	19%	23%	34%	2,38	280
Skólagerð	Áfangakerfi	3%	17%	20%	26%	34%	2,30	543
	Bekkjarkerfi	4%	19%	18%	29%	31%	2,36	114
	Blandað	5%	26%	26%	19%	26%	2,65	43
Staðsetning*	Höfuðborgarsvæðið	4%	22%	19%	24%	32%	2,42	402
	Landsbyggð	3%	12%	23%	29%	33%	2,23	282
Grein***	Erlend tungumál	3%	16%	23%	37%	21%	2,43	110
	Félagsgreinar	3%	31%	27%	20%	19%	2,80	70
	Íslenska	7%	39%	23%	17%	13%	3,10	69
	Íþróttir	0%	10%	0%	30%	60%	1,60	20
	Listnám	3%	14%	14%	34%	34%	2,17	29
	Raungreinar	3%	14%	10%	29%	43%	2,04	69
	Starfsbraut	0%	3%	12%	18%	67%	1,52	33
	Stærðfræði	0%	13%	21%	26%	40%	2,06	47
	Verknám	3%	8%	17%	25%	46%	1,98	59
	Viðskiptagreinar	0%	25%	17%	50%	8%	2,58	12
	Tölvugreinar	0%	0%	27%	9%	64%	1,64	11
	Annað	0%	0%	71%	0%	29%	2,43	7
	Fleiri en ein	5%	15%	22%	23%	35%	2,31	174

* = $p < 0,05 \geq 0,01$; ** = $p < 0,01 \geq 0,001$; *** = $p < 0,001$

Könnunin sýnir að mun fleiri svarendur eru óánægðir en ánægðir með vinnumatið frá árinu 2014, 59% svarenda eru óánægð með vinnumatið en 20% eru ánægð með það. Þá er

Þriðjungur mjög óánægður með það en aðeins 3% mjög ánægð. Allra nýjustu kennararnir hafa ekki eins sterkar skoðanir á vinnumati og aðrir en þeir hafa ekki unnið samkvæmt öðru kerfi. Þegar gögnin eru greind eftir kennslugreinum sést að fleiri íslenskukennarar eru ánægðir en óánægðir og er það eini flokkurinn þar sem sú staða er fyrir hendi, kennarar í öllum öðrum kennslugreinum eru óánægðir með vinnumatið. Óánægjan er sérstaklega mikil á starfsbraut en þar eru tveir þriðju svarenda mjög óánægðir og hjá íþróttakennurum en þar eru 60% mjög óánægðir.

3.2. Áhrif vinnumats

Tafla 2 Hvaða áhrif hefur nýtt vinnumat haft á yfirvinnu þína?

		Yfirvinna hefur			Á ekki við	N
		Yfirvinna hefur minnkað	lítið eða ekkert breyst	Yfirvinna hefur aukist		
	Alls	49%	30%	6%	15%	758
Kyn	Karl	46%	38%	5%	11%	300
	Kona	49%	26%	6%	18%	438
Starfsaldur	Minni en 2 ár	42%	4%	4%	50%	24
	3-5 ár	39%	28%	12%	20%	99
	6-10 ár	46%	31%	6%	17%	153
	11-20 ár	52%	31%	4%	13%	247
	21-30 ár	49%	35%	6%	10%	142
	Meiri en 31 ár	54%	33%	3%	10%	78
Fjöldi nemenda	Færri en 250	49%	35%	3%	13%	63
	251-500	65%	19%	5%	11%	74
	501-1000	47%	28%	8%	16%	295
	Fleiri en 1000	46%	35%	5%	14%	299
Skólagerð	Áfangakerfi	47%	33%	7%	13%	569
	Bekkjarkerfi	50%	26%	6%	18%	119
	Blandað	51%	25%	2%	22%	51
Staðsetning	Höfuðborgarsvæðið	42%	35%	7%	16%	425
	Landsbyggð	55%	27%	5%	13%	298
Grein	Erlend tungumál	50%	30%	8%	13%	115
	Félagsgreinar	51%	40%	5%	4%	73
	Íslenska	36%	30%	17%	17%	70
	Íþróttir	67%	14%	0%	19%	21
	Listnám	32%	39%	0%	29%	31
	Raungreinar	52%	25%	4%	19%	69
	Starfsbraut	66%	23%	3%	9%	35
	Stærðfræði	46%	38%	8%	8%	50
	Verknám	39%	41%	0%	20%	64
	Viðskiptagreinar	54%	15%	15%	15%	13
	Tölvugreinar	58%	25%	0%	17%	12
	Annað	20%	30%	0%	50%	10
	Fleiri en ein	52%	29%	5%	15%	182


Yfirvinna hefur minnkað í kjölfar nýs vinnumats hjá um það bil helmingi aðspurðra. Í um það bil 30% tilvika hefur yfirvinna lítið eða ekkert breyst en í 6% tilfella hefur nýtt vinnumat leitt til aukinnar yfirvinnu. Á landsbyggðinni og í skólum með 500 nemendur eða færri hefur yfirvinna frekar dregist saman en á höfuðborgarsvæðinu eða í stærri skólum. Dregið hefur úr yfirvinnu hjá tveimur þriðju íþróttakennara og þeirra sem kenna á starfsbraut. Séu svörin flokkuð eftir

ánægju með vinnumatið má sjá skýra fylgni á milli (ó)ánægju með vinnumatið og áhrif þess á yfirvinnu. (tau-c= -,364; α =,000)

Tafla 3 Ánægja með vinnumat að teknu tilliti til yfirvinnu

	Mjög ánægður	Frekar ánægður	Hvorki né	Frekar óánægður	Mjög óánægður	N
Allir	4%	19%	20%	25%	33%	610
Yfirvinna hefur minnkað	1%	10%	15%	26%	47%	353
Yfirvinna hefur lítið breyst	5%	28%	28%	26%	13%	215
Yfirvinna hefur aukist	14%	43%	17%	14%	12%	42

Yfirvinna hefur minnkað
Yfirvinna hefur lítið breyst
Yfirvinna hefur aukist



Mynd 1 Ánægja með vinnumatið að teknu tilliti til áhrifa á yfirvinnu

Tafla 4 Hefur þú þurft að taka að þér viðbótarstörf í skólanum vegna nýs vinnumats, önnur en hefðbundna kennslu?

		Já	Nei	N
	Alls	22%	78%	720
Kyn	Karl	23%	77%	283
	Kona	21%	79%	418
Starfsaldur	Minni en 2 ár	17%	83%	24
	3-5 ár	26%	74%	96
	6-10 ár	29%	71%	142
	11-20 ár	22%	78%	239
	21-30 ár	17%	83%	133
	Meiri en 31 ár	12%	88%	73
Fjöldi nemenda	Færri en 250	43%	57%	60
	251-500	29%	71%	70
	501-1000	24%	76%	287
	Fleiri en 1000	15%	85%	280
Skólagerð	Áfangakerfi	23%	77%	543
	Bekkjarkerfi	21%	79%	117
	Blandað	14%	86%	44
Staðsetning	Höfuðborgarsvæðið	21%	79%	409
	Landsbyggð	24%	76%	279
Grein	Erlend tungumál	26%	74%	116
	Félagsgreinar	15%	85%	72
	Íslenska	12%	88%	69
	Íþróttir	40%	60%	20
	Listnám	21%	79%	28
	Raungreinar	34%	66%	64
	Starfsbraut	9%	91%	33
	Stærðfræði	18%	82%	45
	Verknám	20%	80%	60
	Viðskiptagreinar	0%	100%	12
	Tölvugreinar	50%	50%	10
	Annað	22%	78%	9
	Fleiri en ein	25%	75%	171


Ríflega fimmtungur svarenda hefur þurft að taka að sér viðbótarstörf vegna nýs vinnumats. Hæst hlutfall er á meðal þeirra sem starfa í allra minnstu skólunum, þ.e. skólum sem hafa færri en 250 nemendur. Helmingur þeirra sem kenna tölvugreinar (5 af 10) hafa þurft að taka að sér viðbótarstörf. Hátt hlutfall íþróttakennara hefur sömuleiðis þurft að taka að sér slík störf. Viðskiptagreinakennarar hafa ekki þurft að taka að sér slík störf samkvæmt könnuninni og afar fáir kennarar á starfsbraut. Einnig er lágt hlutfall íslensku- og félagsgreinakennara í slíkum störfum.

Tafla 5 Hversu margar klukkustundir á önn hefur þú þurft að sinna slíkum störfum?

		Minna en 10 klst/önn	11-20 klst/önn	21-30 klst/önn	30 klst eða fleiri á önn	Fjöldi svara
	Alls	27%	34%	21%	18%	130
Kyn	Karl	28%	32%	27%	13%	60
	Kona	26%	36%	16%	23%	70
Starfsaldur	3-5 ár	23%	36%	41%	0%	22
	6-10 ár	32%	30%	16%	22%	37
	11-20 ár	18%	38%	24%	20%	45
	21-30 ár	50%	28%	6%	17%	18
	Meiri en 31 ár	25%	38%	0%	38%	8
Fjöldi nemenda	Færri en 250	20%	40%	28%	12%	25
	251-500	19%	25%	50%	6%	16
	501-1000	29%	34%	15%	22%	59
	Fleiri en 1000	33%	36%	11%	19%	36
Námsgerð	Áfangakerfi	23%	35%	24%	19%	106
	Bekkjarkerfi	40%	35%	10%	15%	20
	Blandað	50%	25%	13%	13%	8
Staðsetning	Höfuðborgarsvæðið	38%	33%	14%	15%	72
	Landsbyggð	13%	37%	28%	22%	60

Þeir sem hafa þurft að taka að sér viðbótarstörf voru spurðir hversu margar klukkustundir á önn þeir þyrftu að sinna slíkum störfum. Afar mismunandi var hversu mikil vinna lá þar að baki en um það bil fjórðungur þurfti að sinna slíkum störfum í minna en 10 klukkustundir. Tæplega fimmjungur sinnir þeim í meira en 30 klukkustundir á önn. Fleiri konur en karlar þurftu að sinna þeim í meira en 30 klukkustundir. Sama á við um reynslumestu kennarana, þá sem hafa starfað í 31 ár eða lengur.

Tafla 6 Vinsamlegast tilgreindu hvaða störfum þú hefur þurft að sinna



Mynd 2 Viðbótarstörf

Þeir sem svöruðu spurningunni um viðbótarstörf játandi voru sömuleiðis beðnir um að tilgreina hvaða störf væri um að ræða. Máttu svarendur merkja við fleiri en einn kost. Þrátt fyrir að 16 líkleg störf væru listuð upp, sem þátttakendur höfðu úr að velja, merktu flestir við svarmöguleikann *annað*. *Aukaundirbúningur* var næst algengasta svarið en þar á eftir komu *námsgagnagerð*, *námskrárgerð* og *nemendaaðstoð*. Það má því vera ljóst að viðbótarstörfin eru afar fjölbreytt.

Tafla 7 Hefur vinnumat haft áhrif á námsmat hjá þér?


		Já	Nei	Veit ekki	N
	Alls	30%	59%	10%	697
Kyn	Karl	29%	62%	9%	284
	Kona	31%	57%	11%	413
Starfsaldur	Minni en 2 ár	27%	27%	46%	26
	3-5 ár	33%	59%	9%	92
	6-10 ár	32%	56%	12%	149
	11-20 ár	34%	59%	8%	232
	21-30 ár	22%	69%	9%	132
	Meiri en 31 ár	32%	62%	6%	71
Fjöldi nemenda	Færri en 250	34%	50%	16%	58
	251-500	38%	51%	12%	69
	501-1000	30%	61%	10%	283
	Fleiri en 1000	30%	61%	9%	279
Skólagerð	Áfangakerfi	32%	58%	10%	539
	Bekkjarkerfi	29%	62%	9%	111
	Blandað	24%	67%	9%	46
Staðsetning	Höfuðborgarsvæðið	28%	61%	11%	395
	Landsbyggð	34%	56%	9%	285
Grein	Erlend tungumál	35%	55%	9%	110
	Félagsgreinar	28%	64%	8%	72
	Íslenska	30%	65%	4%	69
	Íþróttir	38%	50%	13%	16
	Listnám	30%	57%	13%	30
	Raugreinar	34%	54%	12%	68
	Starfsbraut	28%	59%	13%	32
	Stærðfræði	28%	66%	6%	47
	Verknám	23%	61%	16%	62
	Viðskiptagreinar	9%	91%	0%	11
	Tölvugreinar	60%	30%	10%	10
	Annað	13%	75%	13%	8
	Fleiri en ein	32%	56%	12%	170

Vinnumat hefur haft áhrif á námsmat hjá 30% þeirra sem svöruðu spurningunni en tæp 60% sögðu að það hefði ekki haft áhrif. 10% kváðust ekki vita það, sérstaklega var það áberandi hjá þeim sem höfðu starfað í faginu í minna en tvö ár. Vinnumatið hefur frekar haft áhrif á námsmat í þeim skólum sem hafa færri en 500 nemendur.

Sé litið til kennslugreina skera kennarar í viðskiptagreinum annars vegar og tölvugreinum hins vegar sig úr. Þess ber þó að geta að fá svör eru frá kennurum í þessum greinum og ber því að taka þeim niðurstöðum með fyrirvara. 38% íþróttakennara telja að vinnumatið hafi haft áhrif á námsmat og 35% þeirra sem kenna erlend tungumál.

Tafla 8 Hvaða áhrif hefur vinnumat haft á námsmat hjá þér?

		Dregið hefur úr vægi skriflegra prófa	Skriflegum prófum hefur fjölgað	Símat hefur aukist	Dregið hefur úr símati	Tími til að sinna símati hefur minnkað	Meiri tími hefur gefist til að sinna námsmati	Vil ekki svara	N
	Alls	26%	6%	35%	20%	56%	3%	9%	209
Kyn	Karl	35%	9%	33%	16%	51%	3%	6%	79
	Kona	20%	5%	37%	22%	58%	3%	11%	130
Starfsaldur	Minni en 2 ár	0%	14%	0%	57%	71%	0%	0%	7
	3-5 ár	13%	3%	39%	16%	55%	0%	6%	31
	6-10 ár	27%	4%	29%	13%	71%	2%	9%	45
	11-20 ár	23%	4%	36%	23%	54%	3%	10%	78
	21-30 ár	36%	11%	32%	25%	57%	7%	11%	28
	Meiri en 31 ár	50%	14%	55%	9%	32%	5%	5%	22
Fjöldi nemenda	Færri en 250	37%	5%	42%	26%	68%	0%	0%	19
	251-500	15%	8%	19%	23%	65%	4%	12%	26
	501-1000	25%	7%	27%	27%	59%	6%	8%	83
	Fleiri en 1000	28%	6%	49%	11%	46%	0%	10%	83
Skólagerð	Áfangakerfi	25%	7%	40%	18%	57%	2%	8%	169
	Bekkjarkerfi	23%	3%	23%	32%	48%	3%	13%	31
	Blandað	36%	9%	9%	9%	45%	18%	9%	11
Staðsetning	Höfuðborgarsvæðið	29%	8%	38%	17%	50%	3%	10%	109
	Landsbyggð	22%	4%	33%	24%	61%	3%	7%	97



Mynd 3 Áhrif vinnumats á námsmat

Þeir sem svörðu því játandi að vinnumat hefði haft áhrif á námsmat hjá þeim, voru spurðir hvaða áhrif það hefði haft og máttu þeir merkja við fleiri en einn kost. Algengasta svarið var að minni tími gæfist nú til þess að sinna símati, eða 56%. Næst algengasta svarið var að símat

hefði aukist. Fjórðungur sagði að dregið hefði úr vægi skriflegra prófa og fimmtungur að dregið hefði úr símati. Nemendafjöldi hafði áhrif á svörunina þannig að kennarar í minni skólunum töldu sig hafa minni tíma til þess að sinna símati en áður.


Tafla 9 Breyttist kennsluhlutfall þitt við skólann á síðasta skólaári vegna vinnumatsins?

		Já, það hækkaði	Já, það lækkaði	Nei	Veit ekki	N
	Alls	8%	33%	50%	8%	714
Kyn	Karl	8%	36%	47%	10%	280
	Kona	9%	30%	53%	8%	415
Starfsaldur	Minni en 2 ár	4%	22%	33%	41%	27
	3-5 ár	10%	35%	47%	8%	91
	6-10 ár	6%	37%	50%	8%	145
	11-20 ár	8%	32%	53%	6%	236
	21-30 ár	11%	32%	51%	6%	132
	Meiri en 31 ár	8%	31%	54%	7%	71
Fjöldi nemenda	Færri en 250	7%	32%	56%	5%	59
	251-500	6%	46%	43%	6%	70
	501-1000	7%	37%	47%	9%	282
	Fleiri en 1000	11%	27%	54%	8%	279
Skólagerð	Áfangakerfi	8%	31%	52%	9%	543
	Bekkjarkerfi	8%	39%	48%	5%	108
	Blandað	11%	36%	44%	9%	45
Staðsetning	Höfuðborgarsvæðið	12%	27%	52%	9%	396
	Landsbyggð	4%	40%	49%	7%	285
Grein	Erlend tungumál	6%	34%	55%	5%	110
	Félagsgreinar	10%	35%	49%	7%	72
	Íslenska	26%	20%	53%	2%	66
	Íþróttir	21%	53%	26%	0%	19
	Listnám	10%	35%	42%	13%	31
	Raugngreinar	6%	36%	50%	8%	66
	Starfsbraut	6%	23%	65%	6%	31
	Stærðfræði	4%	26%	61%	9%	46
	Verknám	3%	34%	45%	18%	62
	Víðskiptagreinar	0%	36%	55%	9%	11
	Tölvugreinar	10%	40%	50%	0%	10
	Annað	0%	44%	44%	11%	9
	Fleiri en ein	6%	35%	48%	11%	170

Helmingur svarenda sagði að kennsluhlutfall sitt hefði ekki breyst vegna nýs vinnumats. Þriðjungur sagði aftur á móti að það hefði lækkað og í 8% tilvika hafði það hækkað. Í skólum með 251-500 nemendum hafði kennsluhlutfallið lækkað í 46% tilvika en aðeins í 27% tilvika hjá skólum með 501-1000 nemendum. Það hefur frekar lækkað þar sem bekkjarkerfi er við lýði og á landsbyggðinni frekar en á höfuðborgarsvæðinu. Breytingarnar eru mjög mismunandi milli kennslugreina. Það hefur lækkað hjá riflega helmingi íþróttakennara en hækkað hjá 21%. Fleiri íslenskukennarar svara því til að það hafi hækkað en lækkað og er það eina kennslugreinin þar sem sú er raunin.

Tafla 10 Hvers vegna hefur kennsluhlutfallið lækkað?

		Afsláttur vegna endurtekina áfanga	Vegna lítilla námsþópa	Vegna breyttra kennsluhátta	Vegna minna námsframboðs vegna styttingar náms tíma	Vegna skipunar námsgreina á hæfnþrep	Vegna flokkunar námsgreina (verknám, bóknám, raungr. o.s.fr.)	Af öðrum ástæðum	N
	Alls	26%	6%	35%	20%	56%	3%	9%	209
Kyn	Karl	35%	9%	33%	16%	51%	3%	6%	79
	Kona	20%	5%	37%	22%	58%	3%	11%	130
Starfsaldur	Minni en 2 ár	0%	14%	0%	57%	71%	0%	0%	7
	3-5 ár	13%	3%	39%	16%	55%	0%	6%	31
	6-10 ár	27%	4%	29%	13%	71%	2%	9%	45
	11-20 ár	23%	4%	36%	23%	54%	3%	10%	78
	21-30 ár	36%	11%	32%	25%	57%	7%	11%	28
	Meiri en 31 ár	50%	14%	55%	9%	32%	5%	5%	22
Fjöldi nemenda	Færri en 250	37%	5%	42%	26%	68%	0%	0%	19
	251-500	15%	8%	19%	23%	65%	4%	12%	26
	501-1000	25%	7%	27%	27%	59%	6%	8%	83
	Fleiri en 1000	28%	6%	49%	11%	46%	0%	10%	83
Skólagerð	Áfangakerfi	25%	7%	40%	18%	57%	2%	8%	169
	Bekkjarkerfi	23%	3%	23%	32%	48%	3%	13%	31
	Blandað	36%	9%	9%	9%	45%	18%	9%	11
Staðsetning	Höfuðborgarsvæðið	29%	8%	38%	17%	50%	3%	10%	109
	Landsbyggð	22%	4%	33%	24%	61%	3%	7%	97




Mynd 4 Ástæður lækkaðs kennsluhlutfalls

Þeir 209 kennarar sem svöruðu því til að kennsluhlutfallið hefði lækkað voru spurðir nánar út í það og gátu þá merkt við fleiri en eina ástæðu. Oftast er það vegna skipunar námsgreina á hæfniþrep eða í 56% tilfella. Breyttir kennsluhættir voru líka nefndir til sögunar í 35% tilvika. Afsláttur vegna endurtekinna áfanga var nefndur í 26% tilvika og 20% nefndu skipun námsgreina á hæfniþrep.

Tafla 11 Hvers vegna hefur kennsluhlutfallið hækkað?

		Vegna fjölda námsefna	Vegna stórra námshópa	Vegna breyttra kennsluhátta	Vegna minna námsframboðs vegna styttingar námstíma	Vegna skipunar námsgreina á hæfnþrep	Vegna flokkunar námsgreina (verknám, bóknám, raungr. o.s.fr.)	Af öðrum ástæðum	N
Alls		23%	71%	5%	5%	11%	29%	13%	56
Kyn	Karl	24%	57%	10%	5%	10%	38%	5%	21
	Kona	23%	80%	3%	6%	11%	23%	17%	35
Staðsetning	Höfuðborgarsvæðið	23%	74%	7%	7%	16%	30%	12%	43
	Landsbyggð	23%	69%	0%	0%	0%	23%	15%	13



Mynd 5 Ástæður hækkaðs kennsluhlutfalls

Þeir 56 kennarar sem svöruðu að kennsluhlutfall hefði hækkað voru spurðir nánar út í það og gátu merkt við fleiri en einn möguleika. Flestir eða 71% nefndu stóra námshópa, 29% merktu við flokkun námsgreina og 23% við fjölda námsefna.

Tafla 12 Telur þú að vinnuframlag þitt hafi breyst eftir að vinnumat kom til?

		Ég þarf að vinna meira en áður til þess að fá sömu laun	Vinnuframlagið er svipað og áður	Ég þarf að vinna minna en áður til þess að fá sömu laun	Veit ekki	N
	Alls	42%	44%	4%	11%	696
Kyn	Karl	39%	48%	4%	10%	283
	Kona	44%	41%	4%	12%	413
Starfsaldur	Minni en 2 ár	19%	7%	0%	74%	27
	3-5 ár	43%	39%	6%	12%	95
	6-10 ár	43%	45%	3%	10%	147
	11-20 ár	48%	45%	1%	6%	231
	21-30 ár	35%	49%	6%	10%	131
	Meiri en 31 ár	40%	46%	6%	8%	72
Fjöldi nemenda	Færri en 250	44%	42%	2%	12%	59
	251-500	48%	37%	0%	15%	67
	501-1000	45%	38%	5%	12%	285
	Fleiri en 1000	38%	50%	4%	8%	278
Skólagerð	Áfangakerfi	43%	44%	2%	11%	541
	Bekkjarkerfi	41%	41%	9%	10%	111
	Blandað	31%	49%	7%	13%	45
Staðsetning	Höfuðborgarsvæðið	39%	44%	5%	11%	396
	Landsbyggð	44%	43%	2%	10%	286
Grein	Erlend tungumál	42%	45%	5%	8%	111
	Félagsgreinar	29%	59%	4%	8%	73
	Íslenska	23%	58%	10%	9%	69
	Íþróttir	65%	30%	5%	0%	20
	Listnám	43%	37%	0%	20%	30
	Raungreinar	49%	37%	1%	13%	68
	Starfsbraut	63%	28%	0%	9%	32
	Stærðfræði	36%	56%	2%	7%	45
	Verknám	46%	39%	0%	15%	61
	Viðskiptagreinar	40%	40%	10%	10%	10
	Tölvugreinar	50%	30%	0%	20%	10
	Annað	44%	44%	0%	11%	9
	Fleiri en ein	46%	38%	4%	12%	167

Svörin við þessari spurningu skiptust í tvo nokkuð jafna hópa annars vegar þá sem þurfa að vinna meira en áður til þess að fá sömu laun og þeirra sem þurfa að vinna álíka mikið og áður til þess að fá sömu laun. Í meðalstórum skólum, með 251-1000 nemendum, er algengast að starfsmenn verði að vinna meira en áður til þess að fá sömu laun og áður. Í stærstu skólunum eru fleiri sem þurfa að skila svipuðu vinnuframlagi og áður heldur en þeir sem þurfa að vinna

meira en áður. Sé litið til kennslugreina sést að þar er mjög mikill mismunur á milli greina. Íþróttakennarar (65%) og kennarar á starfsbraut (63%) þurfa að vinna meira samkvæmt könnuninni en áður til þess að fá sömu laun. Flestir hóparnir eru þó á bilinu 40-50%. Íslenskukennarar, félagsgreinakennarar og stærðfræðigreinarakennarar hafa síður þurft að vinna meira til þess að fá sömu laun (23-36%).

3.3. Mikilvægustu þættir vinnumatsins

Til þess að meta hvaða þætti svarendur teldu vera mikilvægasta varðandi vinnumat voru þeir beðnir um að taka afstöðu til þeir þátta sem tilgreindir eru í kjarasamningum. Spurningin hljóðaði svo: *Í 7. grein gildandi kjarasamnings frá 4. apríl 2014 er fjallað um þætti sem nýtt vinnumat á að ná yfir. Hversu mikilvægir finnst þér að eftirfarandi þættir eigi að vera í slíku mati? Svörin eru birt hér að neðan í töflum 12-21.* Meðaltal er táknað með μ og var það reiknað þannig út að möguleikinn mjög léttvægur fékk gildið 1, frekar léttvægur (2), hvorki né (3), frekar mikilvægur (4) og mjög mikilvægur (5).

Tafla 13 Undirbúningur

		Mjög mikilvægur	Frekar mikilvægur	Hvorki né	Frekar léttvægur	Mjög léttvægur	μ	N
	Alls	51%	37%	8%	1%	3%	4,32	679
Kyn***	Karl	40%	42%	12%	2%	3%	4,14	265
	Kona	58%	33%	6%	1%	2%	4,44	405
Starfsaldur	Minni en 2 ár	70%	30%	0%	0%	0%	4,70	23
	3-5 ár	51%	38%	9%	0%	2%	4,35	89
	6-10 ár	49%	38%	7%	2%	4%	4,27	138
	11-20 ár	52%	35%	9%	1%	3%	4,32	238
	21-30 ár	48%	36%	12%	2%	2%	4,25	122
	Meiri en 31 ár	53%	38%	6%	1%	1%	4,40	68
Fjöldi nemenda	Færri en 250	47%	37%	14%	0%	2%	4,28	57
	251-500	51%	33%	15%	1%	0%	4,33	67
	501-1000	52%	37%	7%	2%	3%	4,33	274
	Fleiri en 1000	50%	38%	8%	1%	3%	4,31	268
Skólagerð	Áfangakerfi	50%	37%	9%	2%	3%	4,30	516
	Bekkjarkerfi	56%	37%	4%	1%	2%	4,45	107
	Blandað	51%	34%	15%	0%	0%	4,36	47
Staðsetning	Höfuðborgarsvæðið	53%	37%	6%	1%	3%	4,35	388
	Landsbyggð	48%	38%	11%	1%	2%	4,29	270
Grein***	Erlend tungumál	56%	33%	7%	1%	3%	4,39	110
	Félagsgreinar	64%	32%	4%	0%	0%	4,59	69
	Íslenska	55%	38%	6%	1%	0%	4,46	69
	Íþróttir	32%	37%	21%	5%	5%	3,84	19
	Listnám	63%	37%	0%	0%	0%	4,63	27
	Raungreinar	44%	46%	6%	0%	3%	4,29	63
	Starfsbraut	77%	23%	0%	0%	0%	4,77	31
	Stærðfræði	41%	49%	5%	0%	5%	4,21	39
	Verknám	37%	37%	17%	3%	5%	3,98	59
	Viðskiptagreinar	33%	56%	11%	0%	0%	4,22	9
	Tölvugreinar	64%	27%	9%	0%	0%	4,55	11
	Annað	0%	33%	33%	0%	33%	2,67	6
	Fleiri en ein	48%	37%	11%	2%	2%	4,25	167

* = $p < 0,05 \geq 0,01$; ** = $p < 0,01 \geq 0,001$; *** = $p < 0,001$

Samkvæmt meðaltaseinkunn þar sem svarmöguleikinn mjög mikilvægt fær gildið fimm og mjög léttvægt gildið einn fékk þessi þáttur, undirbúningur hæstu einkunnina eða 4,32. Rétt rúmlega helmingur svarenda taldi þennan hluta eiga að vera mjög mikilvægan. Athyglisvert er að munur er á milli kynjanna, 58% kvenna telja þennan þátt mjög mikilvægan og 40% karla¹. Kennurum með minnstan starfsaldur finnst þessi þáttur mikilvægari en öðrum, 70% þeirra sem unnið hafa í minna en tvö ár telja hann mjög mikilvægan og aðrir frekar mikilvægan. Þegar horft er til kennslugreina sést að næstum þrjú af hverjum fjórum kennurum á starfsbraut telja þennan þátt mjög mikilvægan og tæplega tveir af hverjum þremur kennurum félagsgreina, tölvugreina og listnáms. Íþróttakennarar og verknámskennarar meta þennan þátt léttvægari en aðrir hópar en flestir þar telja hann samt sem áður vera mikilvægan.

¹ Þess ber þó að geta að konur gáfu flestum þáttunum hærri mikilvægiseinkunn en karlar.

Tafla 14 Gerð og samsetning nemendahóps

		Mjög mikilvægur	Frekar mikilvægur	Hvorki né	Frekar léttvægur	Mjög léttvægur	μ	N
	Alls	49%	33%	11%	3%	3%	4,23	672
Kyn***	Karl	42%	35%	14%	5%	4%	4,05	263
	Kona	54%	33%	10%	2%	2%	4,36	400
Starfsaldur	Minni en 2 ár	36%	36%	23%	5%	0%	4,05	22
	3-5 ár	44%	40%	11%	3%	1%	4,23	90
	6-10 ár	46%	34%	13%	3%	5%	4,12	136
	11-20 ár	56%	29%	10%	3%	3%	4,33	233
	21-30 ár	51%	34%	10%	4%	2%	4,28	122
	Meiri en 31 ár	41%	40%	13%	4%	1%	4,15	68
Fjöldi nemenda	Færri en 250	63%	20%	14%	0%	3%	4,39	59
	251-500	61%	27%	6%	4%	1%	4,42	67
	501-1000	45%	36%	11%	5%	3%	4,13	265
	Fleiri en 1000	47%	36%	13%	2%	2%	4,25	269
Skólagerð*	Áfangakerfi	53%	32%	10%	3%	3%	4,06	520
	Bekkjarkerfi	32%	42%	20%	3%	2%	3,44	99
	Blandað	39%	41%	13%	7%	0%	3,80	46
Staðsetning*	Höfuðborgarsvæðið	44%	37%	13%	3%	3%	3,89	379
	Landsbyggð	55%	29%	10%	4%	2%	4,01	271
Grein***	Erlend tungumál	51%	36%	10%	2%	1%	4,35	105
	Félagsgreinar	53%	31%	10%	6%	0%	4,31	70
	Íslenska	51%	44%	3%	0%	1%	4,44	68
	Íþróttir	32%	26%	26%	0%	16%	3,58	19
	Listnám	62%	23%	15%	0%	0%	4,46	26
	Raungreinar	29%	43%	22%	3%	3%	3,90	63
	Starfsbraut	88%	6%	6%	0%	0%	4,81	32
	Stærðfræði	55%	26%	11%	3%	5%	4,24	38
	Verknám	35%	37%	17%	7%	5%	3,90	60
	Viðskiptagreinar	22%	56%	22%	0%	0%	4,00	9
	Tölvugreinar	82%	9%	9%	0%	0%	4,73	11
	Annað	0%	60%	0%	20%	20%	3,00	5
	Fleiri en ein	51%	33%	9%	5%	2%	4,25	166

* = p < 0,05 ≥ 0,01; ** = p < 0,01 ≥ 0,001; *** = p < 0,001

Gerð og samsetning nemendahóps fékk meðaltalseinkunnina 4,24. Um það bil helmingur svaranda taldi þennan þátt vera mjög mikilvægur, 52% kvenna og 42% karla. Yngstu kennararnir töldu þennan þátt léttvægari en öðrum en meira en helmingur kennara með starfsaldur frá 11 til 30 ár töldu hann mjög mikilvægur. Kennarar í fámennari skólunum og með áfangakerfi mátu þennan þátt mikilvægari en þeir sem eru í bekkjarkerfi og í fjölmennari skólunum. Þá mátu kennarar á landsbyggðinni þennan þátt mikilvægari en þeir sem starfa á höfuðborgarsvæðinu. Þegar þessi þáttur er flokkaður eftir kennslugreinum sýnir það sig að kennurum á starfsbrautum finnst hann ætti að vera mjög mikilvægur sem og í tölvugreinum.

Íþróttakennarar, raungreina- og verknámskennarar mátu hann léttvægari, 16% íþróttakennara töldu hann mjög léttvægan.

Tafla 15 Námsmat

		Mjög mikilvægur	Frekar mikilvægur	Hvorki né	Frekar léttvægur	Mjög léttvægur	μ	N
	Alls	38%	37%	18%	4%	4%	4,00	666
Kyn***	Karl	29%	37%	24%	6%	5%	3,80	263
	Kona	43%	37%	14%	3%	3%	4,14	397
Starfsaldur	Minni en 2 ár	43%	39%	13%	4%	0%	4,22	23
	3-5 ár	36%	40%	20%	1%	3%	4,03	86
	6-10 ár	41%	30%	18%	5%	6%	3,95	137
	11-20 ár	37%	39%	16%	3%	4%	4,03	231
	21-30 ár	34%	36%	22%	5%	2%	3,94	121
	Meiri en 31 ár	37%	39%	15%	7%	1%	4,03	67
Fjöldi nemenda	Færri en 250	49%	32%	14%	2%	4%	4,21	57
	251-500	45%	31%	18%	6%	0%	4,15	67
	501-1000	33%	39%	18%	4%	6%	3,91	266
	Fleiri en 1000	36%	38%	18%	4%	3%	4,01	265
Skólagerð*	Áfangakerfi	35%	39%	18%	5%	4%	3,95	509
	Bekkjarkerfi	45%	38%	13%	1%	3%	4,22	104
	Blandað	46%	22%	28%	4%	0%	4,09	46
Staðsetning	Höfuðborgarsvæðið	39%	38%	16%	3%	4%	4,06	379
	Landsbyggð	34%	38%	19%	5%	4%	3,93	268
Grein***	Erlend tungumál	51%	29%	16%	2%	3%	4,23	108
	Félagsgreinar	46%	38%	9%	7%	0%	4,22	68
	Íslenska	49%	40%	7%	3%	1%	4,31	68
	Íþróttir	26%	37%	11%	16%	11%	3,53	19
	Listnám	42%	35%	23%	0%	0%	4,19	26
	Raungreinar	32%	39%	21%	3%	5%	3,90	62
	Starfsbraut	29%	57%	7%	7%	0%	4,07	28
	Stærðfræði	30%	41%	22%	3%	5%	3,86	37
	Verknám	23%	38%	30%	2%	7%	3,70	60
	Víðskiptagreinar	20%	30%	40%	0%	10%	3,50	10
	Tölvugreinar	50%	40%	10%	0%	0%	4,40	10
	Annað	0%	17%	33%	17%	33%	2,33	6
	Fleiri en ein	34%	36%	21%	5%	4%	3,91	164

* = p < 0,05 ≥ 0,01; ** = p < 0,01 ≥ 0,001; *** = p < 0,001

Námsmat var með meðaleinkunn upp á 4,0. 43% kvenna töldu þennan þátt mjög mikilvægan en aðeins 29% karla. Einnig var hann metinn mikilvægari af svarendum úr fámennari skólunum (færri en 500 nemendur) og þar sem bekkjarkerfi er eða blönduð skólagerð. Um það bil helmingur svarenda í erlendum tungumálum, tölvugreinum og íslensku töldu þennan þátt mjög mikilvægan. Hæsta meðaltalseinkunnin var hjá tölvugreinakennurum, 4,40 en 27% íþróttakennara töldu þennan þátt vera léttvægan.

Tafla 16 Nemendafjöldi

		Mjög mikilvægur	Frekar mikilvægur	Hvorki né	Frekar léttvægur	Mjög léttvægur	μ	N
	Alls	46%	27%	12%	7%	8%	3,97	678
Kyn	Karl	47%	26%	12%	7%	8%	3,96	268
	Kona	47%	28%	12%	6%	8%	4,00	402
Starfsaldur	Minni en 2 ár	45%	35%	5%	10%	5%	4,05	20
	3-5 ár	39%	27%	12%	10%	11%	3,73	89
	6-10 ár	46%	20%	20%	4%	9%	3,90	140
	11-20 ár	49%	27%	11%	4%	9%	4,03	234
	21-30 ár	46%	28%	14%	9%	3%	4,05	123
	Meiri en 31 ár	42%	38%	4%	10%	6%	4,01	71
Fjöldi nemenda***	Færri en 250	49%	20%	12%	10%	8%	3,92	59
	251-500	43%	19%	18%	7%	12%	3,75	67
	501-1000	51%	27%	11%	4%	7%	4,10	270
	Fleiri en 1000	42%	31%	11%	8%	8%	3,92	270
Skólagerð	Áfangakerfi	42%	27%	14%	8%	9%	3,87	516
	Bekkjarkerfi	66%	23%	5%	3%	4%	4,44	106
	Blandað	40%	40%	11%	4%	4%	4,09	47
Staðsetning*	Höfuðborgarsvæðið	48%	28%	11%	7%	6%	4,04	384
	Landsbyggð	44%	25%	15%	6%	10%	3,88	272
Grein***	Erlend tungumál	45%	34%	13%	2%	6%	4,09	109
	Félagsgreinar	61%	25%	3%	7%	4%	4,31	71
	Íslenska	65%	23%	7%	3%	1%	4,48	69
	Íþróttir	32%	21%	11%	16%	21%	3,26	19
	Listnám	54%	19%	15%	4%	8%	4,08	26
	Raungreinar	45%	29%	9%	9%	8%	3,94	65
	Starfsbraut	39%	14%	25%	14%	7%	3,64	28
	Stærðfræði	38%	40%	5%	10%	8%	3,90	40
	Verknám	31%	17%	25%	7%	20%	3,31	59
	Viðskiptagreinar	20%	70%	0%	0%	10%	3,90	10
	Tölvugreinar	22%	11%	33%	22%	11%	3,11	9
	Annað	0%	17%	50%	0%	33%	2,50	6
	Fleiri en ein	47%	28%	12%	7%	7%	4,01	167

* = p < 0,05 ≥ 0,01; ** = p < 0,01 ≥ 0,001; *** = p < 0,001

Þegar spurt var um nemendafjölda var ekki marktækur munur á milli kynja og heilt yfir virtust bakgrunnsbreytur ekki hafa mikil áhrif á svörin. Meðaltalið var 3,97 og ekki margir sem fóru langt frá þeirri tölu. Helst má nefna að kennarar í bekkjarkerfi mátu þennan þátt mikilvægari heldur en kennarar í áfangakerfi og svarendur á höfuðborgarsvæðinu töldu hann örlítið mikilvægari en kennarar á landsbyggðinni. Ef svörin eru flokkuð eftir kennslugreinum sjást skarpari skil. Tveir þriðju íslenskukennara telja þennan þátt vera mjög mikilvæg og 61% félagsgreinakennara. Meira en helmingur listnámskennara tekur í sama streng. Þriðjungur íþróttakennara telja þennan þátt vera léttvæg.

Tafla 17 Námsefni

		Mjög mikilvægur	Frekar mikilvægur	Hvorki né	Frekar léttvægur	Mjög léttvægur	μ	N
	Alls	51%	37%	8%	1%	3%	4,32	679
Kyn**	Karl	40%	42%	12%	2%	3%	4,14	265
	Kona	58%	33%	6%	1%	2%	4,44	405
Starfsaldur	Minni en 2 ár	70%	30%	0%	0%	0%	4,70	23
	3-5 ár	51%	38%	9%	0%	2%	4,35	89
	6-10 ár	49%	38%	7%	2%	4%	4,27	138
	11-20 ár	52%	35%	9%	1%	3%	4,32	238
	21-30 ár	48%	36%	12%	2%	2%	4,25	122
	Meiri en 31 ár	53%	38%	6%	1%	1%	4,40	68
Fjöldi nemenda	Færri en 250	47%	37%	14%	0%	2%	4,28	57
	251-500	51%	33%	15%	1%	0%	4,33	67
	501-1000	52%	37%	7%	2%	3%	4,33	274
	Fleiri en 1000	50%	38%	8%	1%	3%	4,31	268
Skólagerð	Áfangakerfi	50%	37%	9%	2%	3%	4,30	516
	Bekkjarkerfi	56%	37%	4%	1%	2%	4,45	107
	Blandað	51%	34%	15%	0%	0%	4,36	47
Staðsetning	Höfuðborgarsvæðið	53%	37%	6%	1%	3%	4,35	388
	Landsbyggð	48%	38%	11%	1%	2%	4,29	270
Grein***	Erlend tungumál	38%	30%	26%	4%	3%	3,95	104
	Félagsgreinar	37%	34%	21%	7%	1%	3,97	68
	Íslenska	35%	36%	22%	3%	4%	3,94	69
	Íþróttir	26%	26%	16%	21%	11%	3,37	19
	Listnám	52%	24%	20%	4%	0%	4,24	25
	Raungreinar	31%	36%	28%	3%	2%	3,92	64
	Starfsbraut	74%	16%	6%	3%	0%	4,61	31
	Stærðfræði	24%	42%	24%	3%	8%	3,71	38
	Verknám	41%	31%	22%	0%	7%	3,98	59
	Viðskiptagreinar	22%	56%	22%	0%	0%	4,00	9
	Tölvugreinar	73%	18%	0%	0%	9%	4,45	11
	Annað	0%	17%	33%	17%	33%	2,33	6
	Fleiri en ein	42%	34%	16%	7%	1%	4,10	164

* = p < 0,05 ≥ 0,01; ** = p < 0,01 ≥ 0,001; *** = p < 0,001

Námsefni fékk meðaltalið 4,0 sem samsvarar *frekar mikilvægur*. Konur telja þennan þátt vera mikilvægari en körlum og kennurum með minnstu starfsreynsluna finnst hann skipta meira máli en öðrum, 48% þeirra telja hann vera *mjög mikilvægur*. Reynslumestu kennararnir meta hann einnig mjög hátt eða að meðaltali upp á 4,15. Skólar með færri en 250 nemendur gefa hæstu meðaltalseinkunina, 4,16 og þeir fjölmennustu næst hæstu 4,08. Svarendur á höfuðborgarsvæðinu meta þennan þátt heldur hærri en þeir sem eru utan höfuðborgarsvæðisins.

Tafla 18 Einingafjöldi

		Mjög mikilvægur	Frekar mikilvægur	Hvorki né	Frekar léttvægur	Mjög léttvægur	μ	N
	Alls	38%	36%	17%	5%	4%	4,01	632
Kyn	Karl	41%	33%	16%	5%	4%	4,02	254
	Kona	37%	38%	17%	5%	3%	4,01	372
Starfsaldur	Minni en 2 ár	40%	60%	0%	0%	0%	4,40	20
	3-5 ár	39%	33%	21%	5%	2%	4,01	85
	6-10 ár	32%	38%	19%	4%	7%	3,84	134
	11-20 ár	39%	37%	17%	4%	3%	4,05	218
	21-30 ár	39%	34%	17%	8%	2%	4,02	114
	Meiri en 31 ár	42%	32%	16%	6%	3%	4,03	62
Fjöldi nemenda	Færri en 250	38%	34%	17%	7%	3%	3,97	58
	251-500	36%	36%	13%	7%	8%	3,85	61
	501-1000	37%	35%	20%	4%	4%	3,97	249
	Fleiri en 1000	40%	39%	15%	4%	2%	4,11	255
Skólagerð	Áfangakerfi	38%	36%	17%	5%	4%	3,98	487
	Bekkjarkerfi	44%	35%	18%	1%	2%	4,17	94
	Blandað	34%	45%	13%	9%	0%	4,04	47
Staðsetning	Höfuðborgarsvæðið	40%	36%	16%	5%	3%	4,06	355
	Landsbyggð	35%	38%	18%	5%	5%	3,93	260
Grein**	Erlend tungumál	37%	37%	21%	4%	1%	4,05	97
	Félagsgreinar	48%	39%	9%	3%	0%	4,33	66
	Íslenska	38%	43%	13%	3%	3%	4,10	63
	Íþróttir	21%	32%	26%	21%	0%	3,53	19
	Listnám	48%	36%	16%	0%	0%	4,32	25
	Raungreinar	43%	37%	13%	3%	5%	4,10	63
	Starfsbraut	26%	26%	19%	11%	19%	3,30	27
	Stærðfræði	31%	31%	23%	9%	6%	3,74	35
	Verknám	42%	35%	14%	2%	7%	4,04	57
	Viðskiptagreinar	33%	22%	22%	22%	0%	3,67	9
	Tölvugreinar	40%	20%	40%	0%	0%	4,00	10
	Annað	0%	67%	17%	0%	17%	3,33	6
	Fleiri en ein	39%	37%	16%	5%	3%	4,03	155

* = $p < 0,05 \geq 0,01$; ** = $p < 0,01 \geq 0,001$; *** = $p < 0,001$

Almennt séð þykir kennurum þessi þáttur mjög eða frekar mikilvægur. Einingafjöldi fær hæstu einkunnina hjá kennurum með minna en tveggja ára starfsreynslu en lægsta hjá þeim sem hafa starfað í 6-10 ár. Svarendur í skólum með meira en 1000 nemendur telja þennan þátt skipta miklu máli og fær hann heldur hærri einkunn þar en í öðrum skólum. Félagsgreinkennarar telja þennan þátt mikilvægan og gefa einkunnina 4,33 og listnámskennarar einkunnina 4,32. Þessi þáttur telst léttvægari hjá starfsbrautakennurum en 19% þeirra telja hann mjög léttvægan og 11% frekar léttvægan.

Tafla 19 Fjöldi námsefna

		Mjög mikilvægur	Frekar mikilvægur	Hvorki né	Frekar léttvægur	Mjög léttvægur	μ	N
	Alls	36%	33%	20%	5%	6%	3,90	633
Kyn*	Karl	30%	32%	24%	7%	7%	3,71	259
	Kona	40%	35%	18%	4%	4%	4,02	368
Starfsaldur	Minni en 2 ár	37%	42%	11%	11%	0%	4,05	19
	3-5 ár	32%	24%	33%	5%	6%	3,70	79
	6-10 ár	33%	34%	21%	5%	7%	3,82	131
	11-20 ár	36%	39%	15%	4%	6%	3,95	220
	21-30 ár	41%	27%	21%	5%	6%	3,92	116
	Meiri en 31 ár	34%	36%	25%	4%	0%	4,00	67
Fjöldi nemenda	Færri en 250	35%	28%	22%	9%	6%	3,78	54
	251-500	37%	32%	25%	3%	2%	4,00	59
	501-1000	35%	33%	20%	7%	5%	3,85	255
	Fleiri en 1000	35%	37%	20%	2%	6%	3,91	254
Skólagerð*	Áfangakerfi	34%	33%	22%	5%	6%	3,84	482
	Bekkjarkerfi	43%	37%	13%	2%	5%	4,12	102
	Blandað	35%	37%	23%	5%	0%	4,02	43
Staðsetning**	Höfuðborgarsvæðið	40%	35%	16%	4%	5%	4,01	362
	Landsbyggð	29%	32%	27%	6%	6%	3,73	252
Grein***	Erlend tungumál	38%	39%	16%	2%	5%	4,03	100
	Félagsgreinar	36%	33%	19%	9%	3%	3,90	67
	Íslenska	42%	38%	15%	2%	3%	4,14	65
	Íþróttir	21%	21%	26%	26%	5%	3,26	19
	Listnám	29%	38%	25%	8%	0%	3,88	24
	Raungreinar	42%	20%	32%	2%	3%	3,97	59
	Starfsbraut	43%	36%	14%	4%	4%	4,11	28
	Stærðfræði	32%	27%	19%	14%	8%	3,62	37
	Verknám	27%	30%	27%	5%	11%	3,57	56
	Viðskiptagreinar	56%	44%	0%	0%	0%	4,56	9
	Tölvugreinar	20%	20%	40%	0%	20%	3,20	10
	Annað	0%	17%	33%	17%	33%	2,33	6
	Fleiri en ein	37%	37%	18%	3%	6%	3,96	153

* = $p < 0,05 \geq 0,01$; ** = $p < 0,01 \geq 0,001$; *** = $p < 0,001$

Þegar spurt var um fjölda námsefna töldu 36% að hann ætti að vera *mjög mikilvægur* og þriðjungur *frekar mikilvægur*. Konur töldu þetta vera mikilvægari þátt en karlar. Talsverður munur var á milli þeirra sem starfa í bekkjarskóla og þeirra sem eru í áfangakerfisskóla. 80% svarenda úr bekkjarskólunum taldi þennan þátt vera *mjög* eða *frekar mikilvægur* en 67% þeirra sem starfa samkvæmt áfangakerfi. Kennarar úr viðskiptagreinum mátu þennan þátt *mjög mikilvægur* eða *frekar mikilvægur* og gáfu meðaleinkunnina 4,56. Þess ber þó að geta að fá svör eru þar á bak við og ber því að taka með fyrirvara. Íslenskukennarar og þeir sem

kenna á starfsbraut gáfu þessum þætti einnig fremur háa meðaltalseinkunn. Tölvugreina- og íþróttakennarar gáfu frekar lága einkunn.

Tafla 20 Kennsluhættir

		Mjög mikilvægur	Frekar mikilvægur	Hvorki né	Frekar léttvægur	Mjög léttvægur	μ	N
	Alls	31%	36%	22%	5%	6%	3,81	659
Kyn*	Karl	27%	37%	22%	8%	6%	3,72	258
	Kona	34%	35%	22%	4%	6%	3,87	395
Starfsaldur	Minni en 2 ár	33%	29%	24%	14%	0%	3,81	21
	3-5 ár	29%	39%	25%	6%	1%	3,89	85
	6-10 ár	32%	38%	19%	3%	9%	3,80	133
	11-20 ár	30%	37%	20%	5%	7%	3,79	235
	21-30 ár	29%	31%	25%	8%	6%	3,70	119
	Meiri en 31 ár	39%	30%	24%	3%	3%	4,00	66
Fjöldi nemenda**	Færri en 250	41%	39%	15%	3%	2%	4,14	59
	251-500	45%	30%	17%	5%	3%	4,11	66
	501-1000	26%	37%	24%	6%	7%	3,68	258
	Fleiri en 1000	30%	36%	22%	5%	6%	3,79	263
Skólagerð**	Áfangakerfi	32%	37%	21%	5%	5%	3,86	507
	Bekkjarkerfi	27%	32%	23%	7%	10%	3,60	99
	Blandað	28%	37%	28%	4%	2%	3,85	46
Staðsetning	Höfuðborgarsvæðið	31%	36%	21%	5%	6%	3,80	373
	Landsbyggð	30%	37%	23%	5%	5%	3,82	265
Grein***	Erlend tungumál	36%	34%	23%	3%	4%	3,96	102
	Félagsgreinar	34%	41%	18%	6%	1%	4,00	68
	Íslenska	32%	39%	16%	6%	7%	3,83	69
	Íþróttir	26%	32%	26%	11%	5%	3,63	19
	Listnám	38%	31%	27%	4%	0%	4,04	26
	Raungreinar	22%	35%	29%	6%	8%	3,57	63
	Starfsbraut	53%	31%	16%	0%	0%	4,38	32
	Stærðfræði	9%	33%	33%	12%	12%	3,15	33
	Verknám	25%	34%	25%	5%	10%	3,59	59
	Víðskiptagreinar	20%	30%	40%	0%	10%	3,50	10
	Tölvugreinar	50%	20%	20%	10%	0%	4,10	10
	Annað	0%	33%	33%	0%	33%	2,67	6
	Fleiri en ein	32%	38%	18%	6%	6%	3,85	162

* = $p < 0,05 \geq 0,01$; ** = $p < 0,01 \geq 0,001$; *** = $p < 0,001$

Kennsluhættir er með meðaltalseinkunnina 3,81 sem er ekki mjög hátt miðað við aðra flokka. Reynt slumestu kennararnir meta þátt örlítið hærra en aðrir og svarendur með 500 nemendur eða færri meta þennan þátt mikilvægari heldur en þeir sem hafa fleiri en 500, að öðru leyti er meðaltalið víðast svipað. Ríflega helmingur kennara á starfsbraut metur þennan þátt mjög mikilvægan en aðeins 9% stærðfræðikennara.

Tafla 21 Hæfniprep

		Mjög mikilvægur	Frekar mikilvægur	Hvorki né	Frekar léttvægur	Mjög léttvægur	μ	N
	Alls	17%	28%	26%	13%	16%	3,18	654
Kyn**	Karl	14%	30%	23%	15%	18%	3,08	261
	Kona	19%	27%	28%	11%	14%	3,27	387
Starfsaldur	Minni en 2 ár	20%	45%	15%	20%	0%	3,65	20
	3-5 ár	12%	35%	30%	12%	12%	3,23	86
	6-10 ár	18%	28%	23%	14%	18%	3,14	137
	11-20 ár	16%	26%	25%	13%	20%	3,06	228
	21-30 ár	18%	24%	30%	14%	15%	3,15	118
	Meiri en 31 ár	23%	28%	31%	11%	8%	3,48	65
	Fjöldi nemenda	Færri en 250	19%	19%	31%	17%	15%	3,08
251-500		16%	30%	19%	14%	22%	3,03	64
501-1000		19%	30%	23%	14%	15%	3,25	262
Fleiri en 1000		15%	29%	30%	10%	15%	3,18	259
Skólagerð**	Áfangakerfi	16%	27%	26%	14%	17%	3,11	503
	Bekkjarkerfi	21%	34%	26%	10%	8%	3,51	99
	Blandað	13%	36%	26%	15%	11%	3,26	47
Staðsetning	Höfuðborgarsvæðið	19%	28%	27%	12%	14%	3,25	375
	Landsbyggð	14%	29%	24%	14%	19%	3,07	259
Grein*	Erlend tungumál	22%	30%	26%	9%	13%	3,38	104
	Félagsgreinar	16%	40%	15%	21%	7%	3,37	67
	Íslenska	21%	29%	18%	15%	18%	3,21	68
	Íþróttir	6%	17%	28%	28%	22%	2,56	18
	Listnám	30%	11%	26%	15%	19%	3,19	27
	Raungreinar	14%	29%	34%	9%	14%	3,20	65
	Starfsbraut	7%	15%	30%	15%	33%	2,48	27
	Stærðfræði	15%	28%	33%	15%	10%	3,23	40
	Verknám	12%	36%	26%	9%	17%	3,17	58
	Viðskiptagreinar	10%	30%	40%	10%	10%	3,20	10
	Tölvugreinar	11%	11%	44%	0%	33%	2,67	9
	Annað	0%	17%	17%	17%	50%	2,00	6
	Fleiri en ein	19%	26%	27%	13%	15%	3,21	155

* = $p < 0,05 \geq 0,01$; ** = $p < 0,01 \geq 0,001$; *** = $p < 0,001$

Hæfniprep fengu ekki háa meðaleinkunn miðað við aðra flokka, 3,18. Um það bil jafn mörgum fannst þessi þáttur vera *mjög mikilvægur* og *mjög léttvægur*. Svarendur úr bekkjarkerfi töldu þetta mikilvægara en þeim sem starfa í áfangakerfi. Þegar litið er til einstakra kennslugreina sést að fleiri þeirra sem kenna íþróttir, tölvugreinar eða á starfsbrautum telja að þetta atriði ætti að vera léttvægt en mikilvægt.

Tafla 22 Endurteknir áfangar


		Mjög mikilvægur	Frekar mikilvægur	Hvorki né	Frekar léttvægur	Mjög léttvægur	μ	N
	Alls	10%	23%	31%	14%	23%	2,85	644
Kyn	Karl	10%	19%	34%	13%	25%	2,77	256
	Kona	10%	25%	29%	14%	21%	2,90	381
Starfsaldur	Minni en 2 ár	15%	40%	30%	5%	10%	3,45	20
	3-5 ár	10%	30%	31%	12%	18%	3,01	84
	6-10 ár	8%	22%	30%	14%	26%	2,73	133
	11-20 ár	8%	22%	32%	14%	24%	2,77	222
	21-30 ár	13%	18%	29%	11%	29%	2,73	119
	Meiri en 31 ár	15%	17%	37%	22%	9%	3,08	65
Fjöldi nemenda	Færri en 250	10%	24%	33%	17%	16%	2,97	58
	251-500	13%	24%	38%	6%	19%	3,05	63
	501-1000	9%	23%	31%	12%	25%	2,77	256
	Fleiri en 1000	10%	23%	29%	16%	22%	2,82	255
Skólagerð	Áfangakerfi	10%	23%	31%	14%	23%	2,82	491
	Bekkjarkerfi	10%	23%	34%	11%	23%	2,86	102
	Blandað	9%	24%	36%	9%	22%	2,89	45
Staðsetning	Höfuðborgarsvæðið	12%	24%	29%	12%	24%	2,89	365
	Landsbyggð	7%	20%	36%	16%	22%	2,74	260
Grein*	Erlend tungumál	15%	25%	28%	12%	20%	3,04	104
	Félagsgreinar	11%	42%	23%	8%	17%	3,23	66
	Íslenska	9%	25%	35%	18%	13%	2,99	68
	Íþróttir	0%	16%	26%	16%	42%	2,16	19
	Listnám	12%	12%	48%	12%	16%	2,92	25
	Raungreinar	3%	26%	27%	18%	26%	2,63	62
	Starfsbraut	12%	12%	31%	19%	27%	2,62	26
	Stærðfræði	3%	8%	39%	18%	32%	2,32	38
	Verknám	14%	24%	29%	2%	32%	2,85	59
	Viðskiptagreinar	0%	22%	44%	11%	22%	2,67	9
	Tölvugreinar	22%	0%	33%	11%	33%	2,67	9
	Annað	0%	0%	50%	17%	33%	2,17	6
	Fleiri en ein	12%	21%	30%	16%	21%	2,86	153

* = p < 0,05 ≥ 0,01; ** = p < 0,01 ≥ 0,001; *** = p < 0,001

Þessi þáttur er sá eini sem sem fleiri telja léttvægan en mikilvægan. Þriðjungur telur hann vera mikilvægan en 37% léttvægan, 31% svöruðu hvorki né. Svarendur með minnstu starfsreynsluna mátu þennan þátt mikilvægari en aðrir, 55% þeirra töldu hann mikilvægan en aðeins 15% léttvægan. Þeir sem hafa starfað í 6-30 ár gefa svipaða einkunn en um 30% í þeim hópi telja þennan þátt vera mikilvægan en tæp 40% léttvægan. Tæplega fjórðungur svaranda taldi þennan þátt vera léttvægan. 42% íþróttakennara töldu að þessi þáttur ætti að metast mjög léttvægt en hlutfallið var einnig mjög hátt til að mynda hjá stærðfræði- og verknámskennurum.

Tafla 23 Mikilvægustu þættir vinnumatsins

	Mjög mikilvægur	Frekar mikilvægur	Hvorki né léttvægur	Frekar léttvægur	Mjög léttvægur	μ	N
Undirbúningur	51%	37%	9%	1%	3%	4,32	670
Gerð og samsetning	49%	34%	12%	3%	3%	4,23	663
Námsmat	37%	37%	18%	4%	4%	4,01	660
Einingafjöldi	38%	36%	17%	5%	4%	4,01	626
Námsefni	39%	32%	21%	5%	3%	4,00	659
Nemendafjöldi	47%	27%	12%	6%	8%	3,98	670
Fjöldi námsefna	36%	33%	20%	5%	5%	3,89	627
Kennsluhættir	31%	36%	22%	5%	6%	3,81	653
Hæfniprep	17%	28%	26%	13%	16%	3,19	648
Endurteknir áfangar	10%	23%	31%	13%	23%	2,85	637



Mynd 6 Mikilvægustu þættir vinnumats

Könnunin sýnir að félagsmenn telja *undirbúning* vera mikilvægasta þátt vinnumatsins. Ríflega helmingur svarenda telja hann vera mjög mikilvægur og 37% að hann sé frekar mikilvægur. *Gerð og samsetning nemendahóps* er næst mikilvægasti þátturinn að mati svarenda, 49% telja hann vera mjög mikilvægur og 34% frekar mikilvægur. Næstu þættir þar á eftir þ.e. *námsmat*, *einingafjöldi*, *námsefni* og *nemendafjöldi* fá svipað meðaltal. *Nemendafjöldi* sker sig þó örlítið úr í þeim hópi en fleiri telja hann mjög mikilvægur eða mjög léttvægur heldur en í hinum þáttunum. *Fjöldi námsefna* fær meðaltalið 3,89 og kennsluhættir 3,81. *Hæfniprep* fær næst lægsta meðaltalið en þó eru fleiri sem telja hann mikilvægur heldur en léttvægur. *Endurteknir áfangar* fær lægstu einkunnina og er eini þátturinn sem fleiri meta léttvægur en mikilvægur.

3.4. Framtíðarskipulag vinnumats

Tafla 24 Verði gerðar breytingar á vinnumatinu, til hvaða breytinga finnst þér að það ætti að leiða?

		Færri og einfaldari sýnidæma	Fleiri og nákvæmari sýnidæma	Tek ekki afstöðu	Veit ekki	N
	Alls	32%	26%	27%	16%	688
Kyn	Karl	36%	30%	24%	11%	273
	Kona	29%	23%	29%	19%	401
Starfsaldur	Minni en 2 ár	24%	17%	34%	24%	29
	3-5 ár	28%	22%	28%	22%	92
	6-10 ár	32%	28%	22%	18%	138
	11-20 ár	35%	28%	26%	11%	229
	21-30 ár	29%	25%	34%	12%	121
	Meiri en 31 ár	38%	22%	25%	16%	69
	Fjöldi nemenda	Færri en 250	22%	24%	34%	20%
251-500		31%	20%	38%	11%	65
501-1000		31%	28%	25%	16%	276
Fleiri en 1000		36%	25%	24%	15%	267
Skólagerð	Áfangakerfi	31%	26%	27%	16%	516
	Bekkjarkerfi	35%	24%	26%	15%	105
	Blandað	37%	31%	22%	10%	49
Staðsetning	Höfuðborgarsvæðið	35%	27%	23%	15%	386
	Landsbyggð	27%	25%	33%	15%	270
Grein	Erlend tungumál	33%	21%	29%	18%	107
	Félagsgreinar	37%	20%	33%	10%	70
	Íslenska	24%	27%	37%	12%	67
	Íþróttir	35%	35%	24%	6%	17
	Listnám	34%	17%	17%	31%	29
	Raungreinar	25%	26%	29%	20%	65
	Starfsbraut	10%	40%	40%	10%	30
	Stærðfræði	42%	26%	23%	9%	43
	Verknám	49%	27%	15%	8%	59
	Víðskiptagreinar	64%	0%	18%	18%	11
	Tölvugreinar	0%	50%	38%	13%	8
	Annað	33%	22%	22%	22%	9
	Fleiri en ein	27%	29%	24%	20%	164

Tæplega þriðjungji svarenda finnst rétt að fækka sýnidæmum í kjarasamningum og einfalda þau en um það bil fjórðungur vill fjölga þeim og hafa þau nákvæmari. Þess ber að geta að talsvert stór hluti tekur ekki afstöðu til þess hvort beri að fjölga þeim eða fækka, 27% tóku ekki afstöðu og 16% svöruðu að þau vissu það ekki. Í nánast öllum flokkum voru fleiri sem vildu fækka þeim en fjölga. Reynslumestu kennararnir og þeir sem eru í stærstu skólunum voru

jákvæðastir fyrir því að fækka þeim. Einungis meðal fámennustu skólana voru fleiri sem vildu fjölga sýnidæmunum en munurinn þar var samt sem áður mjög lítill og mjög margir sem ekki tóku afstöðu (54%). Meðal kennara á starfsbraut vildu einungis 10% fækka sýnidæmum en 40% vildu fjölga þeim en helmingur þeirra tók ekki afstöðu eða svaraði *veit ekki*.

Tafla 25 Finnst þér að vinnumat þurfi að taka tillit til fleiri þátta en nefndir eru í 7. grein?

		Já	Nei	Veit ekki	N
	Alls	41%	18%	41%	694
Kyn	Karl	43%	19%	38%	271
	Kona	39%	16%	44%	407
Starfsaldur	Minni en 2 ár	21%	3%	76%	29
	3-5 ár	37%	13%	49%	91
	6-10 ár	46%	20%	34%	138
	11-20 ár	45%	19%	36%	227
	21-30 ár	34%	18%	48%	127
	Meiri en 31 ár	42%	19%	39%	72
Fjöldi nemenda	Færri en 250	40%	19%	40%	57
	251-500	48%	13%	39%	69
	501-1000	41%	19%	40%	277
	Fleiri en 1000	39%	18%	43%	268
Skólagerð	Áfangakerfi	43%	17%	40%	526
	Bekkjarkerfi	35%	22%	43%	106
	Blandað	30%	15%	55%	47
Staðsetning	Höfuðborgarsvæðið	40%	18%	41%	390
	Landsbyggð	41%	17%	42%	273
Grein	Erlend tungumál	32%	19%	48%	108
	Félagsgreinar	40%	15%	45%	73
	Íslenska	29%	20%	51%	69
	Íþróttir	61%	11%	28%	18
	Listnám	48%	14%	38%	29
	Raugreinar	40%	18%	42%	62
	Starfsbraut	69%	0%	31%	32
	Stærðfræði	23%	38%	38%	39
	Verknám	48%	18%	34%	62
	Viðskiptagreinar	20%	30%	50%	10
	Tölvugreinar	67%	0%	33%	9
	Annað	29%	0%	71%	7
Fleiri en ein	43%	18%	38%	168	

Þegar spurt var um hvort vinnumatið þyrfti að taka til fleiri þátta svöruðu 41% því játandi. Jafn margir höfðu ekki sérstaka skoðun á því en 18% töldu ekki ástæðu til þess. Minni skólarnir og þeir sem eru í áfangakerfi voru þeir sem helst töldu ástæðu til þess að bæta fleiri þáttum við. Tæp 70% kennara á starfsbraut töldu að taka þyrfti tillit til fleiri þátta og rétt rúmlega 60% íþróttakennara. Heilt yfir var svörunin mjög mismunandi á milli kennslugreina og skarpari munur en þegar svörin eru flokkuð út frá öðrum breytum.

Opin svör

Í könnuninni voru tvær spurningar með opnum svörum. Fyrri spurningin var: „Hvaða fleiri þátta en þeirra sem nefndir eru í 7. grein finnst þér að vinnumat þurfi að taka tillit til?“ og seinni spurningin var: „Hvernig myndir þú vilja sjá vinnumatið þróast til framtíðar?“ Hægt er að lesa öll svörin í viðauka en þeim hefur verið skipt upp í flokka eftir þeim. Athugið að sum svörin hefðu getað átt heima í fleiri en einum flokki en svo engin svör yrðu tvítekin var valinn sá flokkur sem var talin eiga best við. Hér verður flokkunum lýst og tekin dæmi sem falla undir þá.

Félagsmenn voru spurðir hvort þeir teldu vinnumatið þurfa að taka tillit til fleiri þátta en þeirra sem nefndir eru í 7. grein og svöruðu 284 því játandi eða 36%. Af þessum 284 svöruðu 237 framhaldsspurningunni:

Hvaða fleiri þátta en þeirra sem nefndir eru í 7. grein finnst þér að vinnumat þurfi að taka tillit til?

Í opnu svörunum eru margir þættir nefndir sem ætti að taka tillit til sem eru þegar til staðar í sjöundu greininni. Ellefu svarendur minntust sérstaklega á þetta en fyrsti flokkurinn ber heitið *Fara eftir þeim þáttum sem sjöunda greinin samanstendur af: „Það þarf alls ekki að taka tillit til fleiri þátta heldur en nefndir eru þar. Vandamálið er að það er ekki tekið tillit til mikilvægra þátta sem þar eru nefndir“*. Þó að einungis 11 svör kæmu beint inn á þetta virðist það einkenna önnur svör að þættirnir séu nú þegar til staðar í sjöundu greininni en ekki farið eftir þeim.

Annar flokkurinn *Starfsbraut og samsetning nemendahóps* inniheldur alls 48 svör. Kennarar á starfsbraut er sá hópur sem virðist vera ósáttastur við vinnumatið. Svörin komu inn á að starfsbraut falli illa að núverandi vinnumati, sérstaklega í ljósi þess að vinnumatið snýst mikið um fjölda nemenda. Að þeirra mati tekur vinnumatið ekki nægilega mikið tillit til sérkennslu:

Á starfsbraut skiptir þyngd hvers nemenda mestu máli. Það eru til flóknir einstaklingar sem þurfa einstaklingskennslu en þá er kennarinn að tapa, þar sem núverandi samningur snýr mikið að fjölda nemenda, en ekki að sérþörfum nemenda. Með núverandi samningi gerðu skólastjórnendur kröfu um fleiri nemendur í hópi sem er óásættanlegt. Nemendur á starfsbraut eru í sérkennslu. Kjarasamningur þarf að taka tillit til þess.

Einnig komu margir inn á að taka mætti meira tillit til samsetningar nemendahópa en meðal nemenda geta verið erfiðir einstaklingar eða jafnvel hópar, sérstaklega í ljósi þess hversu margir hafa einhvers konar greiningar. Þetta getur haft áhrif á allt sem tengist kennslunni: „Nemenda með sérþarfir, greiningar og annað sem tekur aukalega á undirbúning, utanumhald, kennslu og námsmat.“ Nemendasamsetning var því eitthvað sem félagsmenn vildu sjá tekið tillit til í vinnumatinu og þá ekki aðeins kennarar á starfsbraut.

Þriðja þemað er *Vinnan á bakvið verknám og listnám er vanmetin*. Undir þann flokk féllu alls 35 svör. Samkvæmt könnuninni voru 71% af verknámskennurum frekar eða mjög óánægðir með vinnumatið. Svipaða sögu er að segja um listnámskennara en 68% þeirra voru frekar eða mjög óánægðir með vinnumatið. Verknámskennarar töluðu um að undirbúningur fyrir og eftir tíma, eins og t.d. viðhald á stofum og tækjum, sé stórlega vanmetinn í vinnumatinu. Einnig hefur áherslan á að horfa í nemendafjölda mikil áhrif á verknámskennara: „Verkleg kennsla er mjög vanmetin í kerfinu. Bæði undirbúningur fyrir hana og sú mikla áhersla sem er á að nemendafjöldi ráði launum.“ Verknámskennari bætti líka við að mikil ábyrgð er sett á kennara þegar kemur að slysum og virðist ábyrgðin á nemendum öll liggja hjá kennaranum. Í svörunum var einnig minnst á listgreinar en einn kennarinn hafði reynslu af að kenna bæði bóklegt og verklegt:

Ég kenni listgreinar þar sem stöðugt einstaklingsnám á sér stað, ég kenni einnig listasögu þar sem ég þarf að fara yfir ritgerðir. Fæ meira fyrir listasöguna en finnst bæði jafn krefjandi.

Margir minnst á að það sé nauðsynlegt að minnka hámark nemendafjölda í verklegum tímum í vinnumatinu og að það myndi laga stöðu verknámskennara að einhverju leyti.

Næsti flokkur er *Námsefnisgerð, áfangi kenndur í fyrsta skipti og nýir kennarar* en alls féllu 46 svör undir þann flokk. Samkvæmt svörunum þurfa kennarar, sem sjá um áfanga sem ekki hafa ákveðna bók eða fast lesefni, að leggja mikla vinnu í námsefnisgerð. Telja þeir ekki nægilega tekið tillit til þess í sjöundu greininni:

Mér finnst að það þyrfti að auka undirbúningstímann, þar sem mikill tími fer í að finna kennsluefni, t.d. á netinu. Kennslubækur á Íslandi eru ekki nógu góðar og ekki uppfærðar nógu oft. Það fer geysilega mikill tími oft í að leita að einhverju bitastæðu.

Einnig var komið inn á að taka þyrfti meira tillit til nýrra kennara, sem jafnvel ættu að fá kennsluafslátt og að gefa þyrfti meiri tíma fyrir undirbúning þegar kennarar eru að kenna áfanga í fyrsta skipti:

Það vantar að vinnumatið taki tillit til ungra kennara. Það mætti bæta við stikum, eins álagi við kennslu nýrra áfanga, eða veita allra yngstu kennurunum kennsluafslátt. Það vill oft gleymast að vinnumatið eykur við kennsluafslátt þeirra elstu. Nú er komið að þeim yngstu að fá sitt!

Fjöldi nemenda var annað sem félagsmenn minntust á. Í flokkinn sjálfan voru sett 13 svör. Hinsvegar komu fleiri inn á fjölda nemenda í einhverri mynd. Skrifað var um hversu ósanngjarnt það væri að kennsla fámennra bekkja kæmu niður á kennaranum með skerðingu á launum eða jafnvel með því að áfanginn sé felldur niður:

Í litlum skólum úti á landi þá virðist vinnumatskerfið frekar leiða til þess að fámennir áfangar eru felldir niður. Fámenni í skólum getur ekki verið á ábyrgð kennara. Kennarar með stóra hópa fá mun hærra laun en kennarar sem hafa litla hópa. Slíkt hlýtur að teljast mismunun þar sem sum fög eru alltaf fámenn en t.d. skyldufög eins og enska, íslenska, stærðfræði hafa alltaf tryggan nemendafjölda. Það að kennarar sem alltaf fá fámenna hópa séu á lægri launum er gróf mismunun.

Nokkur svör minntust á að litlir skólar úti á landi verða illa úti í vinnumatinu, sérstaklega þegar kemur að nemendafjöldanum og að kennarar þurfi að taka að sér alls kyns vinnu innan skólans til þess að ná upp í 100 % vinnu.

Sjötti flokkurinn er svo *Kennsluhættir og yfirferð* en undir þann flokk voru sett 24 svör. Í þessum svörum kemur fram að vinnumatið mætti bæta við sjöundu greinina þætti sem styður við ólíka kennsluhætti, fjölbreytni og verkefna- prófa yfirferð. Eins og vinnumatið er núna, getur verið hætt á að kennsluhættir verði gamaldags þar sem lítið er stuðst við annað en lokapróf og að sköpun kennara verði ekki mikil:

Vinnumatið ýtir undir gamaldags kennsluhætti. Það styður engan veginn við fjölbreytta kennsluhætti og fjölbreytt námsmat. Því miður styður það að lokapróf sé í áföngum sem er afturför. Vinnumat þarf því að taka tillit til fjölbreyttra kennsluhátta og fjölbreytts námsmats.

Margir félagsmenn töldu mikilvægt að umbuna fyrir kennsluhætti og að gefa þyrfti meiri tíma fyrir yfirferð og undirbúning.

Seinasti flokkurinn er svo *Annað* en þar undir fóru atriði sem ekki tókst að setja undir flokkana hér á undan. Þar eru allskyns þættir sem fólk telur að bæta þurfi við sjöundu greinina, eins og frágangur, hávaðaálag, áreiti (af nemendum og foreldrum), vinnuaðstaða, fjarnám, símat o.fl. Einnig var aðeins komið inn á að þrepin (1, 2 og 3) ættu ekki að koma málinu við því það væri alveg jafn erfitt að kenna ungum nemendum (jafnvel erfiðara) eins og þeim sem eru lengra komnir. Nokkur svör komu einnig inn á að taka þyrfti tillit til endurmenntunar kennara:

Hversu ört fagið breytist og þá þess hversu hratt og mikið kennari þarf að uppfæra þekkingu sína. Aðgangur að endurmenntun mætti líka vera meðal þess sem ætti að taka tillit til.

Endurtöku áfangar var einnig eitthvað sem var minnst á en óánægja er með skerðinguna á þeim: „... og í grunninn finnst mér að skerðing vegna endurtekinna áfanga eigi að reiknast frá þriðju endurtekningu en ekki annarri, þ.e. að grunnlaun miðist við að kennd sé ein endurtekning.“ Í svörunum var einnig komið inn á að kennarar vildu vinnumatið burt og að það þyrfti að taka fjarkennsluna inn í matið.

Hvernig myndir þú vilja sjá vinnumatið þróast til framtíðar?*

Alls svöruðu 434 þessari spurningu og eins og með fyrri opnu spurninguna var svörum þeirra skipt í flokka eftir þemum, sem sjá má í viðauka.

Fyrsti flokkurinn er einfaldlega sá að *Leggja vinnumatið af* en alls 103 svör komu inn á að leggja mætti vinnumatið niður. Margir sögðust bara vilja losna við þetta á meðan að aðrir tilgreindu ástæðuna. Einhverjir minntust á að fara mætti aftur í það fyrirkomulag sem var til staðar fyrir vinnumatið. Ástæðurnar fyrir því að henda ætti vinnumatinu voru nokkrar en mikill munur virðist hafa skapast milli greina með vinnumatinu og því margir sem upplifa óréttlæti. Margir svarenda töldu að verkleg kennsla, starfsbrautarkennsla og íþróttarkennsla falli ekki vel að vinnumatinu og að því þurfi annaðhvort að leggja það af eða gera róttækar breytingar. Vinnumatið virðist vera að valda sundrunu í kennarastéttinni:

Burt með þetta vinnumat sem hefur haft í för með sér aukna vinnu, lægri laun og meiri skerðingar sem er algjörlega óásættanlegt. Vinnumatið hefur leitt til meiri vinnu en ekki launahækkana. Kennarar hafa tapað áunnum réttindum sem barist hefur verið fyrir í mörg ár. Þetta vinnumatskerfi er stórt skref afturábak og hefur ekki gert annað en að valda sundrun í stéttinni og óánægju. Skammarlegt í einu orði sagt. Veit ekki til þess að lækna, hjúkrunarfræðingar, sjúkráþjálfarar, tölvunarfræðingar, flugstjórar og fleiri stéttir fái skerðingu á launum fyrir rútínerað starf svo sem að gera hjartaaðgerð, taka blóðþrýsting á skjólstæðingum sínum, fljúga sömu flugleið aftur og aftur og svona mætti lengi telja, en kennurum er gert að samþykkja það að fá lægri laun fyrir að kenna sama áfangann aftur og aftur, þrátt fyrir að aldrei sé um sömu nemendur að ræða! Hreint út sagt skammarlegt þetta vinnumat í alla staði og ég vil það burt og mun aldrei skrifa undir samninga meðan vinnumat er til staðar.

Hluti svarenda upplifir vinnumatið ósanngjarnt og margir hverjir telja sig hafa orðið fyrir launaskerðingu af þeim sökum. Fáeinir minnast einnig á að vinnumatið geri kennslunni ekki gott þar sem allir tímar eru taldir og gert ráð fyrir frekar fáum tímum þegar kemur að

verkefnayfirferð og því um líkt. Það að launin geti einnig breyst er ekki heillandi tilhugsun fyrir hluta félagsmanna: „*Leggja það niður. Þetta er hvorki námi né kennslu til góða og það myndi engin önnur stétt láta bjóða sér það að launin breytist á hálfis árs fresti.*“

Næsti flokkur *Gera vinnumatið auðveldara, sveigjanlegra, skiljanlegra og gagnsærra* inniheldur 57 svör. Einhverjir félagsmanna telja vinnumatið vera of flókið og illskiljanlegt. Þetta getur orðið til þess að einhverjir kennarar vita í raun ekki hvað þeir eiga von á að fá í laun: „*Mér sýnist það flókið í notkun, eitthvað þarf að einfalda, einnig til að við kennarar skiljum betur á hverju við eigum von í launum.*“ Einnig var komið inn á í svörunum að vinnumatið væri ógagnsætt og þyrftu hlutirnir að vera meira uppi á borðinu:

Vinnumatið er ógagnsætt og eykur starfsóöryggi meðal kennara, a.m.k. í minni skólum. Skylda þyrfti skólastjórnendur til að gefa áætlun um lágmarks starfshlutfall mun fyrr en raunin er (hefur gerst hér við upphaf haustannar).

Í framtíðinni sáu þau þá fyrir sér að vinnumatið yrði auðveldað, gert skiljanlegra og gagnsærra en einnig var farið inn á að það þyrfti að vera sveigjanlegra svo ólíkir skólar (eins og litlir úti á landi) geti lagað sig að vinnumatinu: „*Það þarf að vera mun sveigjanlegra svo hægt sé að laga það að þörfum hvers skóla fyrir sig.*“

Þriðji flokkurinn eða þemað var *Auka jafnrétti* en 59 svör komu að einu eða öðru leyti að jafnréttishugtakinu. Margir kennarar minnast á í opnum svörum sínum að deilur hafi myndast milli kennara og úlfúð gert vart við sig eftir að vinnumatið var sett á laggirnar: „*Draga úr innbyrðis deilum kennara með mishá laun fyrir sömu vinnu.*“ Óánægja virðist ríkja hjá kennurum verklegra greina sem upplifa að vinna þeirra sé ekki jafn mikils metin og þeirra sem kenna bóklega áfanga. Einn svarandinn sem hafði reynslu af hvoru tveggja sagði:

Taka til fleiri þátta en bara nemendafjölda og yfirferð á verkefnum óháð fjölda þeirra í áfanga. Samræma þyrfti lágmarksfjölda verkefna. Koma þarf til móts við aðrar greinar en bóklegar og taka tillit til fjölbreytilegrar vinnu við kennslu verkgreina. Þær eru breytilegar alveg eins og allar bóklegar greinar eru ekki eins. Kenni bæði bóklega og verklega áfanga - finnst hvíld í því að kenna bóklegt í samanburði við verklegt - bæði undirbúning og frágang sem mér finnst ekki verið tekið tillit til í núverandi vinnumati.

Óánægjan eða ójafnréttið sem kennarar upplifa er ekki aðeins á milli bóklegra og verklegra greina heldur einnig innan bóklegra áfanga. Stærðfræðikennarar og jarðfræðikennarar eru sérstaklega að koma verr út úr vinnumatinu heldur en til að mynda íslenskukennarar og það voru ekki aðeins kennarar innan þeirra faga sem minntust á þetta:

Mér finnst óréttlátt að bóknám skuli bara ekki allt vera metið eins. T.d. finnst mér óréttlátt vinnumat raungreinakennara og stærðfræðikennara. Þeir vinna

ekki minna en íslenskukennarar sem eru metnir miklu meira. Tek það fram að ég kenni enga af þessum greinum. En mér fyndist réttlátt að allt bóknám væri metið eins.

Hæfniprepin var einnig eitthvað sem félagsmenn minntust á, nokkrir þeirra töldu ósanngjarnt að borgað væri meira fyrir sérhæfðari áfanga þar sem það væri einnig erfitt að kenna minna sérhæfða áfanga. Í minna sérhæfðu áföngunum geta nemendur verið á ólíkum stað í námsefninu og oft mun erfiðari hópur að kenna. Hinsvegar fóru sum svörin einnig inn á að það mætti ekki láta nemendafjöldann hafa áhrif á áfanga sem er raðað hærra á hæfniprepinu, því ef það eru fáir í tímunum þá er ekki mikil gulrót að kenna sérhæfðari áfanga:

Vinnumatið hefur þau áhrif að það myndast rígur milli kennara um skiptingu áfanga. Laun eftir hæfniprepum er ekki gott því það borgar sig þá að taka áfanga á lægri hæfniprepum því þeir eru fjölmennari og þú færð lítið fyrir sérþekkingu.

Samkvæmt svörunum þarf því að skoða hæfniprepin út frá ólíkum sjónarhornum, annars vegar að borga ekki meira fyrir sérhæfðari áfanga og að passa sig að láta nemendafjölda ekki bitna á þessum sérhæfðu áföngum.

Fjórði flokkurinn, sem alls 69 svör féllu undir, er *Hætta skerðingu launa* en innan þess flokks var aðallega rætt um nemendafjölda, endurtöku áfanga og skerðingu þegar verið er að kenna sama áfangann tveimur ólíkum hópum. Nemendafjöldi er eitthvað sem svarendur reifuðu en mikil óánægja er með að fáir nemendur í áfanga bitni á launum kennara. Einnig þar sem það getur orðið til þess að þeir vita ekki hvað þeir muni fá mikið útborgað. Þetta telja þeir ósanngjarnt:

Nemendafjöldi á ekki að ráða kaupinu mínu. Ég á að vita hvaða laun ég fæ strax og vinna hefst, ekki eftir þrjár vikur. Kennarar sem kenna fámenna áfanga eiga ekki að líða fyrir fámennið. Með nýju námsmati verður nám fátæklegra því fámennir áfangar eru felldir niður. Skólar setja þak á nemendafjölda til að þurfa ekki að borga yfirvinnu.

Þetta getur haft mikil áhrif sérstaklega í minni skólum (t.d. á landsbyggðinni), sem hafa færri nemendur. Það að skerða laun í endurtökuáföngum er einnig eitthvað sem truflar kennara og er að þeirra mati rangt. Það getur alveg legið jafnmikil vinna á bak við upptökuáfangann:

Það þarf að afnema þessa arfavitlausu grein sem gerir ráð fyrir lægri greiðslum fyrir endurtekna áfanga. Dettur einhverjum í hug að bílstjórinn á leið 3 fengi fullt kaup fyrir fyrstu ferð en síðan skert kaup fyrir aðrar ferðir.

Félagsmenn minntust einnig á að taka út úr vinnumatinu þá skerðingu sem verður þegar kennari þarf að kenna sama áfangann tveimur ólíkum nemendahópum á sömu önn. Þeir sögðu

meðal annars að það væri alveg jafn mikið álag að kenna sama námsefni í sitt hvorum hópnum, því hópar geta verið mjög ólíkir:

Meta byrjendakennslu (1. og 2. þrep) hærra. Láta fjölda nemenda/hópa ráða en ekki hvort verið er að kenna sama áfanga tvisvar. Kennsluálag getur verið mjög mismunandi þótt áfanginn sé sá sami.

Svarendur virðast upplifa skerðingu á launum, sem má rekja til nemendafjölda og að borgað er minna fyrir endurtöku áfanga og þegar sami áfangi er kenndur fleiri en einum hópi.

Fimmta þemað er *Endurskoða vinnumat fyrir Verknám og starfsbraut* en þar var um að ræða 21 svar. Verknáms- og starfsbrautarkennarar eru að koma illa út úr vinnumatinu eins og fram hefur komið. Þeir vilja að þegar horft er til framtíðar með vinnumatið séu ýmsir þættir skoðaðir sem snúa að þeim eins og varðandi nemendafjölda. Í báðum fögum getur verið erfitt að ná þeim fjölda nemenda sem þarf til þess að uppfylla kvótann sem settur hefur verið. Einnig eru það of margir nemendur að mati margra. Einhverjir upplifa að vinnumatið sé ekki gert fyrir þessar greinar:

Að unnið verði nýtt vinnumat fyrir sérnámsbrautir í teymum þvert á skóla til að samræma og leiðrétta vinnumatið, þá tíma/kennslu og þjónustu sem nemendur á sérnámsbrautum eiga rétt á í framhaldsskólum. Þannig að hvorki nemendum né kennurum verði mismunað.

Verknámskennari kom einnig inn á þetta „*Það vantar allt vinnumat fyrir verklegar greinar. Þetta kemur afar illa út fyrir verknámskennara.*“ Einnig fóru félagsmenn inn á að margt sem fellur undir þeirra störf eins og umsjón með stofu, tækjum og undirbúningur væri ekki metið í vinnumatinu:

Tekið sé tillit til allra greina ekki bara að horfa á bóklegt nám því undirbúningur er fyrir öll fög hvort sem nemendur eru að læra um sjálfstætt fólk eða verklegar greinar. Einnig er talsvert meiri frágangur í lok annar hjá verknámskennurum sem er ekkert metið í vinnumatinu. Lífið er ekki bara íslenska og stærðfræði.

Inn í þennan flokk komu einnig raungreinakennarar sem upplifðu að fá ekki greitt fyrir verklegu tímana og fannst vanta að gera ráð fyrir verklegum tímum í vinnumatinu.

Sjötti flokkurinn er *Að raunverulegt vinnuframlag verði metið* en í þeim flokki eru 47 svör. Félagsmenn minntust á að vinnumatið mætti próast í þá átt að meta raunverulegt vinnuframlag kennara. Margir þættir koma inn í störf kennara og telja þeir að allt þurfi að vera metið til launa: „*Þannig að það taki tillit til þeirra fjölbreyttu og mismunandi vinnubátta sem áhrif hafa á þann tíma sem við þurfum að nota til að skila góðu verki.*“ Hlutir sem svarendur töldu kannski ekki vera gert nógu hátt undir höfði í núverandi vinnumati voru yfirferð,

undirbúningur, hvort námsefni er til staðar, samsetning nemendahóps o.fl. Einnig komu nokkrir inn á að kennarastarfið er skapandi vinna og marga þætti starfsins getur verið erfitt að mæla:

Ég vil að tekið sé tillit til þess að kennsla er ekki færibandavinna heldur skapandi starf. Kennarinn er alltaf í vinnunni því hann er að fá hugmyndir fyrir kennsluna þótt hann sé ekki staddur innan veggja skólans. Það er verið að smætta kennsluna niður. Með þessu framhaldi er maður tilneyddur til að gera „bara“ það sem stendur í vinnumatinu en hingað til hefur maður glaður gert ýmislegt fleira þó svo það sé ekki sérstaklega greitt.

Að mati svarenda á vinnumatið að endurspegla alla vinnu starfsmanna ekki bara ákveðna þætti innan starfsins.

Sjöunda þemað er *Að virkja 7. greinina* en rétt eins og í spurningu 14 þá voru einhverjir sem töluðu um að virkjun á allri 7. greininni myndi laga ástandið. Ákveðnir þættir sem minnst er á í sjöundu greininni virðast ekki vera í notkun og eins og kom fram í byrjun þá telja sumir félagsmenn marga þætti úr sjöundu greininni vanta inn í vinnumatið:

Myndi gjarnan vilja sjá það mæla raunverulega vinnu kennara, þar sem væri byggt minna á stöðluðum sýnidæmum. Þar sem væri tekið fullt tillit til 7. greinarinnar, þátta eins og skorts á námsefni, þegar kennarar þurfa að búa það til.

Að mati sumra hefði vinnumatið þannig virkað fínt ef öll sjöunda greinin hefði verið virt.

Seinasti flokkurinn er svo *Annað* en þar voru alls 64 svör sem fóru vítt og breytt yfir hvernig þróunin ætti að vera til framtíðar. Nokkrir félagsmenn komu inn á að það væri ólíðandi að vita ekki starfshlutfall sitt í upphafi hvernar annar, þar sem nemendafjöldi í áföngum hefur áhrif á starfshlutfallið en einn sagði: „Þannig að kennari viti strax þegar kennsla hans hefur verið ákveðin hvert starfshlutfall hans er.“ Svarendur komu einnig inn á hversu skrítið það væri að telja klukkustundir og mínútur í kennarastarfinu þegar matið ætti að snúast um gæði. Það gæti orðið letjandi fyrir kappsfulla unga kennara:

Eins og vinnumatið er núna sýnist mér það letjandi til framþróunar. Skrifleg gögn og yfirferð skriflegra gagna telja á meðan rafræn kennsla er illa metin. Ömurlegt að sjá frábæra, framsækna kennara, sem hafa búið til forrit til kennslu og aukið skilvirkni kennslunnar, kasta þessu öllu og taka pappír og gömul verkefni fram til að auka tekjumöguleika sína.

Sýnidæmin voru líka reifuð en sumum finnst þau tekin of bókstaflega og að skólastjórnendur séu of fastir í sýnidæmunum í stað þess að treysta kennurum:

Að tekið verið tillit til þess vinnumats sem kennarar gera á áföngunum en þeim ekki þröngvað inn í sýnidæmin, þ.e. kennurum verði treyst. Sýnidæmi eru til viðmiðunar og vinnumat kennara er tilgangslaust ef ekkert tillit er tekið til þess og sýnidæmin látin standa sama hvað. En þetta er auðvitað spurning um fjármagn og það hefur ekkert aukist við upptöku vinnumats. Vinnumatið getur auðveldlega haft áhrif á kennsluna þannig að kennarar hugsi að þeir leggi ekki meiri vinnu í áfanga en sýnidæmin segja fyrir um. Í raun er vinnumatið bara sýnidæmi sem skólarnir taka hrátt upp.

Einnig voru nokkrir einstaklingar ánægðir með vinnumatið og 2-3 af þeim tóku fram að hafa fengið launahækkun eftir að vinnumatið var sett á.

3.5. Bakgrunnur svarenda

Tafla 26 Kyn

Alls bárust 763 svör varðandi kyn. 28 svaraði annað, vil ekki svara eða sleppti þessari tilteknu spurningu. 41% þeirra sem svöruðu voru karlar og 59% konur.

		Karl	Kona	N
	Alls	41%	59%	763
Starfsaldur	Minni en 2 ár	24%	76%	29
	3-5 ár	39%	61%	102
	6-10 ár	45%	55%	153
	11-20 ár	35%	65%	251
	21-30 ár	38%	62%	143
	Meiri en 31 ár	59%	41%	78
Fjöldi nemenda	Færri en 250	50%	50%	64
	251-500	42%	58%	74
	501-1000	38%	62%	302
	Fleiri en 1000	40%	60%	300
Skólagerð	Áfangakerfi	41%	59%	569
	Bekkjarkerfi	37%	63%	123
	Blandað	38%	62%	53
Staðsetning	Höfuðborgarsvæðið	36%	64%	434
	Landsbyggð	48%	52%	296
Grein	Erlend tungumál	15%	85%	120
	Félagsgreinar	45%	55%	73
	Íslenska	25%	75%	67
	Íþróttir	62%	38%	21
	Listnám	22%	78%	32
	Raungreinar	38%	62%	71
	Starfsbraut	31%	69%	36
	Stærðfræði	50%	50%	48
	Verknám	78%	22%	67
	Viðskiptagreinar	14%	86%	14
	Tölvugreinar	64%	36%	11
	Annað	55%	45%	11
	Fleiri en ein	48%	52%	182

Tafla 27 Starfsaldur

Alls gáfu 769 manns upp starfsaldur og skiptist hann niður eins og hérna sést. Flestir sem svöruðu hafa starfað í faginu í 11 – 20 ár Það er þó vert að benda á að flokkarnir eru ekki allir jafn fjölmennir. 22 vildu ekki svara þessari spurningu.

		Minni en					Meiri	N
		2 ár	3-5 ár	6-10 ár	11-20 ár	21-30 ár	en 30 ár	
	Alls	4%	13%	21%	33%	19%	10%	769
Kyn	Karl	2%	13%	23%	29%	18%	15%	304
	Kona	5%	14%	19%	36%	20%	7%	452
Fjöldi nemenda	Færri en 250	8%	20%	29%	31%	6%	6%	65
	251-500	9%	24%	22%	31%	11%	3%	74
	501-1000	4%	11%	24%	31%	20%	10%	303
	Fleiri en 1000	1%	12%	15%	37%	22%	14%	303
Skólagærð	Áfangakerfi	4%	15%	20%	33%	19%	10%	576
	Bekkjarkerfi	4%	12%	20%	41%	13%	10%	123
	Blandað	4%	8%	23%	26%	28%	11%	53
Staðsetning	Höfuðborgarsvæðið	2%	12%	20%	35%	20%	12%	435
	Landsbyggð	6%	16%	22%	31%	17%	8%	301
Grein	Erlend tungumál	3%	7%	17%	36%	22%	14%	121
	Félagsgreinar	7%	16%	16%	35%	18%	8%	74
	Íslenska	4%	6%	19%	26%	32%	12%	68
	Íþróttir	0%	10%	24%	33%	19%	14%	21
	Listnám	3%	13%	16%	41%	25%	3%	32
	Raugreinar	4%	18%	21%	24%	21%	13%	72
	Starfsbraut	0%	19%	22%	42%	8%	8%	36
	Stærðfræði	2%	14%	26%	38%	16%	4%	50
	Verknám	5%	14%	22%	35%	15%	9%	65
	Viðskiptagreinar	7%	14%	21%	29%	21%	7%	14
	Tölvugreinar	0%	17%	42%	8%	33%	0%	12
	Annað	10%	20%	20%	30%	10%	10%	10
	Fleiri en ein	4%	16%	23%	34%	13%	11%	185

4. VIÐAUKAR

4.1. Svör flokkuð eftir kennslugreinum

Í þessum viðauka eru svör flokkuð eftir kennslugreinum á annan hátt en í skýrslunni sjálfri. Þar sem hægt var að merkja við fleiri en eina kennslugrein lentu margir í flokki sem nefndist *fleiri en ein kennslugrein*. Í þessum viðauka hefur þessum svörum verið dreift niður á alla þá sem merktu við þann kost. Með öðrum orðum getur hvert svar komið fram oftari en einu sinni. Svar þess sem kennir til að mynda bæði stærðfræði og raungreinar er því í þessu niðurbroti fært inn tvisvar sinnum. Að þeim sökum er heildartalan ekki birt og samanburður á milli kennslugreina skekkist þar sem sami aðilinn getur verið að svara á báðum stöðum. Hins vegar gefur þetta gleggri mynd fyrir þá sem vilja skoða sérstaklega einhverja ákveðna kennslugrein.

Hversu ánægður eða óánægður ert þú með nýja vinnumatið?

	Mjög ánægður	Frekar ánægður	Hvorki né	Frekar óánægður	Mjög óánægður	Fjöldi svara
Erlend tungumál	3%	18%	24%	34%	20%	149
Félagsgreinar	4%	27%	25%	21%	23%	115
Íslenska	6%	32%	28%	21%	13%	102
Íþróttir	3%	13%	11%	29%	45%	38
Listnám	6%	9%	15%	26%	43%	53
Raungreinar	4%	12%	13%	25%	45%	114
Starfsbraut	2%	10%	21%	21%	46%	61
Stærðfræði	1%	14%	20%	24%	42%	96
Verknám	3%	9%	16%	20%	52%	92
Viðskiptagreinar	4%	18%	18%	36%	25%	28
Tölvugreinar	4%	11%	19%	21%	45%	47
Annað	0%	13%	35%	22%	30%	46
Vil ekki svara	14%	0%	0%	57%	29%	7

Hvaða áhrif hefur nýtt vinnumat haft á yfirvinnu þína?

	Yfirvinna hefur minnkað	Yfirvinna hefur aukist	Yfirvinna hefur lítið eða ekkert breyst	Á ekki við	Fjöldi svara
Erlend tungumál	49%	8%	33%	11%	156
Félagsgreinar	50%	4%	40%	6%	121
Íslenska	42%	15%	29%	15%	103
Íþróttir	64%	0%	26%	10%	39
Listnám	36%	5%	33%	25%	55
Raungreinar	56%	5%	22%	17%	115
Starfsbraut	56%	1%	28%	15%	68
Stærðfræði	53%	7%	31%	9%	99
Verknám	42%	0%	33%	25%	102
Viðskiptagreinar	50%	10%	17%	23%	30
Tölvugreinar	46%	4%	25%	25%	52
Annað	35%	4%	35%	25%	51
Vil ekki svara	50%	13%	25%	13%	8

Hefur þú þurft að taka að þér viðbótarstörf í skólanum vegna nýs vinnumats, önnur en hefðbundna kennslu?

	Já	Nei	Vil ekki svara	Fjöldi svara
Erlend tungumál	24%	71%	5%	164
Félagsgreinar	20%	76%	4%	123
Íslenska	12%	84%	4%	105
Íþróttir	36%	62%	3%	39
Listnám	23%	63%	14%	57
Raungreinar	31%	59%	11%	121
Starfsbraut	8%	80%	11%	71
Stærðfræði	20%	75%	6%	102
Verknám	18%	66%	16%	107
Viðskiptagreinar	9%	78%	13%	32
Tölvugreinar	30%	56%	15%	54
Annað	20%	61%	19%	54
Vil ekki svara	18%	45%	36%	11

Hversu margar klukkustundir á önn hefur þú þurft að sinna slíkum störfum?

	Minna en 10 klst á önn	11-20 klst á önn	21-30 klst á önn	30 klst eða fleiri á önn	Veit ekki	Fjöldi svara
Erlend tungumál	20%	38%	5%	15%	23%	40
Félagsgreinar	12%	38%	27%	4%	19%	26
Íslenska	21%	36%	21%	14%	7%	14
Íþróttir	33%	40%	0%	7%	20%	15
Listnám	23%	15%	31%	15%	15%	13
Raungreinar	18%	34%	24%	16%	8%	38
Starfsbraut	33%	50%	17%	0%	0%	6
Stærðfræði	24%	19%	29%	19%	10%	21
Verknám	35%	20%	20%	10%	15%	20
Viðskiptagreinar	0%	0%	50%	25%	25%	4
Tölvugreinar	25%	25%	25%	19%	6%	16
Annað	18%	36%	9%	27%	9%	11
Vil ekki svara	0%	50%	0%	0%	50%	2

Hefur vinnumat haft áhrif á námsmat hjá þér?

	Já	Nei	Veit ekki	Fjöldi svara
Erlend tungumál	33%	56%	11%	149
Félagsgreinar	31%	62%	8%	118
Íslenska	34%	59%	7%	101
Íþróttir	35%	53%	12%	34
Listnám	28%	57%	15%	53
Raungreinar	34%	55%	12%	110
Starfsbraut	34%	54%	11%	61
Stærðfræði	27%	68%	4%	95
Verknám	24%	59%	17%	94
Viðskiptagreinar	25%	68%	7%	28
Tölvugreinar	28%	54%	17%	46
Annað	29%	60%	12%	42
Vil ekki svara	60%	40%	0%	5

Breyttist kennsluhlutfall þitt við skólann á síðasta skólaári vegna vinnumatsins?

	Já, það hækkað	Já, það lækkaði	Nei	Veit ekki	Fjöldi svara
Erlend tungumál	6%	31%	55%	7%	150
Félagsgreinar	8%	34%	51%	8%	119
Íslenska	17%	22%	56%	5%	99
Íþróttir	17%	58%	25%	0%	36
Listnám	11%	40%	42%	8%	53
Raungreinar	8%	36%	46%	9%	108
Starfsbraut	3%	24%	60%	13%	62
Stærðfræði	7%	30%	55%	8%	92
Verknám	4%	37%	41%	17%	94
Viðskiptagreinar	0%	36%	50%	14%	28
Tölvugreinar	7%	30%	48%	15%	46
Annað	5%	40%	48%	7%	42
Vil ekki svara	0%	25%	50%	25%	8

Telur þú að vinnuframlag þitt hafi breyst eftir að vinnumat kom til?

	Ég þarf að vinna meira en áður til þess að fá sömu laun	Ég þarf að vinna minna en áður til þess að fá sömu laun	Vinnuframlagið er svipað og áður	Veit ekki	Fjöldi svara
Erlend tungumál	40%	5%	46%	9%	149
Félagsgreinar	31%	5%	55%	9%	120
Íslenska	30%	9%	52%	9%	101
Íþróttir	61%	5%	32%	3%	38
Listnám	50%	0%	35%	15%	52
Raungreinar	49%	2%	35%	14%	110
Starfsbraut	52%	2%	33%	13%	60
Stærðfræði	40%	2%	49%	9%	91
Verknám	51%	0%	36%	13%	92
Viðskiptagreinar	48%	8%	32%	12%	25
Tölvugreinar	43%	0%	39%	18%	44
Annað	53%	5%	35%	7%	43
Vil ekki svara	43%	0%	14%	43%	7

Til þess að meta hvaða þætti svarendur teldu vera mikilvægasta varðandi vinnumat voru þeir beðnir um að taka afstöðu til þeirra þátta sem tilgreindir eru í kjarasamningum. Spurningin hljóðaði svo: *Í 7. grein gildandi kjarasamnings frá 4. apríl 2014 er fjallað um þætti sem nýtt vinnumat á að ná yfir. Hversu mikilvægir finnst þér að eftirfarandi þættir eigi að vera í slíku mati? Svörin eru birt hér að neðan í töflum 12-21.*

Undirbúningur

	Mjög mikilvægur	Frekar mikilvægur	Hvorki né	Frekar léttvægur	Mjög léttvægur	Fjöldi svara
Erlend tungumál	54%	35%	7%	1%	3%	147
Félagsgreinar	57%	37%	6%	1%	0%	115
Íslenska	59%	34%	5%	1%	1%	100
Íþróttir	35%	35%	19%	5%	5%	37
Listnám	54%	38%	6%	2%	0%	48
Raungreinar	38%	45%	12%	2%	3%	105
Starfsbraut	68%	29%	2%	0%	2%	63
Stærðfræði	40%	46%	8%	2%	4%	85
Verknám	45%	34%	15%	2%	4%	92
Viðskiptagreinar	39%	48%	13%	0%	0%	23
Tölvugreinar	60%	24%	11%	2%	2%	45
Annað	49%	24%	13%	2%	11%	45
Vil ekki svara	60%	0%	40%	0%	0%	5

Gerð og samsetning nemendahóps

	Mjög mikilvægur	Frekar mikilvægur	Hvorki né	Frekar léttvægur	Mjög léttvægur	Fjöldi svara
Erlend tungumál	54%	36%	8%	2%	1%	142
Félagsgreinar	58%	30%	7%	4%	0%	115
Íslenska	60%	34%	5%	0%	1%	99
Íþróttir	41%	35%	14%	0%	11%	37
Listnám	55%	28%	13%	4%	0%	47
Raungreinar	30%	40%	20%	7%	4%	105
Starfsbraut	75%	19%	3%	2%	2%	64
Stærðfræði	44%	32%	14%	5%	5%	84
Verknám	35%	38%	14%	8%	5%	93
Viðskiptagreinar	48%	35%	17%	0%	0%	23
Tölvugreinar	53%	29%	9%	7%	2%	45
Annað	44%	40%	7%	2%	7%	43
Vil ekki svara	50%	17%	33%	0%	0%	6

Námsmat

	Mjög mikilvægur	Frekar mikilvægur	Hvorki né	Frekar léttvægur	Mjög léttvægur	Fjöldi svara
Erlend tungumál	48%	33%	14%	1%	3%	145
Félagsgreinar	43%	40%	10%	5%	2%	114
Íslenska	49%	40%	8%	2%	1%	98
Íþróttir	22%	41%	22%	8%	8%	37
Listnám	37%	37%	22%	4%	0%	46
Raungreinar	28%	37%	24%	6%	6%	104
Starfsbraut	38%	48%	7%	3%	3%	58
Stærðfræði	24%	39%	25%	7%	5%	83
Verknám	30%	33%	29%	2%	5%	92
Viðskiptagreinar	21%	21%	42%	8%	8%	24
Tölvugreinar	43%	23%	20%	9%	5%	44
Annað	32%	32%	23%	5%	9%	44
Vil ekki svara	50%	17%	33%	0%	0%	6

Nemendafjöldi

	Mjög mikilvægur	Frekar mikilvægur	Hvorki né	Frekar léttvægur	Mjög léttvægur	Fjöldi svara
Erlend tungumál	47%	34%	11%	3%	5%	146
Félagsgreinar	56%	26%	6%	7%	5%	116
Íslenska	68%	20%	7%	3%	2%	101
Íþróttir	38%	24%	16%	11%	11%	37
Listnám	49%	17%	13%	15%	6%	47
Raungreinar	41%	30%	12%	9%	7%	107
Starfsbraut	42%	25%	19%	8%	5%	59
Stærðfræði	36%	40%	10%	7%	7%	86
Verknám	35%	21%	20%	8%	17%	92
Viðskiptagreinar	29%	50%	8%	0%	13%	24
Tölvugreinar	40%	16%	23%	14%	7%	43
Annað	42%	31%	13%	2%	11%	45
Vil ekki svara	60%	0%	40%	0%	0%	5

Námsefni

	Mjög mikilvægur	Frekar mikilvægur	Hvorki né	Frekar léttvægur	Mjög léttvægur	Fjöldi svara
Erlend tungumál	37%	32%	23%	6%	2%	142
Félagsgreinar	41%	36%	14%	8%	1%	112
Íslenska	41%	34%	19%	2%	3%	99
Íþróttir	25%	39%	19%	11%	6%	36
Listnám	50%	28%	15%	7%	0%	46
Raungreinar	32%	35%	26%	5%	2%	105
Starfsbraut	64%	28%	7%	2%	0%	61
Stærðfræði	29%	36%	25%	7%	4%	84
Verknám	42%	30%	21%	2%	5%	91
Viðskiptagreinar	39%	39%	17%	4%	0%	23
Tölvugreinar	55%	25%	9%	9%	2%	44
Annað	36%	29%	22%	7%	7%	45
Vil ekki svara	67%	0%	33%	0%	0%	6

Einingafjöldi

	Mjög mikilvægur	Frekar mikilvægur	Hvorki né	Frekar léttvægur	Mjög léttvægur	Fjöldi svara
Erlend tungumál	38%	39%	18%	4%	1%	132
Félagsgreinar	45%	37%	12%	5%	0%	110
Íslenska	37%	39%	19%	2%	3%	90
Íþróttir	27%	46%	14%	14%	0%	37
Listnám	49%	33%	18%	0%	0%	45
Raungreinar	43%	34%	12%	4%	7%	105
Starfsbraut	28%	35%	20%	7%	9%	54
Stærðfræði	32%	36%	17%	9%	6%	78
Verknám	42%	36%	11%	3%	7%	88
Viðskiptagreinar	36%	27%	18%	18%	0%	22
Tölvugreinar	38%	29%	26%	5%	2%	42
Annað	35%	35%	15%	5%	10%	40
Vil ekki svara	33%	0%	67%	0%	0%	6

Kennsluhættir

	Mjög mikilvægur	Frekar mikilvægur	Hvorki né	Frekar léttvægur	Mjög léttvægur	Fjöldi svara
Erlend tungumál	35%	38%	19%	2%	5%	139
Félagsgreinar	34%	46%	13%	5%	3%	112
Íslenska	34%	40%	15%	4%	6%	99
Íþróttir	35%	32%	19%	5%	8%	37
Listnám	35%	37%	24%	4%	0%	46
Raungreinar	21%	36%	29%	9%	6%	104
Starfsbraut	48%	35%	13%	2%	2%	62
Stærðfræði	18%	34%	29%	10%	9%	79
Verknám	27%	33%	24%	7%	9%	90
Viðskiptagreinar	25%	21%	38%	4%	13%	24
Tölvugreinar	42%	23%	23%	7%	5%	43
Annað	28%	37%	14%	5%	16%	43
Vil ekki svara	60%	0%	40%	0%	0%	5

Fjöldi námsefna

	Mjög mikilvægur	Frekar mikilvægur	Hvorki né	Frekar léttvægur	Mjög léttvægur	Fjöldi svara
Erlend tungumál	37%	40%	16%	3%	5%	133
Félagsgreinar	37%	35%	19%	6%	2%	108
Íslenska	41%	40%	14%	3%	2%	93
Íþróttir	22%	30%	24%	14%	11%	37
Listnám	33%	38%	24%	5%	0%	42
Raungreinar	37%	27%	28%	3%	5%	100
Starfsbraut	46%	34%	13%	4%	4%	56
Stærðfræði	30%	35%	19%	6%	10%	80
Verknám	31%	30%	26%	3%	9%	86
Viðskiptagreinar	48%	43%	4%	0%	4%	23
Tölvugreinar	31%	31%	31%	0%	7%	42
Annað	31%	28%	21%	3%	18%	39
Vil ekki svara	50%	33%	17%	0%	0%	6

Hæfniprep

	Mjög mikilvægur	Frekar mikilvægur	Hvorki né	Frekar léttvægur	Mjög léttvægur	Fjöldi svara
Erlend tungumál	23%	29%	27%	8%	13%	140
Félagsgreinar	19%	35%	17%	21%	8%	111
Íslenska	22%	32%	21%	11%	14%	96
Íþróttir	6%	20%	37%	20%	17%	35
Listnám	23%	20%	25%	18%	14%	44
Raungreinar	14%	25%	30%	14%	17%	106
Starfsbraut	11%	26%	28%	13%	21%	53
Stærðfræði	14%	25%	25%	19%	18%	85
Verknám	14%	32%	26%	9%	19%	88
Viðskiptagreinar	13%	38%	25%	13%	13%	24
Tölvugreinar	13%	20%	38%	10%	20%	40
Annað	21%	19%	30%	7%	23%	43
Vil ekki svara	20%	0%	40%	20%	20%	5

Endurteknir áfangar

	Mjög mikilvægur	Frekar mikilvægur	Hvorki né	Frekar léttvægur	Mjög léttvægur	Fjöldi svara
Erlend tungumál	13%	29%	27%	14%	17%	138
Félagsgreinar	13%	35%	26%	10%	17%	109
Íslenska	10%	26%	33%	19%	13%	94
Íþróttir	8%	11%	32%	16%	32%	37
Listnám	12%	14%	43%	14%	17%	42
Raungreinar	6%	21%	27%	19%	27%	102
Starfsbraut	13%	17%	33%	15%	22%	54
Stærðfræði	5%	19%	28%	21%	27%	81
Verknám	14%	19%	31%	4%	31%	90
Viðskiptagreinar	9%	26%	30%	13%	22%	23
Tölvugreinar	15%	10%	40%	15%	20%	40
Annað	5%	15%	30%	20%	30%	40
Vil ekki svara	0%	0%	67%	0%	33%	6

Verði gerðar breytingar á vinnumatinu, finnst þér að það ætti að leiða til:

	Færri og einfaldari sýnidæma	Fleiri og nákvæmari sýnidæma	Tek ekki afstöðu	Veit ekki	Fjöldi svara
Erlend tungumál	32%	21%	28%	19%	145
Félagsgreinar	35%	23%	27%	15%	116
Íslenska	25%	25%	35%	15%	97
Íþróttir	42%	27%	24%	6%	33
Listnám	29%	21%	21%	29%	52
Raungreinar	30%	26%	28%	16%	105
Starfsbraut	16%	35%	35%	13%	62
Stærðfræði	33%	30%	23%	14%	87
Verknám	38%	34%	17%	11%	90
Viðskiptagreinar	31%	23%	19%	27%	26
Tölvugreinar	18%	41%	23%	18%	44
Annað	29%	22%	32%	17%	41
Vil ekki svara	57%	29%	0%	14%	7

4.2. Svör við opnum spurningum

Hérna birtast svör þátttakenda við opnum spurningum í heild sinni. Persónurekjanlegum ummælum hefur verið breytt.

Spurning 14: Til hvaða fleiri þátta en þeirra sem nefndir eru í 7. grein finnst þér að vinnumat þurfi að taka tillit til?

Fara eftir þeim þáttum sem sjöunda greinin samanstendur af

- Vinnumat mætti nú bara í fyrsta lagi taka tillit til allra þeirra þátta sem nefndir eru í 7. grein en ekki bara hafa þá þar til skrauts í excel skjali.
- Það þarf að vera virkt, þ.e. það er ekki tekið tillit til þessara þátta vegna slæmrar fjárhagsstöðu skólanna - bara til að draga kennara niður, t.d. fyrir tvö pensúm.
- Finnst að það þurfi að byrja á því að taka tillit til þeirra þátta sem nefndir eru í 7. grein.
- Það þarf alls ekki að taka tillit til fleiri þátta heldur en nefndir eru þar. Vandamálið er að það er ekki tekið tillit til mikilvægra þátta sem þar eru nefndir.
- Allrar 7. greinar.
- Fyrst þarf að taka tillit til allra þeirra þátta sem nefndir eru í 7. grein. Það er ekki gert, sýnidæmin ráða öllu.
- Allra sem eru nefndir, eins og var samið um!!!!
- Allra.
- A) Taka þyrfti alla þætti í 7. grein inn í vinnumatið. B) Mögulega ábyrgð á áfanga, samskipti við forráðamenn/nemendur í gegnum námsnet og tölvupóst.
- Lítið tillit er tekið til þeirra þátta sem eru í 7. grein í dag.
- Þeirra sem okkur var sagt að yrði tekið tillit til.

Starfsbraut og samsetning nemendahóps

- Nemenda með greiningar.
- Samsetningu nemendahóps.
- Nemendur með miklar sérþarfir.
- Greininga hjá nemendum (samsetning hópa), aðstöðu.
- Nemenda á starfsbrautum.
- Taka þarf tillit til nemenda með alls konar greiningar, eins ef kennarar eru að kenna marga mismunandi áfanga, þá er fráleitt að draga kennara niður kenni þeir sama námsefni oftast en einu sinni og svo frv.
- Á starfsbraut skiptir þyngd hvers nemenda mestu máli. Það eru til flóknir einstaklingar sem þurfa einstaklingskennslu en þá er kennarinn að tapa, þar sem núverandi samningur snýr mikið að fjölda nemenda, en ekki að sérþörfum nemenda. Með núverandi samningi gerðu skólastjórnendur kröfu um fleiri nemendur í hópi sem er óásættanlegt. Nemendur á starfsbraut eru í sérkennslu. Kjarasamningur þarf að taka tillit til þess.

- Sérþarfa nemenda einstaklingsmiðun.
- Samsetning nemendahóps, fjöldi nemenda með greiningar.
- Greiningar nemenda og flókinna nemendahópa. Álag á kennara vegna námsefnisgerðar. Sérkennarar þurfa að vera til taks nánast allan skólatímann og þurfa að vera tilbúnir að sýna mikinn sveigjanleika, eiga að fá meira álag greitt vegna þessa.
- Nemenda með sérþarfir, gerð námsefnis.
- Starfsbrautar kennarar þurfa annað vinnumat.
- Fámennra hópa, einstaklingskennslu, fatlaðra nemenda.
- Horft of mikið í fjöldann almennt, lítið tillit tekið til starfsbrautar.
- Gerð nemendahóps.
- Að kenna nemendum með námsörðuleika og nemendum með agavandamál.
- T.d. þarf að greiða álag fyrir: Hópar með námsvanda og greiningar. Álag vegna vinnu með stuðningsfólki í bekkjum. Álag vegna námsgagnagerðar. Álag vegna aldurs. Álag vegna aðstoðar við nýja starfsmenn o.frv.
- Nemenda með sérþarfir, greiningar og annað sem tekur aukalega á undirbúning, utanumhald, kennslu og námsmat.
- Mikilla sérþarfa og breytinga á umhverfi skólastofunnar.
- Sérstaða nemenda.
- Í sérkennslu er einstaklingurinn stærsta breytan í sambandi við vinnumatið. Stundum þarf kennari að vera einn með nemanda og jafnvel með einn til tvo stuðningsfulltrúa með sér. Ekki er gerlegt að ákveða að það eigi að vera 7 nemendur í hóp alltaf. Þetta þarf að meta í hverju tilfalli fyrir sig. Stundum geta nemendur verið allt að 6 í hóp með einum kennara, eftir það erum við ekki að tala um sérkennslu. Þetta vissi hópurinn sem vélaði um málið á sínum tíma en kaus að hundska þær upplýsingar sem komu fram á fundum með sérkennurum. Þetta þarf að laga, e.t.v. með því að setja niður sérfræðingateymi til að meta vægi hvers einstaklings eins og gert er á Norðurlöndunum.
- Sérþarfa nemenda - stundum er 1 nemandi erfiðari en 10 og gerð námsefnis og kennsla nýrra áfanga.
- Þarf að endurskoða vinnumatið með tilliti til sérstöðu starfsbrautar.
- Námsörðuleika.
- Nemenda sem eru með greiningar og þar ætti að fækka nemendum í hópi.
- Kennslu á starfsbraut sem fellur ekki undir hefðbundna kennslu.
- Greiningar nemenda.
- Samsetning nemendahóps fremur en fjöldi nemenda.
- Nemendahóps, t.d. greiningar og slíkt.
- Eðli kennslunnar, nemendum með námsörðuleika o.s.frv.
- Álag sem fylgir nemendum með náms- og / eða hegðunarerfiðleika. Álag þegar kennt er nýtt efni.
- Fjöldi námsgreina, nemendur með námsörðuleika.
- Stöðu nemenda-, greiningar og ýmsir námsörðuleikar.
- Meta samsetningu hópsins þ.e. að næstum allir nemendur eru með greiningu um geð- eða námsröskun.
- Leggja meiri áherslu á að meta samsetningu í hópum, þ.e. greiða meira fyrir erfiða nemendahópa, fyrir nemendur sem eru með námsörðuleika.

- Á sérnámsbrautum eru færri nemendur vegna þess að það þarf meiri tíma til að undirbúa kennslu fyrir þá. Það er einungis hægt að vera með fleiri nemendum ef þeir eru sterkir námsmenn. Vinnumatíð hentar alls ekki að þessu leyti inn á sérnámsbraut.
- Fjöldi nemenda með greiningar eða námsörðugleika.
- Samsetning nemendahópsins, kennsluhátta.
- Nemendasamsetning.
- Staða nemenda.
- Þarf að horfa til þess að sumir hópar á starfsbrautum eru mjög fámennir. Fámennið dregur mat áfangans niður. Því miður hafa hópar verið stækkaðir á starfsbrautum sem hefur komið niður á gæðum kennslu. Horfa verður til þess að kennarar á starfsbrautum eru að útbúa námsefni fyrir alla sína nemendur og kenna eftir einstaklingsáætlun.
- Álags vegna mismunandi samsettra hópa.
- Miklu meira til fjölbreytts hóps og álags í verklegum tímum.
- Kennsla á starfsbraut hún fellur mjög illa að vinnumatinu, hópar eru gríðarlega misjafnir og lítið tillit tekið til þess. Í sumum hópum eru t.d. 11 nemendur með mismunandi námsefni og getu í öðrum hóp eru kannski 3 nemendur með mismunandi námsgetu sem þurfa svo gjörólíkt námsefni að í raun er um þrjár mismunandi greinar sem verið er að kenna í sama tímanum, en þú færð meira greitt fyrir tímann með 11 nemendum en þessum þremur. Starfsbrautarkennsla fellur mjög illa að nýja vinnumatinu.
- Sérkennslu.
- Námssefnisgerð aðlagð að þörfum einstaklinga með sérþarfir.

Vinnan á bakvið verknám og listnám vanmetið

- Hvernig námsmat er unnið með, kennsluhættir, undirbúningur og frágangur sem fylgir verklegri kennslu.
- Verklegir tímar.
- Fjölbreytni verknáms.
- Miklu meira til fjölbreytts hóps og álags í verklegum tímum.
- Margt sem viðkemur verknámi, efnistöku-útivinnu-vélaumsjón-stofuumsjón og fleira.
- Ábyrgð kennara í verklegri kennslu svo sem efnafræði.
- Verklega raungreinakennslu.
- Verkleg kennsla er mjög vanmetin í kerfinu. Bæði undirbúningur fyrir hana og sú mikla áhersla sem er á að nemendafjöldi ráði launum.
- Ég kenni listgreinar þar sem stöðugt einstaklingsnám á sér stað, ég kenni einnig listasögu þar sem ég þarf að fara yfir ritgerðir. Fæ meira fyrir listasöguna en finnst bæði jafn krefjandi.
- Verkgreinanna.
- Verklegrar kennslu.
- Mismunandi álag í kennslustundum, t. d. verkleg grein á móti bóknámi. Álagið felst í kennslunni sjálfri, ekki yfirferð verkefna. Í þessu samhengi er mikilvægt að horfa á samsetningu nemendahóps. Það er ólíkt álag sem felst í því að kenna nemendum á Framhaldsskólabraut heldur en bekk í MR á fyrsta ári á náttúrufræðibraut. Engin umbun í áföngum þar sem stöðugt þarf að vera útbúa nýtt námsefni. Það að verðsetja áfanga

minna eftir því sem þú kennir fleiri hópum í sama áfanga er algjörlega glórulaust í ljósi þess sem ég sagði hér á undan um mismunandi samsetningu nemendahópa.

- Það á að taka tillit til áfanga sem byggjast mest á einstaklingskennslu og þar sem allt kennsluefni er búið til af kennaranum. Þetta á við um listnám.
- Viðhald vélbúnaðar.
- Vinnumatið er mjög andsnúið gagnvart iðngreinum.
- Umsjón með tækjum og verklegum stofum, innkaup og frágangur á stofum í verklegum áföngum.
- Verknáms- og vélstjórnargreina.
- Taka tillit til verklegra greina er varðar frágang og eftirlit með smiðjum einnig að kennarar í verklegum greinum bera mikla ábyrgð á nemendum verði þeir fyrir slysum. Ábyrgð skóla og ríkis er engin nemandi fer í einkamál við kennara sinn ef um slys er að ræða sem getur valdið nemanda skaða.
- T.d. stofu umsjón/viðhalds á verkfærum.
- Álag í kennslu í verklegum greinum.
- Verknámskennsla þarfnast mikils undirbúnings og reynslu af atvinnulífinu. Viðmiðunarfjöldi nemenda er allt of hár, 12-15 nemendur er of hátt þar sem mest er innritað 12 nemendur á fyrstu önn af fjórum og því eru oftast aðeins um 6 nemendur á 3-4 önn.
- Verklega kennslu í raungreinum.
- Verknáms - kom mjög illa út fyrir verknámskennara.
- Undirbúningur á stofu, kaupa efni, búa til námsefni t. d. í listgreinum.
- Það ætti að leyfa að hafa smærri hópa án þess að skerða laun í verklegum greinum.
- Verknáms.
- Almennur undirbúningur í verklegum greinum. Hvar er t.d. mælt þegar þarf að viðhalda vélum?
- Stofuumsjón við verklega kennslu, tækjaaðföng og umhirða.
- Verklegir tímar, skipti tímar í verklegum æfingum.
- Það mætti taka með umsjón með stofum í verklegum greinum. Hins vegar er mjög erfitt og ég efast mjög um að vinnumat sé rétta leiðin til réttlátrar skiptingar launa. Þetta kerfi minnir helst á gömlu „stílapeningana“ sem voru smáaurar og olli einna helst úlfúð og sundrunu meðal kennara, en skiluðu litlu í vasann. Það er erfitt fyrir aðra en þá sem kenna viðkomandi grein að meta hve mikil vinna felst í því að undirbúa og kenna hana. Þar held ég að hæfniprepinn spili ekki endilega stærsta hlutverkið. Þetta kerfi sem nú er notað tíðkast ekki í mörgum öðrum atvinnugreinum, en algengt er hins vegar að fólk þurfi að skila vinnuskýrslum. Það ætti að vísu ekki við hér þar sem matið liggur að sjálfsögðu í höndum „viðskiptavinanna“ (nemenda) og innra mati á skólanum. Því miður hef ég enga patent lausn á takteinum - en sú óánægja sem margir láta í ljós með þetta kerfi endurspeglar að það er að mörgu leyti mjög gallað.
- T.d. umstangs vegna verklegrar kennslu í raungreinum og umsjónar með aðstöðu, efnum og áhöldum. Þetta finnst mér algerlega vanmetið.
- Áhættuþáttur í kennslu svo sem eiturefni í iðnaði, hávaði og fleira.
- Vinnumatið er bara eitt rugl. Kemur illa niður á verknámskennurum t.d.

Námsefnisgerð, áfangi kenndur í fyrsta skipti og nýjir kennarar

- Ef kennari þarf að útbúa mikið af kennsluefninu sem tekur langan tíma, áfangi kenndur í fyrsta skipti, nýjir áfangar (tekur lengri tíma að undirbúa sig).
- Samsetningu nemendahóps, hvort til sé kennslubók eða kennari þurfi að útbúa allt kennsluefni sjálfur.
- Námsfni gerðar í áföngum þar sem ekkert er til, endurmenntunar í áföngum þar sem mikið er um endurnýjun á efni, greininga hjá nemendum (samsetning hópa), aðstöðu.
- Nýbreytni, t.d. kennslu nýs námsefnis, gerð námsefnis o.s.frv.
- Bókarleysi sumra greina.
- Góðs/lélegs framboðs af frambærilegu námsefni í viðkomandi grein og möguleikann á að þurfa að útbúa það sjálfur.
- Aldurs kennara, hvort um nýtt námsefni sé að ræða eða ekki, hvort kennari þarf að semja námsefnið sjálfur.
- Þegar engin námsgögn eru til og kennari þarf að búa til allt námsefni. Oft mismunandi námsefni í sama áfanga eins og gerist oft á starfsbraut.
- Námsfni gerðar og þá staðreynd að í sumum áföngum er stöðugt verið að uppfæra námsefnið í takt við þróun tækninnar. Tekur lengri tíma að innleiða nýtt námsefni en að kenna alltaf sömu málfræðina eða stærðfræðina.
- Skort á kennsluefni.
- Hvort verið er að kenna nýja námsbók og einnig hvort kennarinn er að kenna efnið í fyrsta sinn.
- Þegar áfangar eru kenndir í fyrsta sinn (álag) og þegar námsefni er af skorum skammti í kennslugreininni og kennarinn þarf að setja saman námsefnið að mestu sjálfur.
- Yfirvinnu, vinnuálags, heimavinnu, námskrágerðar, námsefnisgerðar.
- Áfangi enduruppsettur, eða kenndur í fyrsta sinn, ásamt því þar sem ekkert kennsluefni er til fyrir námsefnið.
- Skorts á námsefni.
- Hvort kennsluefni sé til eða að kennari þurfi að útbúa allt slíkt - 15 nemenda viðmið til skerðingar finnst mér of hátt því oft er annað ekki í boði en 10-12 nemenda áfangar.
- Er kennari að kenna áfangana í fyrsta sinn?
- Nýir áfangar t.d.
- Það þarf að taka tillit til hvort það sé til námsefni fyrir áfangann.
- Fjarnema, námsefnisgerð, dreifnema, nýrra kennsluhátta, o.s.frv.
- Er til kennsluefni? Er áfanginn nýjung?
- Ekkert er greitt fyrir tækjaumsjón og innkaup og ekki tekið tillit þegar engar námsbækur eru til í viðkomandi fagi.
- Uppfærslu námsefnis, t.d. þurfa upplýsingatæknikennarar stöðugt að uppfæra og búa til nýtt námsefni.
- Það er ekki tekið tillit til þess að kennarar þurfi að semja allt námsefni í sumum áföngum. Ekki tekið tillit til nemenda með mikla námserfiðleika, nemenda sem höfðu stuðning í grunnskóla. Ef kenndir eru áfangar með skertan nemendafjölda þá er það ekki kennara að taka á sig skerðinguna í lægri launum.
- Kennari kennir viðkomandi áfanga í fyrsta sinn.
- Mér finnst að það þyrfti að auka undirbúningstímamann þar sem mikill tími fer í að finna kennsluefni t.d. á netinu. Kennslubækur á Íslandi eru ekki nógu góðar og ekki uppfærðar nógu oft. Það fer geysilega mikill tími oft að leita að einhverju bitastæðu.

- Námsefnis, þrepa.
- Gerð kennsluefnis.
- Námsefnisgerð.
- Ég kenni áfanga þar sem ekkert námsefni er til svo ég þarf að búa það til. Ég kenni grafíska hönnun á tölvur sem er í raun verkleg kennsla (en það er hvergi viðurkennt) en ég bogra yfir hverjum nemanda og kenni einstaklingskennslu á sérhæft forrit. Mér finnst vinnumatið flókið og erfitt að þurfa að skilja það í smáatriðum. Hefði gjarnan viljað geta treyst trúnaðarmanni á vinnustað eða fagfélaginu til að sjá um þetta fyrir mig en þeir tímar eru líklega liðnir.
- Vinnsla á námsefni.
- Þegar kenndur er áfangi sem maður hefur ekki kennt áður ætti að vera auka álag.
- Þróunar- og nýbreytnistarf, námsefnisgerð o.fl.
- Uppfærslu kennsluefnis.
- Hvort það er til kennslubók í áfanga eða hvort kennari þarf sjálfur að finna og vinna úr námsefni algerlega frá grunni. Einnig vantar að taka tillit til þeirrar vinnu sem felst í því að hanna nýja áfanga.
- Það er líka undirbúningur fólgin í að kenna sama námsefni oftast en einu sinni.
- Námsefnis, þ.e. ef ekki er til námsefni og kennari þarf sjálfur að semja það.
- Kennsluhátta, hvort til séu kennslugögn (bækur), álags vegna aðstæðna við kennslu (t.d. hávaða).
- T.d. hvort það sé verið að kenna áfanga í fyrsta sinn, breyta um námsefni, bókarlaus áfangi, kennari leggur mikla vinnu í að útbúa námsefni, yngri nemendur eru erfiðari en eldri nemendur, götött stundatafla og fleira örugglega.
- Hvort kennari búi til námsefni sjálfur. Sé engan mun á því að kenna ungum óreyndum nemanda léttara efni eða reynslumeiri nemanda erfiðara efni s.s þrep skiptir engu máli.
- Nýr áfangi, áfangi hefur ekki verið kenndur áður. Tveir kennarar kenna áfanga saman, báðir mæta í alla tíma. Ferð til útlanda er hluti af áfanganum. Eðli áfangans, t.d. mikil yfirferð verkefna.
- Hvort til sé gott námsefni á íslensku eða ekki.
- Þarf að búa til kennsluefni frá grunni (engin kennslubók).
- Gerð námsefnis, kenna nýjan áfanga.
- Námsefnisgerðar.
- Vinnuálag varðandi vinnslu/námsefnisgerð á kennsluefni sem þarf að bæta við eða endurnýja á hverju ári vegna eðlis félagsgreina.
- Það vantar að vinnumatið taki tillit til ungra kennara. Það mætti bæta við stikum eins álagi við kennslu nýrra áfanga eða veita allra yngstu kennurunum kennsluafslátt. Það vill oft gleymast að vinnumatið aukið við kennsluafslátt þeirra elstu. Nú er komið að þeim yngstu að fá sitt!
- Taka frekara tillit til nýliða til dæmis. Einnig er hlægilega líttill munur á t.d. íþróttakennslu og íslenskukennslu.
- Reynslu. Nýjir kennarar ættu að kenna minna.
- Nýr áfangi - Nemendur með annað móðurmál.

Fjöldi nemenda

- Of mikið er horft á nemendafjölda.
- Ég vil sérstaklega nefna nemendafjölda, það er óþolandi að vera með 30 nemendur í hópi en fá ekki greitt aukalega neitt að ráði nema þeir fari yfir þá tölu.
- Blöndun nemendahóps, minnka áherslu á nemendafjölda, einfalda.
- Horft of mikið í fjöldann almennt, lítið tillit tekið til starfsbrautar.
- Stærð skóla þ.e. nemendafjöldi og listgreina.
- Mér finnst að vinnumat þurfi að taka tillit til stærð skóla. Ég vinn í fámennum skóla og eftir að vinnumatið kom til þá hef ég þurft að bæta við mig vinnu til að ná upp í mína prósentu. Þó að hóparnir mínir séu sumir fámennir þá þarf að leggja á mig mikla vinnu til að undirbúa kennslu o.þ.h. Mér finnst oft mikið lagt áherslu á hópastærðir og þetta bitnar á okkur í litlu skólunum.
- Vantar álag ef kennari er einn með áfanga. Í áföngum með verklegum æfingum þarf önnur viðmið fyrir hópastærð.
- Það er ekki kennarans ef það koma færri í hans tíma/fög en staðallinn segir.
- Í litlum skólum þarf að vinna fjölbreytt störf - jafnvel ólíkar námsgreinar - þar er oft mikill undirbúningur.
- Það er ekki tekið tillit til þess að kennarar þurfi að semja allt námsefni í sumum áföngum. Ekki tekið tillit til nemenda með mikla námserfiðleika, nemenda sem höfðu stuðning í grunnskóla. Ef kenndir eru áfangar með skertan nemendafjölda þá er það ekki kennara að taka á sig skerðinguna í lægri launum.
- Þeirrar staðreyndar að í litlum skólum úti á landi þá virðist vinnumatskerfið frekar leiða til þess að fámennir áfangar eru felldir niður. Fámenni í skólum getur ekki verið á ábyrgð kennara. Kennarar með stóra hópa fá mun hærra laun en kennarar sem hafa litla hópa. Slíkt hlýtur að teljast mismunun þar sem sum fög eru alltaf fámenn, en t.d. skyldufög eins og enska, íslenska, stærðfræði hafa alltaf tryggnan nemendafjölda. Það að kennarar sem alltaf fá fámenna hópa séu á lægri launum er gróf mismunun.
- Sérhæfingu. T.d. er ósanngjarnt að t.d. líffræðikennarar sem kenna LÍOL2SS05 (LOL103) fái minna borgað fyrir áfanga hefur en næstum sami kúrs á náttúrufræðibraut LÍF103 þrátt fyrir að LOL krefjist mun meiri sérþekkingar. Alveg eins er það sem stærðfræði. Því betri stærðfræðikennari því hærra áfanga getur þú kennt en færð í raun minna borgað fyrir þá vegna færri nemenda. Síðan labba næstum hverjir sem er inn í lægstu áfangana og fá herra borgað þrátt fyrir litla sérþekkingu (stærðfræðikunnáttu). Raunvísindafólk hefur mun erfiðara nám að baki heldur en fólk menntað í félagsvísindum enda fær það yfirleitt hærra laun í samfélaginu nema það fær verra borgað í kennslu.
- Það ætti að leyfa að hafa smærri hópa án þess að skerða laun í verklegum greinum.

Kennsluhættir og yfirferð

- Vinna tengd prófum (yfirsetur, samningur...).
- Kennsluhætti.
- Kennsluhátta og námsmats.
- Þróunar kennsluhátta, samstarfs, endurmenntunar.
- Kennsluhátta og vinnuaðstæðna.
- Nýrra kennslusaðferða, kennsluefnis, nýjunga, sköpunar o.s.frv.
- Það er aldrei hægt að meta kennara alveg á svona excel skjali, þú getur haft stundvísan og ábyggilegan kennara sem gefur aldrei neitt extra af sér við hliðina á kennara sem er

lausari í rásinni, mætir illa en er að finna upp á nýjungum og styðja við nemendur sem standa höllum fæti. Hver kennari markar sér sérstöðu og það þarf að vera svigrúm fyrir þetta „extra“ sem fólk kemur með í starfið.

- Framlag kennara, þróun áfanga, undirbúningur, leiðsagnarmat.
- Taka meira tillit til mismunandi kennsluhátta og verkefnayfirferðar (ef símat er í áfanganum þó nemendur séu fáir er það meiri yfirferð en að fara yfir lokapróf í stærri hóp).
- Fjöldi verkefna í áfanga.
- Aukið vægi á undirbúning.
- Undirbúningur fyrir kennslu.
- Vinnumatið ytir undir gamaldags kennsluhætti. Það styður engan vegin við fjölbreytta kennsluhætti og fjölbreytt námsmat. Því miður styður það að lokapróf sé í áföngum sem er afturför. Vinnumat þarf því að taka tillit til fjölbreyttra kennsluhátta og fjölbreytts námsmats.
- Heimavinnu.
- T.d. yfirferð prófa og verkefna t.d. bóknámskennarar versus listgreinakennarar.
- Vinna í kringum verkefna yfirferð og vinna í verklegri kennslu.
- SKÖPUN KENNARA, námsefni, verkefni, leiðsagnarmat, leiðréttingar, leiðsagnanám, samvinnu, heilsueflandi framhaldsskóli, hvatningu og margt annað.
- Lesefni sem fellur undir undirbúning og endurmenntun, frumkvæði við gerð verkefna og nýsköpun við gerð námsefnis og námsmats.
- Leiðsagnarmat.
- Gott væri ef vinnumatið tæki mið af gæðum starfsins.
- Meiri áherslu á aðferð kennsluhátta og námsmats. Finnst mikilvægt að nefna þetta aftur hér líka.
- Til kennsluaðferða (t.d. verkefnamiðaðra kennslu, verkefnayfirferð með leiðsagnarmati), samsetningu hópa t.d. blanda af staðarnemendum og fjarnemendum sem kallar á auka vinnu kennara.
- Vinnumatið virðist umbuna mest fyrir mikinn lestur á innskiluðum verkefnum meðan einstaklingsmiðuð þjónusta við nemendur er einskis metin.
- Vinnumatið stuðlar að stöðlun og einsleitni í skólakerfinu. Þarf að styðja fjölbreytileika.

Annað

- Frágang eftir tíma, pantanir, símanotkunar, fataskipti fyrir og eftir tíma, þrif.
- Hávaða, áreiti, samtöl við nemendur utan kennslutíma. Taka þarf einnig tillit til ferða á milli skólabygginga. Umsjón með íþróttahúsi.
- Ekki endilega sami undirbúningur fyrir tvö eins pensum.
- Skilgreina vinnu við símat betur.
- Fjarnáms.
- Einyrkjar, kenna röð áfanga í sömu grein, kenna margar greinar.
- Sísmats.
- Munur á bóknámi og staðinni kennslu.
- Alla vinnu þarf að meta ef vinnumat á annað borð er notað. Maður er ekki lengur eingöngu kennari heldur sálfræðingur, félagsráðgjafi og fleira. Agamál eru stór hluti af vinnunni og

þau þarf að meta. Uppeldisluti er meiri en áður var s.s. að þurfa að skipta sér af því hvort nemendur eru í útiskóm o.m.fl.

- Það á ekki að vera vinnumat þetta er fátíðlegt það myndi engin önnur stétt láta bjóða sér svona.
- Endurmenntunar kennara.
- Starfið er allt of flókið til þess að hægt sé troða því í tímamælingu.
- Vinnuaðstöðu.
- Erfiðleikar og álag við kennslu „hægferðaráfanga“. Álag við ýmsa kennslu, t.a.m. íþróttakennslu. Annars er þetta það vitlausasta sem hefur komið inn í kjarasamning kennara frá upphafi, þar með taldir 130 tímarnir.
- Hendum vinnumatinu út!
- Margt.
- Sérþarfa námsgreina, kennslu sem fer fram annarsstaðar en í kennslustofu, mismunandi álags milli námsgreina, að ekki er hægt að setja kennslu og kennsluhætti upp í eitthvert exelskjál sem allt að 5 á að miðast við og meta allar greinar út frá því.
- Vinnuaðstöðu, kennslurým, tækniútbúnaðar og –umhverfis.
- Vinnuaðstæður, kröfur varðandi aukin samskipti við foreldra og forráðamanna.
- Ég vil hafa 24 stundir sem 100%.
- Ekki greina á milli starfsmanna eftir fögum - það er ósanngjarnt.
- Álags.
- Menntunar, t.d. M.Sc. eða Ph.D. = hærri laun.
- Gæða.
- Álag s.s vegna hávaða, áreitis, vinnuaðstöðu, sjúkragæslu, baðvörslu ofl.
- Hversu mikla sérþekkingu kennari þarf að hafa til að geta kennt tiltekinn áfanga. Þeir sem eru menntaðir á sviðum sem samkeppni er um á vinnumarkaði, lenda í að þurfa að kenna fámennum, illa metnum, sérhæfðum áföngum á hærri þrepum.
- Önnur störf unninn fyrir skólann.
- Hversu ört fagið breytist og þá hversu hratt og mikið kennari þarf að uppfæra þekkingu sína. Aðgangur að endurmenntun mætti líka vera meðal þess sem ætti að taka tillit til.
- Fjarnáms!
- Samkenndra áfanga.
- Taka fjarkennslu inn í dæmið.
- Vinnuumhverfið.
- Hve margir kennarar kenna fagið, 1,2,3 eða fleiri! Mikið álag er bara einn kennari kennir fagið, semur öll próf, þó svo hópar séu fámennir.
- Endurmenntun kennara.
- Ósatt við hvernig metið er eftir greinum.
- T.d. mikilli vinnu í tengslum við ferðaáfanga.
- Þverfaglegs samstarfs.
- Það þarf að vera byggt á mun sterkari grunni en það er.
- Dreifnáms.
- Önnur störf sem ekki er tekið tillit til, sérhæfing, tækjaumsjón, önnur ábyrgð.
- Hávaðaálag.
- Aðstöðu til kennslu
- Ég vil ekki vinnumat.

- Senda og svara póst, ganga milli stofa, álag sem fylgir því að hjóla í vinnuna, álag vegna skorts á vinnufrið í opnum rýmum, álag vegna lélegrar stjórnunar, álag vegna vanfjármagnaðs skólastarf, álag vegna starfa í þágu FF, álag vegna skorts á afleysingu í veikindum, álag vegna ósveigjanleika stjórnanda, álag vegna skemmtiferða á vegum skólans, álag vegna skipulagningar félagsviðburða fyrir samstarfsfólk.
- Mun á fjölda í hópum á 1 þrepi og 2 og 3 þrepi.
- Fjarkennslu.
- T.d. Stofu umsjón / viðhalds á verkfærum
- Þeirri vinnu sem innt er af hendi, en ekki illa grunduðum stöðlum.
- Betra mat og faglegri vinnubrögð við matsgerð.
- Samvinna innan deilda eða þverfagleg, aukaálag fyrir mikinn fjölda áfanga („pensúma“), sérúrræði ef námsgrein hefur tilhneigingu til að hafa litla hópa (dæmi: efstu áfangar í tungumálum), einnig þegar aðeins er um marga hópa í sama áfanga að ræða (dæmi: danska í flestum framhaldsskólum).
- Það er aldrei hægt að búa til kerfi sem metur alla á réttan hátt. Ólík sjónarmið og ólíkar aðstæður stangast á.
- Ég skil ekki þetta vinnumat.
- Að kennari fái aldrei næði til að gera námsmat vegna kerfisbreytinga.
- Tölvukennslu.
- Nýtt námsefni. Og í grunninn finnst mér að skerðing vegna endurtekkinna áfanga eigi að reiknast frá þriðju endurtekningu en ekki annarri. Þ.e. að grunnlaun miðist við að kennd sé ein endurtekning.
- Vinnumatið virðist vera mun meira sniðið að áfangakerfinu en bekkjakerfinu og t.d. að greiða minna fyrir endurtekningu kemur niður á kennurum sem kenna í bekkjaskólum.
- Undarlegt að ekki sé umbunað fyrir marga ólíka áfanga en skert vegna endurtekningar.
- Vinnumatið þarf að horfa sérstaklega á og lagfæra að ef það er verið að kenna endurtekna áfanga að þeir gjaldfalli ekki. Jafnframt þarf að endurskoða að kennslan gjaldfalli ef um einn nemanda er að ræða. Það þarf að hafa hugfast af hverju nemendur eru einir í tíma. Það er væntanlega ekki komið til af góðu. Það er geysilegt álag að kenna þessum nemendum sem þurfa sökum sérstöðu sinnar að vera einir í tíma.
- Undarlegt að ekki sé umbunað fyrir marga ólíka áfanga en skert vegna endurtekningar.
- Tímabundið v. aukavinnu v. innleiðingar þriggja ára náms og loka 4. ára samtímis. V. nemenda með sérþarfir, v. húsnæðis- og aðstöðuleysis, svo eitthvað sé nefnt.

Spurning 22: Hvernig myndir þú vilja sjá vinnumatið þróast til framtíðar**Leggja vinnumatið af.**

- Henda því gagnlaust plagg. Kenni framhaldskólabraut krökkum í hægferð. Fæ miklu minna borgað fyrir að kenna þeim af því að þau eru færri. Margfalt meiri vinna að kenna þeim en hinum en samt miklu minna borgað. Þau eru færri en ég þarf að útbúa mikið aukakennsluefni fyrir hvern og einn og því miklu meiri vinna. Ef nemendur falla um jólin hjá mér fæ ég minna borgað eftir jól. Eini munurinn á að kenna 21 og 15 er að það er aðeins minna að fara yfir langt frá því sem kemur fram í vinnumatinu! Vinnumatið er engan veginn að mæla rétt okkar vinnu!
- Leggja það niður og vinna þetta út frá kennslustundum. Fáránlegt að þeir sem kenna yngri hópum fái minna greitt. Það er í raun erfiðasta kennslan. Agavandamál, áhugi oft ekki til staðar - þarf að virkja nemendur meira.
- Ég myndi vilja sjá vinnumatið aflagt og kastað út í hafsauga.
- Sleppa því alfarið.
- Vinnumatið er óhugsandi til framtíðar og hefði aldrei átt að koma til greina. Ég vil sjá það burt sem allra fyrst.
- Skrítið að ekki skuli spurt hvort ég vilji vinnumatið áfram - ég vil það burtu! Þessi spurning gerir ráð fyrir að vinnumatið sé komið til þess að vera :- (Mikilvægt að 7. greinin verði virkjuð, ef vinnumatið verður áfram. Einnig er milvægt að skoða enn betur vinnu einstakra kennarahópa - tel kennara á starfsbrautum hafa farið mjög illa út úr vinnumatinu. Lítið/ekkert verið hlustað á raddir starfsbrautarkennara a.m.k. sést þess ekki staður í vinnumatinu.
- Hætta með það.
- Ég vil bara henda því út, handónýtt kerfi.
- Afnema það!
- Vinnumatið er ekki af hinu góða. Metingur um hvað hver og einn fái fyrir sína vinnu hefur aukist. Ég vil vinnumatið burt.
- Ég vil ekki vinnumat þetta er niðulægandi.
- Fyrst og fremst burt með þetta vinnumat sem hefur haft í för með sér aukna vinnu, lægri laun og meiri skerðingar sem er algjörlega óásættanlegt. Vinnumatið hefur leitt til meiri vinnu en ekki launahækkana. Kennarar hafa tapað áunnum réttindum sem barist hefur verið fyrir í mörg ár. Þetta vinnumatskerfi er stórt skref afturábak og hefur ekki gert annað en að valda sundrung í stéttinni og óánægju. Skammarlegt í einu orði sagt. Veit ekki til þess að lækna, hjúkrunarfræðingar, sjúkraþjálfarar, tölvunarafræðingar, flugstjórar og fleiri stéttir fái skerðingu á launum fyrir rútínerað starf svo sem að gera hjartaaðgerð, taka blóðþrýsting á skjólstæðingum sínum, fljúga sömu flugleið aftur og aftur og svona mætti lengi telja, en kennurum er gert að samþykkja það að fá lægri laun fyrir að kenna sama áfangann aftur og aftur þrátt fyrir að aldrei sé um sömu nemendur að ræða! Hreint út sagt skammarlegt þetta vinnumat í alla staði og ég vil það burt og mun aldrei skrifa undir samninga meðan vinnumat er til staðar.
- Burt með það!!
- Ég er ein af þeim sem er algjörlega á móti vinnumatinu. Mér finnst vinnumatið skerða starfsánægju kennara. Engin starfsstétt eða fáar vinna eftir svona kerfi sem byggir á magni en ekki er lögð áhersla á gæði. Vinnumatið hefur komið í veg fyrir framþróun því kennarar

telja það ekki inn í sínu vinnumati. Kennarar starfsbrauta hafa komið illa út úr vinnumatinu. Ég vil að vinna kennara verði metin af verðleikum og vinnumatið í núverandi mynd lagt niður.

- Það þarf að vera gagnsærra og einfaldara en það ætti að vera stefna Kí að vinnumatið sem slíkt hverfi - því kennsla er huglægt starf og framlag einstaklingsins í starfi verður ekki mælt með núverandi vinnumati sem myndi kannski henta í niðursuðuverksmiðju. gæði kennslunnar fara ekki eftir því hvort verið sé að kenna 10 eða 20 manns eða hvort nemendur séu 16 ára eða 19 ára. Það þarf að leita annarra leiða til að meta vandaða kennslu - og góða kennara. Hafi FF ekki vit á því að losa sig við vinnumatið verður það að vera ákveðið miðlægt, með bindandi sýnidæmum til að verja meðlimi FF.
- Ég vil ekkert vinnumat.
- Hætta því og fara í einfaldara og gagnsærra kerfi.
- Burt með vinnumatið.
- Ég vil fá það út. Tel þetta ekki góða þróun fyrir okkur kennara. Er mjög óánægð með þetta. óánægð með forsendur og hvernig var reiknað.
- Leggja það niður. Þetta er hvorki námi né kennslu til góða og það myndi engin önnur stétt láta bjóða sér það að launin breytist á hálfárs fresti.
- Það yrði lagt niður.
- Ég lít á vinnumatið sem uppfinningu andskotans, til þess fallið að etja framhaldsskólakennurum saman og vil því sjá það hverfa til frambúðar, en í staðinn verði kennarastarfið metið sem heildstætt og sjálfstætt starf með reisn og virðingu, án þeirrar baunatalningar eða afbökunar lýðræðis sem stjórn Félags framhaldsskólakennara hefur látið teyma sig út í.
- Ég myndi vilja sjá það aflagt. Kennarar eru fagstétt og viðfangsefni þeirra eru flóknari en svo að það sé hægt að meta þau út frá einfaldri talningu á nemendum eða einingafjölda eða einhverjum þrepaskala. Kennarar eiga að hafa ákveðinn ramma líkt og var í gamla kerfinu og gera sitt besta innan þess ramma.
- Leggja það af alfarið og greiða kennurum fyrir vinnu sína án svona sparðatíslu.
- Vil sjá það hverfa.
- Burt með það.
- Hendum vinnumatinu út í næstu kjarasamningum!
- Hverfa.
- Ekkert vinnumat.
- Sleppa vinnumatinu alfarið!
- Ég vil vinnumatið burt, strax!
- Þetta vinnumat er algjörlega glatað, það vitlausasta sem annars vel greind stétt hefur kallað yfir sig. Það að skólum sé stjórnað af exel skjölum er ekki ásættanlegt og kennara bara ráðnir í hlutastöður ... ég er að móti því að telja allt upp sumt ætti bara að vera hluti af okkar starfi og inni í okkar launum. Vinnumatið er of flókið og kennarar sitja ekki við sama borð er mismunað vegna kennslugreina, nemendafjölda, hæfnisþrepa og fleira. Samingarnefnd FF og stjórn ætti bar að sjá sóma sinn í að viðkenna að þetta voru mistök... og hverfa aftur til baka og henda líka þessum ákvæðum um stofnannasamninga því það er ekkert að virka Vinnumatið burt!
- Fella það niður í núverandi mynd.

- Ég vil sjá á eftir þessari baunatalningavél út um gluggann af 30. hæð. Kenni færri áfanga en áður og er látin tvítaka, því það er ódýrara fyrir skólann. Veldur sundrung og úlfúð hjá kennurum. Hefur dregið mjög úr starfsánægju minni. Hugsa mig nú tvisvar um hvort ég sé ekki að leggja of mikið í vinnuna miðað við greiðslu. Það gerði ég aldrei áður. Eyddi áður heilmiklu af frítíma mínum í að betrumbæta mig og prófa nýtt og ný verkefni en starfsánægja mín hefur beðið mikla hnekki og samskipti kennaranna í mínum skóla versnuðu til muna með þessu vinnumati. Eftir 5 ára háskólanám myndi ég telja kennara vera sérfræðinga í sinni kennslu og óþarfi að skoða ofan í háls málið á þeim og leggja þeim línurnar hvernig á að haga öllu í smáatriðum. Ég sæi lögfræðinga, viðskiptafræðinga, lækna og aðra sérfræðinga láta svona vinnumat yfir sig ganga. Hundfúl með þetta vinnumat, veldur mér ógleði í víðasta skilningi þess orðs!
- Einfaldlega að það yrði ekki vinnumat. Að minnsta kosti verður að taka tillit til fleiri þátta en gert er.
- Út!
- Ég held að núverandi vinnumat sé flókið og ógagnsætt. Ég vildi helst losna við það.
- Vil ekki vinnumat.
- Burt með vinnumatið!!!!!!! Ég vil alls EKKI að unnið verði með það áfram.
- Ég vil ekki vinnumatið í núverandi mynd. Kennarar eiga að fá laun í takt við vinnuframlag, álag, menntun og reynslu. Og fá yfirvinnu greidda fyrir aukavinnu, eins og vinnu um helgar á prófatíma.
- Að hætt verði með það.
- Til fortíðar!
- Ég vill að vinnumatið verði lagt niður og gamla kerfið tekið upp aftur þar sem strax var hægt að sjá hvert vinnuhlutfall yrði þegar úthlutun námshópa var orðin skýr.
- Leggja þessa vitleysu niður og taka upp hrein mánaðarlaun og þá vill maður leggja meira á sig. Núna legg ég bara fram vinnuframlag skv. vinnumati.
- Verði aflagt.
- Að það verði lagt af og gamla kerfið notað.
- Ég vil vinnumatið burt. Treysta starfsfólki til þess að það skili sínu vinnuframlagi sem byggt er á mjög vel skilgreindu starfi kennarans.
- Ég myndi vilja sjá vinnumatið hverfa - en þar sem það er líklega ekki að fara að gerast þá finnst mér að það ætti ekki að hegna kennurum fyrir að kenna í minni skólum úti á landi. Hópar eru minni og allt það en þá fær hver nemandi meiri og persónulegri aðstoð fyrir vikið. Einnig finnst mér ekki rétt að tímamæla kennara þar sem þá verður maður fljótt búinn með þær klst. sem maður á að nýta í hvern nemenda á önn.
- Hagfelldast væri að leggja vinnumatið af. Það var óheillaskref að setja það á og dæmi um ótrúlegan yfirgang kennaraforustunnar í því ferli öllu. Endurteknar kosningar ofl. til að ná fram óskaðri niðurstöðu.
- Lagt niður.
- Að það verði afnumið.
- Afnema það.
- Ég vildi losna við það því svona baunatínsla er fáheyrð og kjánaleg. Fólk hefur enga hugmynd lengur um starfshlutfall sitt, þetta er allt svo flókið. Svo er undarlegt að mismuna fólki eftir kennslugreinum og skapa þannig úlfúð og leiðindi. Ég mun ekki styðja vinnumat á þessum nótum.

- Ég vil vinnumatið út í hafsauga.
- Leggja það niður.
- Ég er algjörlega á móti vinnumati. Leggja það niður!!!
- Þótt vinnumatið hafi lítil áhrif haft á mínar aðstæður (hef aldrei haft sömu stöðu tvö ár í röð, og hef því ekki samanburð) er ég almennt mótfallinn því.
- Ég myndi vilja sjá það hverfa.
- Ég myndi vilja að það legðist af.
- Fjarlægja það. Það virkar ekki. Það eina sem að gerir er að flækja málin.
- Aflagt.
- Ekkert vinnumat, hefur alltof mikil áhrif á kennslu í litlum hópum þar sem verkleg kennsla fer fram og sem veldur því að ég fæ minni laun og þarf að taka að mér eitthvert annað verkefni vegna þess og það tel ég algjörlega óásættanleg.
- Finnst vinnumatið ekki ganga upp. Alltof margir ólíkir ávextir í körfunni til að setja þá alla í eitt Excel skjal. T.d. Starfsbrautir og hvað með dreifnámið ???
- Er á móti vinnumatinu.
- Taka það burt.
- Ég vil að það leggist af. Við erum á villugötum með þetta vinnumat. Mér finnst afar miður að laun kennara miðast við hausatölu í bekk ekki gæði kennslu. Ég t.d. hef ekkert með það að gera hvort það séu fáir eða margir í mínum hópum, það eru utan af komandi ástæður sem ráða því. Samsetning hópsins er heldur ekki í mínum höndum og erum við oft með fleirri einstaklinga með frávík eins og ofvirkni, athyggisbrest, einhverfu og kvíða o.s.frv. það er ekki tekið neitt tillit til þess né heldur nein úrræði fyrir þessa nemendur.
- Get aldrei samþykkt vinnumat eða kjarasamning sem byggir á órökstuddri mismunun á milli kennara.
- Ég vil ekki vinnumatið, þar sem kennara er refsað fyrir þætti sem hann hefur ekki áhrif á eins og fjölda nemenda og hæfniprep.
- Fella út vinnumatið og hætta þessu rugli. Notum heldur orkuna í að gera vel í kennslu.
- Kennarar skólans höfnuðu vinnumatinu.
- Ekkert vinnumat. Það á ekki við t.d. á Starfsbrautum og við íþróttakennslu.
- Leggja það niður og hafa bara mannsæmandi laun miðað við 100% starf. En ef ekki, þá aðlaga matið betur að raunveruleika starfsbrauta t.d. með tilliti til einstaklingsmiðaðs náms en ekki skerðingu ef um er að ræða tvo hópa í sama fagi, mikilvægi tímafrens umsjónar fyrir hvern nemanda og samstarf við forráðamenn og aðra fagaðila, tímafrenkrar námsefnisgerðar o.fl.
- Henda þessu djöflusins drasli út. Þetta mismunar, er ógagnsætt, flókið og stendur í vegi fyrir samstarfi og einhug meðal framhaldskólakennara. Auk þess, á spurning 9. að vera brandari?
- Hverfa.
- Ég vil ekki sjá það... Skólastjórnendur hafa núna öll tromp í hendi sér að halda úti fámenum áföngum og koma í veg fyrir möguleika á yfirvinnu. Slíkt er orðið að veruleika í mínum skóla. Það þarf að ráðast í gagngera endurskoðun á öllu þessu kjarasamningsdæmi.
- Vinnumatið er alls ekki sú leið til að bæta skólagöngu á Íslandi.
- Ég vil ekki sjá neitt vinnumat. Það á að leggja það af.
- Að það hverfi. Þetta er alls ekki gott fyrirkomulag.

- Hverfa eða a.m.k lagfæra það gagnvart iðngreinum og íþróttum.
- Vinnumat hefur valdið yfirvinnubanni við skólann. Ekki er hægt að lifa af grunnlaunum einum og sér við kennslu. Af þessu leiðir að vinnumat veldur því að ég mun að óbreyttu neyðast til að finna aðra vinnu en kennslu. Vinnumatið hefur því hvað mig snertir haft mjög neikvæðar afleiðingar.
- Leggja það af.
- Tekið verði fyrir óþolandi mismunun milli námsgreina enda engin haldbær rök eru fyrir slíku. Ómarktæk könnun sem hluti framhaldsskólakennara tók þátt í getur ekki legið til grundvarrar slíku. Helst vildi ég fá vinnumatið út af borðinu, takk fyrir!
- Virkja skilyrðislaust og að fullu alla meginþætti 7. greinar aðalkjarasamnings um þau atriði sem vinnumat skal byggjast á, en að öðrum kosti leggja vinnumat af þegar í stað.
- Ég myndi vilja sjá þá lagt niður. Held að það náist aldrei sátt um það. Það að fylla út matið er bæði of flókið og tímafrekt fyrir stjórnendur og einnig of flókið fyrir kennara að fylgjast með því að það sé rétt út fyllt. Hugmyndin var góð en framkvæmdin ekki.
- Hverfa.
- Tel vinnumatið ekki eiga rétt á sér þar sem það eina sem það gerir er að vekja upp óánægju milli kennara (kennslugreina) m.a. fer það ekki eftir stærð hópa nema að mjög litlu leiti hvaða vinna liggur á bak við undirbúning kennslunnar sem og sjálfrar kennslunnar þannig að ég vil vinnumatið í burt úr kjarasamningum.
- Leggja það niður og hverfa til fyrra horfs meðan unnið er í nýju launakerfi sem þarf að byggja frá grunni.
- Aflagt.
- Vil ekki vinnumat.
- Ég vil ekki vinnumat. Því að leggja niður einfalt og áreiðanlegt kerfi (laun skv. kenndum tímum) og flækja málin að óþörfu til þess eins að færa fé af einum kennara yfir á annan - það er fáránlegt!!!
- Eftir því sem ég veit best var vinnuframlag í hverri grein metið áður en vinnumatið var sett á en svo þegar ljóst var að vinnuálag er vægast sagt mismunandi eftir greinum virðist hafa verið gert eitt allsherjarmiðjumoðs vinnumat til þess að sætta mismunandi hópa. Mér finnst þá alveg eins gott að hafa ekkert vinnumat.
- Henda því. Nemandafjöldi segir ekkert til um álagið við að kenna. Miklu erfiðara og meira krefjandi að kenna 12 á framhaldsskólabraut en 20 „venjulegum“ nemendum. Samt greitt miklu minna fyrir framhaldsskóla krakkana.
- Hverfa.
- Það þarf ekkert vinnumat. Það þarf ekki að refsa fólki fyrir að kenna fámennum hópum. Þarf ekki einhver að kenna þeim?
- Vinnumatið er hrákasmíð. Félagsmenn mátuðu sig við skjal sem innihélt villur og voru látnir samþykkja þetta rugl á fölskum forsendum. Ég vil sjá þetta þróast í burtu.
- Eins og það var áður en vinnumatið kom til.
- Aflagt. Of flókið og ruglingslegt.
- Ég myndi vilja sjá það þannig að vinnumat yrði fellt niður og gamla kerfið tekið aftur upp. Vinnumatið er allt of flókið og mjög ósanngjart kerfi á engan vegin við í verknámi, er hentugt fyrir bóknám en ekki verknám. Burt með vinnumatið.
- Fella það niður.
- Hverfa.

- Þetta er algjörlega ónothæft kerfi fyrir verknám. Burt með þessa vitleysu. Á yfirstandandi önn eru um 60klst í frádrátt hjá mér vegna þessarar vitleysu.
- Spurning nr. 16 hér er mjög slæm, þar er einungis spurt hvort gera eigi fleiri/færri sýnidæmi sem skiptir nákvæmlega engu máli hvað varðar vinnumatið sjálft fyrir kennara. Sýnidæmin eru eingöngu úrvinnsla úr vinnumati sem hver og einn getur gert eftir að vinnumat hefur verið sett fram. Ég myndi vilja afnema vinnumatið í núverandi mynd. Að mínu mati er aldrei hægt að bera saman og meta mismunandi fræðigreinar þannig að allrar sanngirni sé gætt. Þessi leið var kynnt sem leið til hækkunar á launum, en því miður hefur það ekki verið raunin, stundum hefur þetta virkað til lækkunar, og í mínum skóla hefur það orðið til þess að öll yfirvinna var afnumin sem er mjög slæmt, þar sem laun kennara eru ekki mjög há. Þannig hefur vinnumatið að mörgu leyti virkað öfugt á við það sem því var ætlað (eða kynnt að væri ætlunin). Ef endilega á að vera með vinnumat er nauðsynlegt að það sé sanngjarnt, gegnsætt og heiðarlegt í öllum atriðum og að það virki ekki sem hömlun að það að gott fólk fái til starfa í framhaldsskólum landsins. Ég hef að sjálfsögðu hér enga patent lausn á stuttum tíma í lok skóladags, en núverandi kerfi vinnumats er tilraun sem að mínu mati heppnaðist því miður ekki nægilega vel og hefur heftandi áhrif á skólastarf og tekjumöguleika kennara. Lítil sem engin áhersla er þar t.d. lögð á þróunarstarf í skólum sem með grunnpáttum menntunar og áherslum aðalnámsskrár framhaldsskóla ætti að vera rauður þráður í skólastarfi ef við eigum að skapa betri skóla.

Gera vinnumatið auðveldara, sveigjanlegra, skiljanlegra og gagnsærra

- Það sé skiljanlegt! Núverandi vinnumat ruglingslegt og veit ekkert hvernig laun mín eru reiknuð út í þessu kerfi.
- Það þyrfti að verða skiljanlegt venjulegu fólki.
- Vera gegnsætt.
- Þetta er alltof flókið. Ég vil einfalda lífið - lærum af grunnskólakennurum sem eru komnir út í baunatalningu.
- Einfaldað - rökréttara sbr er niðurstaðan gagnvart raungreinum órökrétt þá er órökrétt að lægri áfangar séu skertir og algjörlega órökrétt að vinnumat sé skert ef kennari skipuleggur áfanga með símati.
- Verða skiljanlegra, einfaldara, fljótlegra og sanngjarnara. Þetta vinnumatskerfi er bæði flókið og mjög bundið huglægu mati hvers og eins. Persónulega gafst ég upp á að reyna að skilja vinnumatið og lokaði eyrunum fyrir umræðu um það; nennti einfaldlega ekki að þæla í því lengur. Ekki eru gerðar kröfur til annarra starfsstétta að reikna út framlag sitt til vinnu á slíkan hátt og gerðar eru til framhaldsskólakennara. Stundum er ég lengur að undirbúa kennslu og stundum ekki. Er ekki hægt að gera þetta á einhvern annan hátt?
- Skýrt og greinilegt.
- Ég skil vinnumatið ekki, finnst það alltof flókið og virkar allavega ekki í mínum skóla.
- Vinnumatið er ógagnsætt og eykur starfsóryggi meðal kennara, amk í minni skólum. Skylda þyrfti skólastjórnendur til að gefa áætlun um lágmarks starfshlutfall mun fyrr en raunin er (hefur gerst hér við upphaf haustannar).

- Einfaldast.
- Eitt starf, ein laun. Kennari ræður ekki fjölda nemenda í bekk eða fjölda pensúma sem hann fær. Það þarf að einfalda kerfið og gera það gagnsærra.
- Svo allir skilji framkvæmd þess - einfalt kerfi.
- Þarf að vera einfaldara, skiljanlegra. Þarf að gera ráð fyrir ólíkum nemendafjölda skóla.
- Það þarf að vera mun sveigjanlegra svo hægt sé að laga það að þörfum hvers skóla fyrir sig.
- Taka ætti út skerðingu vegna endurkenndra áfanga. Taka ætti tillit til seinfærra nemenda/nemenda með greiningar og ýmiskonar raskanir, þ.e virkja 12. greinina sem sagt var að væri inni í samningunum - en þegar til átti að taka var niðurstaðin sú að það mætti taka þessa ákveðnu þætti inn í vinnumatið og þar með var það náttúrulega ekki gert. Hætta að dæma námsgreinar mis mikilvægar - hver segir t.d. að það sé meira mál að kenna áfanga á þriðja þrepi heldur en því fyrsta? Svona mætti lengi telja. Það þarf sem sé að einfalda þennan gjörning allan og koma þessu á það form að venjulegt fólk nái og sjái samhengi hlutanna í þessu öllu saman.
- Einfalda nýja vinnumatið er vægast sagt flækingslegt og ill skiljanlegt.
- Einfalda.
- Einfaldara og skýrara.
- Þetta er alltof flókið. Verður að einfalda þetta og vera skýrt hvað megi láta kennara gera.
- Ég myndi vilja sjá alla bóknámskennara metna eins. Ég myndi einfalda matið, hafa eina tölu fyrir fastagreiðslu áfangans og eina fyrir nemendaháðu greiðsluna (það er óþarfi að sundurliða greiðslurnar í greiðslu fyrir próf, námsáætlun o.s.frv.). Ég myndi líka vilja sjá að 5 fein áfangi væri t.d. alltaf 180 tímar miðað við 25 manna hóp en svo væri hægt að skilgreina í hverjum áfanga fyrir sig hversu stórt hluti tímafjöldans væri nemendaháður. Þannig væri hægt að vera með verkefnamikla áfanga þar sem greiðslur breyttust mikið eftir nemendafjölda og svo áfanga þar sem nemendafjöldi skipti minna máli. (Í stað þess að fara svo í keppni við aðra í skólanum um hver fær að bæta í hvaða hluta hjá sér eða eins og þetta er núna að það er allt metið nákvæmlega eins og í vinnumatinu þá er einn núllpunktur (25 nem) sem er eins hjá öllum en hlutfall fastagreiðslunnar er breytilegt eftir eðli áfangans.) Einfaldara kerfi, minna karp.
- Lágmarka atriði sem það tekur til.
- Einfalda það.
- Verði einfaldara og að bóklegar greinar séu svo til eins metnar.
- Einföldun.
- Taka á þáttum skv. 7.gr. án þess að þurfa að semja sérstaklega um greiðslur - búið verði til ákveðin fasti t.d. fyrir nýtt námsefni, kennt í fyrsta sinn, samsetning nemenda hópa s.s. hve margir eru með greiningu - álag f. 10% fjölda og stighækkandi eftir fjölda Vinnumat allra kennara verði sýnilegt öllum á sameign kennara = gagnsætt launakerfi.
- Það verði einfaldað mjög vegna þess að það er óraunhæft að meta vinnuframlag nákvæmlega út frá einhverjum þáttum. Það verði ekki gert upp milli bóknámsgreina.
- Einfaldar í útfærslu og skýrar.
- Liðurinn „önnur vinna óháð nemendafjölda“ á vitaskuld að ná til stærðfræðikennslu eins og alla aðra bóklega kennslu. Þetta er reyndar atriði sem væri réttast að leiðrétta aftur í tímann. En í heildina tekið væri betra að einfalda vinnumatið - ekki flækja málið með smáatriðum.

- Ég vil sjá það þróast í að verða einfaldara. Það er flókið. Vinnumatið má undir engum kringumstæðum vera þannig að kennarar breyti námsmati vegna þess.
- Minna vægi hópastærðar og almenn einföldun kerfisins.
- Líkara kerfinu sem var, finnst þetta full flókið. Má einfalda þetta og ef óttinn snýst um að kennarar séu ekki að sinna vinnunni sinni eða fylla upp í sínar % þá má nálgast það með öðrum hætti. T.d. þannig að kennarar hafi meira tækifæri á samvinnu, teymisvinnu og fleiru sem gefst oft ekki tækifæri á nema utan vinnutíma.
- Færri þættir teknir inn í vinnumat, finnst það svolítið flókið.
- Einföldun, nemandafjölda í verklegum greinum sérstaklega þar sem nemendur eru farin að vinna við vélar. Allt of fjölmennir hópar, kennari ber alla ábyrgð ef það verður slys. Það er hvergi í kjarasamningum neitt ákvæði um þessi mál.
- Mér sýnist það flókið í notkun, eitthvað þarf að einfalda, einnig til að við kennarar skiljum betur á hverju við eigum von í launum.
- Mér finnst með þessu vinnumati verið að gera einfalda hluti alltof flókna. Það er búið að búa til of flókið kerfi og allt er farið að snúast um þetta kerfi en ekki aðal atriðið sem er kennslan.
- Einfaldari uppsetning.
- Að einhver skilji það og geti reiknað það út.
- Einfalda það mjög, þannig að langmest eða eingöngu sé tekið tillit til aðalbreytistærðanna eins og fjöldi pensúma, nemandafjöldi í hópum. Breytistærðirnar eiga þó ekki að aðskilja kennara þannig að himinn og haf sé á milli, frekar að ákveðið hámark og lágmark sé til staðar.
- Einfaldara og aðgengilegra fyrir alla.
- Ég myndi vilja sjá vinnumatið einfalt, gegnsætt, hnitmiðað og auðskilið.
- Að það verði einfaldað.
- Einfalda það. Það er mjög flókið að skilja hvernig allt er reiknað til.
- Einfaldara vinnumat. Sýnilegri kjarasamninga.
- Vera skiljanlegt og sanngjarnt.
- Vinnumatið er of flókið.
- Einföldun þannig að sem flestir kennarar skilji vinnumatið.
- Til einföldunar.
- Gera það einfaldara, leyfa minni hópa í verklegum greinum, eins og t.d. í Austurríki er eðlileg hópastærð 8 nemendur.
- Ég vil helst að með einföldum ramma, þar sem nemandafjöldi og gerð áfanga ræður mestu, verði hægt að skapa góða umgjörð utan um sveigjanlega kennsluhætti. Það á ekki að byggja vinnumat á kennsluháttum eða námsmati heldur skapa ramma sem eykur og ýtir undir sveigjanleika.
- Auðskiljanlegt og einfalt.
- Augljósara hvernig á reikna úr því.
- Finnst verið að flækja hlutina of mikið með vinnumati. Vinnumat farið að stýra faglegu starfi.
- Einfaldara.
- Einfaldara vinnumat. Vinnumatið sé miðað við núverandi áfanga en ekki gamla kerfið. Eðlilegra að borga fyrir tíma en (f)einingar. Það er fáránlegt að stærðfræðikennarar fái minni tíma til undirbúnings en tungumálin.

- Þarf að vera einfaldara.
- Annað hvort mun einfaldara, eða algerlega smámunasamt um alla hugsanlega þætti.
- Einfaldast og gera minni greinarmun milli greina, helst engan.
- Vil sjá meiri sveigjanleika til að hækka í launum.

Auka jafnrétti

- Að tekið sé jafnt tillit til verklegrar og bóklegrar kennslu. Þó minna heimanám sé í verklegri kennslu eru yfirleitt gríðarlega blandaðir hópar og miklu meira maður á mann kennsla og undirbúningur fyrir tíma.
- Þróist í þá átt að tekið sé tillit til þeirra þátta sem voru nefndir í kynningu á vinnumatinu og nefndir voru hér að framan. Einyrkjar í starfi, erfiðir nemendahópar, kenna margar námsgreinar/fög. Allar raungreinar séu metnar jafnt þegar kemur að tímum sem eru ekki kenndir, færri í jarðfræði en öðrum raungreinum núna, sem er óskiljanlegt.
- Það er óásættanlegt að raungreinar/stærðfræði og aðrar bóknámsgreinar séu ekki metnar jafnt.
- Draga úr innbyrðis deilum kennara með mishá laun fyrir sömu vinnu.
- Tillit tekið til fleiri þátta, námsörðugleikar o.s.frv. Að efraprepsáfangar séu metnir „erfiðari“ (fleiri tímar) er alveg öfugsnúið.
- Í átt að sanngirni!! Hætta að skerða vegna endurtekningar- sem er algjör skandall. Hópar eru aldrei eins þó sama fag sé verið að kenna, þar er nemendasamsetning mismunandi og verið að reyna koma til móts við alla minnkar ekki vinnu þó sama fag sé verið að kenna. Ekki á að mismuna greinum eftir því hvort þær flokkist sem raungrein eða bóknám. Skipting á þrep er ósanngjörn. Síst minn felst í að kenna lægri áfanga og er í raun talsvert meira álag er að vinna með nemendur sem styttra eru komnir og misundirbúnir úr grunnskólum landsins.
- Að allir standi jafnfætis varðandi laun, þ.e. að tekið sé tillit til mismunandi nemenda og greina.
- Vinnumatið þarf að vera þannig gert að það mismuni ekki skólum. Þetta er örugglega fínt fyrir þá kennara sem vinna í fjölmennum skólum en fyrir okkur „litla fólkið“ þá gengur þetta engan veginn.
- Kennurum þriðja tungumáls er „refsað“ fyrir það að fyrstu þrjú áfanga flokkast á 1. þrepi. Ég myndi vilja sjá endurskoðun á þeim þætti. Það nær efalaust yfir fleiri kennslugreinar og mætti skoða sem heild.
- Það að undirbúningstími stærðfræðikennara og tími til yfirferðar sé metinn minni en tími til þessara verka hjá öðrum fagkennurum er óskiljanlegt. Ef eitthvað væri þá ætti þessi tími að vera aukinn hjá stærðfræðikennurum. Hópar eru stórir, nemendur misvel staddir og ef vel ætti að vera þarf að hafa fleiri en eitt verkefni í gangi á sama tíma.
- Jarðfræðikennarar séu metnir jafnt og aðrir raungreinakennarar og skrapí ekki botninn í vinnumatinu. Að í jarðfræði séu tvö þrep eins og í öðrum greinum. Taka þarf á hvernig símatsáfangar eru greiddir, hvernig borga skal áfanga án tímasóknar og endurskoða greiðslur f. P-nemendur og þá sérstaklega ef áfanginn er ekki kenndur á önninni (4 klst fyrir að semja lokapróf og viðveru í því er of lítið). P.s. valmöguleika vantaði fyrir jarðfræðikennara í spurningunni um kennslugrein og því varð ég að setja raungreinakennari þótt mitt vinnumat sé allt öðruvísi en þeirra.

- Meiri jöfnuður milli námsgreina og að sá skilningur sé fyrir hendi að ALLT nám sé jafn mikilvægt. Það hallar verulega á list- og verkgreinakennara í hinu nýja vinnumati og hefur einungis valdið sundrung og leiðindum milli kennara í blönduðum skólum, þ.e. í skólum sem bæði bjóða upp á bók- og verknám. Hef starfað í framhaldsskóla í tæpa þrjá áratugi og þetta er óréttlátasta og vitlausasta mælistika/launaröðun sem ég hef upplifað.
- Vil benda á að ég kenni aðallega náttúrufræðigreini, jarðfræði, sem hefur annað vinnumat en aðrar náttúrufræðigreinar (efnafræði, eðlisfræði og líffræði). Þessi spurningalisti tekur ekki á mikilvægasta þættinum varðandi jarðfræðikennsluna, þ.e. að vinnumatið endurspeglar einfaldlega ekki starfið. Vinnumat fyrir jarðfræði þarf að endurskoða og samræma annaðhvort við raungreinar (sem ég tel réttast og eðlilegast) eða félagsgreinar. Vinnufyrirkomulag og verklegir þættir í jarðfræði eru alls ólíkir kennslu í stærðfræði og ótrúlegt að sama vinnumat sé látið gilda fyrir þessar greinar. Gera verður þá kröfu að vinnumatið endurspegli raunveruleika jarðfræðikennara en ekki eitthvað allt annað. Endurskoða þarf liðinn „vinna óháð nemendafjölda“. Það er mjög einkennilegt að jarðfræði, ein náttúrufræðigreina, fái ekki metnar stundir undir þeim lið þar sem verkleg kennsla fer fram í jarðfræði, er í reynd mjög áþekk verklegri kennslu í sumum líffræðiáföngum og um áfangana ætti einnig að gilda sömu viðmið um hópastærðir. Jarðfræðikennsla hefur breyst mikið enda frampróun greinarinnar hröð og sú breyting á að koma fram í vinnumatinu en gerir ekki. Einnig þarf að endurskoða frádráttinn vegna endurtekens áfanga, ekki skal draga frá fyrir eina tvítekningu (mætti draga frá fyrir tvær) en aukalega greitt þegar kennd eru fjögur námsefni enda vinnuálag þá mjög mikið. Svo hefur 7. greinin (að mig minnir) litlu skilað í mínum skóla.
- Hætta að gera upp á milli námsgrein.
- Ég vil sanngirni og við mig sé haft samráð.
- Finnst algjörlega GALIÐ að fólki sé mismunað eftir því hvaða fag það kennir. Metnaðarfullur kennari notar allan sinn tíma í að sinna starfi sínu vel. Til góðir og slakir (metnaðarfullir eða óhæfir) kennarar sem kenna sömu grein! Fólk á, skv jafnréttisstefnu, að fá sömu laun fyrir sambærilega vinnu og nýja vinnumatið fer ekki eftir þessu, sem mér finnst vera til háborinnar skammar! Af hverju er t.d. vinna raungreinakennara svona lítið metin miðað við vinnu íslenskukennara? Er mjög ósátt við þennan ójöfnuð og hef íhugað að skipta um starfsvettvang vegna þessa. Get ekki séð að kennarar sem kenna ákveðna grein séu að leggja meira á sig en þeir sem kenna aðra grein. Það er hinsvegar mjög persónubundið hversu mikinn metnað fólk leggur í vinnu sína, óháð kennslugrein. Lagið þennan ójöfnuð!!!!
- Ég vil sjá vinnumat stærðfræðikennara/raungreinakennara lagfært þannig að þeir séu ekki með lægra vinnumat en aðrir bóknámskennarar. Ég vil einnig sjá að kennari sem kennir 4 áfanga sé með 100% starfshlutfall og þurfi því ekki að taka að sjá aukakennslu eða önnur störf til að fylla upp í fullt starf. Það hvort viðkomandi kennari er fáa nemendur eða er úthlutað kennslu í neðri áföngum á ekki að koma niður á launum hans. Hins vegar má umbuna kennara sem er með marga nemendur.
- Jafnrétti meðal námsgreina. Vinnumatið skiptir kennurum í hástétt og lágstétt. Gamli íslenskukennarar vs ungir listakennarar sem dæmi. Nemendafjöldi hefur ekki svona rosalega mikil áhrif. Ekki refsa þeim sem eru með minni hópa þar sem einstaklingar þurfa gjarnan einstaklingsleiðsögn, sbr listaáfanga og tölvuáfanga. Ekki refsa kennurum ef tölvustofa skólans tekur ekki fleiri en t.d 13 nemendur.
- Ekki gera betur við einn hóp kennara á kostnað hinna. Er ekki hægt að gera vel við alla?

- Í átt að meiri sanngirni almennt, þeir sem kenna t.d. íþróttir þurfa sennilega að eyða svona helmingi minni tíma fyrir sömu laun.
- Að hætt verði að líta á listnámskennslu sem auðveldari en bóknámskennslu.
- Vinsamlegast hættið allri mismunun á kennslu milli faga.
- Tekið til fleiri þátta en bara nemendafjölda og yfirferð á verkefnum óháð fjölda þeirra í áfanga. Samræma þyrfti lágmarksfjölda verkefna. Koma þarf til móts við aðrar greinar en bóklegar og taka tillit til fjölbreytilegrar vinnu við kennslu verkgreina. Þær eru breytilegar alveg eins og allar bóklegar greinar eru ekki eins. Kenni bæði bóklega og verklega áfanga - finnst hvíld í því að kenna bóklegt í samanburði við verklegt - bæði undirbúning og frágang sem mér finnst ekki verið tekið tillit til í núverandi vinnumati.
- Myndi vilja sjá minni mun á vinnumati milli námsgreina. Mjög undarlegt hvernig sumir áfangar eru metnir. T.d. sérhæfðir áfangar á starfsbrautum, svokallaðir almennir bóknámsáfangar og auk þess almennar raungreinar. Ekki hægt að sjá að minni vinna liggja á bak við kennslu þeirra en annarra áfanga. Flestir þeirra krefjast auk þess að kennari fylgist vel með nýjungum (næringarfræði og jarðfræði mætti nefna í því sambandi) en það virðist vera metið í félagsgreinum en ekki fyrrgreindum áföngum. Einnig hefur borið á að sumir kennarar kenni ítrekað fámennum eða illa metnum áföngum á efri hæfniprepum af því enginn annar hefur þá menntun sem þarf til að kenna þá (gæti átt við efri áfanga í stærðfræði og sýklafræði). Nemendafjöldi ætti því, að mínu mati, ekki að telja eins mikið og í gildandi vinnumati. Og velja þyrfti með markvissari hætti hvaða áfangar flokkast sem fagbóklegir og hverjir ekki. Virðist vera handahófskennt? Eins þykir mér ekki að skerðing (a.m.k. ekki svona mikil) ætti að vera vegna endurtekinna áfanga. Frekar ætti að vera leiðindaálag fyrir endurtekninga.
- Sem stærðfræðikennari er ég mjög ósátt við það að vinnumatið geri ráð fyrir því að það séu færri klukkustundir í vinnu á hvern áfanga en í öðrum bóknámsgreinum. Ég tel að þetta þurfi að endurskoða og meta þurfi vinnu stærðfræðikennara til jafns við aðra bóknámskennara!
- Ég vona að vinnumat framtíðarinnar meti kennslu í raungreinum og verklegum greinum (t.d. hússtjórn, líkamsrækt) jafn vel og aðrar greinar.
- Meira tillit tekið til ólíkra námsgreina.
- Sanngjarnara.
- Í núverandi samningum er verkefnayfirferð ekki metin rétt. Kennarar þriðja tungumáls fá ekki rétt greitt fyrir alla þá vinnu sem þeir leggja í að fara yfir verkefni nemenda. Þeir ættu allavega að vera metnir til jafns við ísl.kennara.
- Vinnumatið er jákvætt á margan hátt fyrir aðra af mínum kennslugreinum alls ekki hina. Í þeirri grein kenni ég fámennum en þungum hópi fag þar sem kennsluefni er af skornum skammti. Það verður að teljast inn í vinnumatið.
- Þeir sem kenna bóklegar greinar séu metnir jafnir - bull að íslenskukennari sé á hærri launum en stærðfræðikennari. Hafa álag fyrir marga nemendur en ekki frádratt fyrir ef hópur er kannski 20 nem. áfangar af herra þrepi þurfi ekki að líða fyrir að vera fámennir. Númer eitt tvö og þrjú að gera ekki mun á því hvaða bóklega grein þú kennir!
- Mér finnst óréttlátt að bóknám skuli bara ekki allt vera metið eins. T.d. finnst mér óréttlátt vinnumat raungreinakennara og stærðfræðikennara. Þeir vinna ekki minna en íslenskukennarar sem eru metnir miklu meira. Tek það fram að ég kenni enga af þessum greinum. En mér fyndist réttlátt að allt bóknám væri metið eins.

- Það er mikilvægt að sníða af núverandi vinnumati galla sem einkum bitna á raungreinakennurum. Vinnumatið má ekki valda úlfúð og leiðindum milli kennara en dæmi eru um það núna.
- Það er allt of mikil vinna að fylgjast með þessu og setja sig inní það. Allt of flókið og sundrar kennarastéttinni í hópa eftir því hvað þeir kenna. Skrýtið að meta sum fög meira en önnur en mér hefur fundist það mikið í umræðunni að bóknám sé metið sem erfiðara námsefni að kenna en ég hef ekki skilið rökin fyrir því af hverju það er. Sumt hefur ekki verið metið eins og talað var um eins og umsjón verklegrar stofu og umsjón tækja og fl.
- Jafnrétti.
- Myndi vilja sjá það fara að einhverju leiti út í skólana. Það er of miðstýrt. Stærðfræði í einum skóla er kennd með allt öðrum hætti í næsta skóla. Það er tvennt sem einkennir vinnumatið að mínu mati. Það er gert vel við þá elstu og þá sem hafa mikinn nemendafjölda á bak við sig. Óháð öllu öðru. Þannig kerfi heillar mig ekki. Það væri skemmtilegra að geta samið um hluta af laununum í stað þess að fá allt sjálfkrafa með aldri. Ég kenni oft efstu áfangana í stærðfræði. Hins vegar koma kennsluléttari áfangar á almennri braut eða grunnáfangar miklu betur út fyrir mig. Sanngjarn vinnuveitandi myndi einfaldlega laga þetta.
- Mér finnst ósanngjarnt að bæta því á mig að þurfa að: setja mig inn í svo flókinn hlut sem vinnumatið er; það er aukaleg vinna og aukið álag; ég persónulega er haldin talnablindu og á í erfiðleikum með að skoða tölur, held sjálf nákvæmt heimilisbókhald en þarf að hafa fyrir því að halda utan um tölur mínar. Mér segir svo hugur að ég sé ekki ein í þessari stöðu; meirihluti þjóðar fær falleinkunn í fjármálalæsi (skv. könnunum 2ja stofnana) undanfarin ár. Ég hef heyrt í vinnufélögum mínum mörgum og sýnist að verk-, listnáms- og íþróttakennarar séu sammála um að vinnumatið komi illa út. Þess vegna finnst mér þetta vinnumat vera skref í kolaranga átt, betra hefði verið ef fagfélagið hefði staðið betur að baki öllu fólkinu sem greiðir í félagið og fundið betri leiðir. En líklega eru bara bóknámskennarar á skrifstofunni og engir til að halda fram hagsmunum hinna fyrrnefndu hópa.
- Að það verði metið sem jafnast á milli faggreinar, bóklegra og verklegra !
- Taka tillit til allra greina, ekki aðeins bóklegra. Viðhorf og skilningur varðandi verklegra greina þarf að vera!
- Að tekið yrði meira tillit til raunverulegs vinnuálags, ekki bara sýnidæma. Hér er t.d. samkennari minn með lítinn en mjög erfiðan hóp. Hún fær nú lægri greiðslu en samkennari með stærri nemendahóp þrátt fyrir að vinnuálaga og vinnuástaða hennar sé meiri/verri. Ekki gott.
- Það ætti ekki að vera skerðing fyrir að kenna tveimur hópum í 403 t.d. heldur aðeins hærri laun ef maður kennir 4 ólíkum hópum - ætti ekki að fá lægri laun vegna þess að hópur er á lægra þrepi þar sem þeir hópar geta verið mun erfiðari og reynt meira á.
- Það á ekki að halla á litla skóla, oft erfiðara að kenna þrep 1 meira um agavanda og slíkt en núna fáum við minna fyrir messa nýnema áfanga sem erfiðara að kenna, það þarf að meta að leiðsagnarmat er tímafrekt, það þarf að taka tillit til fjölbreyttra kennsluhátta, miklu meiri vinna í verkefnaíðuðu námi en fyrirlesturum
- Mikilvægt að það sé ekki borgað minna fyrir að kenna yngri nemendum. Efri áfangarnir krefjast vissulega dýpri þekkingar á efninu en kennarinn þarf að glíma við önnur mál hjá yngri nemendum, t.d. agamál og aðlögun nemenda að framhaldsskólanum.

- Að vinnumatið meti kennara á framhaldsskólabrautum betur til launa (15 nem. er bara alltaf há tala). Að undibúningur fyrir kennslu á framhaldsskólabraut sé 5 mín. minni en hjá flestum öðrum kennurum er óásættanlegt.
- Þannig að verði metið að greinar eru misjafnar. Sumar þarfnast mjög mikils undirbúnings, aðrar ekki. Í sumum greinum þarf að fara yfir mikið námsefni, í öðrum ekki. Ég vil að það verði metið í íþrótt og verknámsáföngum að það er gríðarleg vinna á staðnum og að fólk átti sig á því að greinarnar eru misjafnar. Ekki verðlauna þau launalega og tímalega séð sem eru með bóklega áfanga frekar en kennara í öðrum greinum. Allir áfangar eru jafn mikilvægir.
- Ég vil sjá að kennarar sitji við sama borð en séu ekki ólíkt settir eftir fögum. Ákveðin fög eru hefðinni samkvæmt tryggð þar sem nemendur fá ekki að velja þau. Laun kennara slíkra faga hækka með vinnumatinu. Laun kennara sem kenna valfög lækka og geta þeir auðveldlega lent í skerðingu á starfshlutfalli. Of mikið er á reiki hvort og hvenær hægt sé að setja álagsprósentu hjá kennara sem er með erfiðan hóp, t.d. fjölda nemenda með greiningar og jafnvel lága greind.
- Að greinum séu ekki mismunað, svo kennarar verði ekki mismetnir við störf sín. Lítið kvetjandi fyrir komandi kennara.
- Sangirnir fyrir allar stéttir, ekki upphafningu bóknáms.
- Vinnumatið hefur þau áhrif að það myndast rýgur milli kennara um skiptingu áfanga. Laun eftir hæfniprepum er ekki gott því það borgar sig þá að taka áfanga á lægri hæfniprepum því þeir eru fjölmennari og þú færð lítið fyrir sérþekkingu.
- Vinnumatið kemur mjög illa út hjá ungum kennurum og sérstaklega hjá þeim sem kenna stærðfræði. Það er í höndum stjórnenda að ákveða hópastærðir og kennsluskiptingu. Kennarinn ræður því ekki og ef skiptingin er misjöfn getur kennarinn átt von á að vera settur í einhver verkefni sem stjórnendur ákveða. Fámennir hópar geta oft verið erfiðari en fjölmennir og því mætti vera þak á nemandafjölda en ekki ákveðið lágmark. Yfirleitt þarf jú ákveðinn fjölda nemanda til þess að það borgi sig að kenna áfanga. Skiptingin á milli bóklegra greina er svo misskipt og kallar á sundrung innan stéttarinnar. Að meta vinnu t.d. félagsfræðikennara eða tungumálakennara meira en vinnu stærðfræðikennara er algjörlega út í hött. Mér finnst ekki eðlilegt að kennari sem vinnur fullan vinnudag og vel það sé rukkaður um 60 - 80 klst á önn í einhverja vinnu sem stjórnendur ákveða, vegna þess að hann fyllir ekki út í meingallað vinnumat. Eins og áður sagði kallar þetta á sundrung innan stéttarinnar og eins er verið að fæla frá vel menntað og hæft starfsfólk og þá sérstaklega í stærðfræði og raungreinum. Það var áberandi hversu mikið var auglýst eftir lausum stöðum við stærðfræðikennslu fyrir þetta skólaár. Var fólk að hætta vegna aldurs, færa sig á milli skóla, fara í fæðingarorlof eða snúa sér að öðrum starfsvettvangi?
- Mér finnst ekki sanngjarnt að kennarar þurfi að gera grein fyrir hverju atriði sem þeir gera í kennslu eða í undirbúningi kennslu eða yfirferð verkefna og prófa til að fá meiri eða minni laun. Ekki veit ég um aðrar starfstéttir sem fá launin sín með þessum hætti.
- Þetta er bara ekki eðlilegt, feiningar eiga að byggja á vinnu nemanda, en á sama tíma fá sumar greinar fleiri tíma með hverri einingu en aðrið, t.d. hvers vegna fær stærðfræði enga tíma óháð nemandafjölda, meðan aðrar greinar eins og saga, félagsfræði og íslenska fá 4-8 klst. Ég veit ekki betur en að við þurfum að uppfæra okkur eins og þeir, við erum með sömu nemendur með sömu örðugleika. Vinnumatið leiðir til leiðinda milli kennara, það stuðlar að sundrungu í stéttini, það sem allir eru að miða sig við aðrar faggreinar. Þetta er ekki stéttini hollt. Vinnumatið er óljóst, og erfitt að sjá hvernig það reiknast (reglurnar bak

við útreikninga) OG Síðast en ekki síst það er fáránlegt að ég sem kennari taki á MIG hvernig til tekst að setja stundatöflur saman, hvers vegna er það mitt að taka á mig töflubreytingar og annað hjá nemendum fyrstu vikuna. Enginn annar vinnustaður segir við þig, Jæja ég ætla að ráða þig í 80-100% starf ég læt þig vita eftir 2og hálfu viku hvert vinnuhlutfallið þitt er, en þú mætir alla daga og skilar fullri vinnu þangað til. Það eru mannréttindi að vita lámarkslaun sín þegar skóli hefst, að maður geti misst 1/2 yfirvinnunar eða jafnvel alla eftir að kennsla hefst er bara RUGL.

- Ég er ekki hrifin af því að gert sé svona mikið upp á milli námsgreina og jafnvel innan sömu greinar. Oftast er erfiðara að hafa byrjunaráfanga í tungumálum t.d.
- Sanngirni yrði í því milli ólíkra námsgreina.
- Að illa rökstudd mismunun á milli námsgreina og greinaflokka eftir því hvað greinarnar heita hverfi úr námsmatinu. Mér finnst meira hafa verið lagt upp úr því hvað menn segjast vera lengi að vinna tiltekin verkefni, en minna spurt að gæðum vinnunnar sem ætti þó að skipta megin máli. Gæðin eru alls ekki endilega í hlutfalli við þann tíma sem kennarar segjast nota í vinnuna.
- Svona vinnumat verður aldrei sanngjarnt og þetta var vont skref sem stigið var. Það að mismuna kennurum eftir því hvaða grein þeir kenna er ekki góð hugmyndafræði. Það verða líka miklir hagsmunarárekstrar í svona kerfi þegar kemur að kennsluskiptingu.
- Vinnumatið er ósanngjarnt og verður aldrei sanngjarnt - of margir breytipættir sem er ekki hægt að mæla fræðilega. Sýnidæmin eru óraunhæf. Borga þyrfti föst laun eins og öðrum ríkisstarfsmönnum eða kennurum í öðrum löndum.
- Vinnumatið veldur sundrung í stéttinni. Það er alveg hrikalegt að sjá hvernig það fer með jarðfræði- og leikfímikennara, til dæmis. Vinnumatið var kynnt á allt annan hátt en raunin varð (óháð fögum átti að meta mismunandi þætti og hefði þá t.d. hópastærð og hávaði og álag gilt til hækkunar hjá leikfímikennurum) og mér finnst það mjög ósanngjarnt og hræðilegt kerfi!
- Vinnumatið er ekki sanngjörn leið til að meta vinnuframlag kennara. Það felur í sér ójöfnuð milli námsgreina og slembilukka stýrir því hvernig hver áfangi kemur út. Kennarinn hefur ekki stjórn á því hvort hann lækkar eða hækkar í launum miðað við stærð hópa.

Hætta skerðingu launa

- Föst laun, fastir tímar og fjöldi nemenda á ekki að vera til minnkunar launa eða aukningar í tíma kennara.
- Lækka viðmið hópastærðarinnar svo okkur hefnist ekki fyrir að hafa litla hópa.
- Að tryggt verði að þeir sem kenna strípaða stöðu skuldi ekki vinnutíma; að einföld staða, án yfirtíðar, sé full vinna.
- Mér finnst vinnumatið almennt ekki henta vel bekkjarkerfinu. Erfitt var að búa til sanngjarnar tölur fyrir marga áfanga. Ég kenni oft í litlum hópum (10-15 manns) þar sem er mikið vinnuálag (próf og heimaæmi í hverri viku, 2-3 lokapróf á hverri önn). En ég fæ minna borgað fyrir slíka vinnu heldur en þegar ég kenni í stærri hópum (27 manns) þar sem vinnuálag er ekki nema fjórðungur af því sem ég nefndi. Mér finnst námsmat eigi að vera mikilvægri þáttur heldur en nemandafjöldi. Almennt er öll vinna tengd prófum illa metið í mínum skóla. Síðan vinnumatið kom í gildi fá allir kennarar sömu laun vegna vinnu tengd prófum, en raunin er að sumir semja mörg próf og önnur fá. Í gamla daga var hægt

að fá afslátt af t.d. yfirsetum í prófum en þetta er ekki leyfilegt lengur. Fjöldi yfirseta fæst beint af starfshlutfalli.

- Ég myndi vilja sjá vinnumatið taka tillit til þyngdar nemendahóps, enn frekar til fjölda nemenda, í meira mæli til þyngdar yfirferða verkefna og hversu misjafnlega lengi tekur að undirbúa hina ýmsu kennslu.
- Að það verði klárt í upphafi annar hvaða laun maður er með.
- Miklu skýrari og að hluti félagsmanna verði ekki fyrir kjaraskerðingu. Félagsmenn verða að fá jákvæðari mynd af vinnumatinu.
- Þannig að það komi ekki niður á kennurum í litlum skólum sem geta ekki gert að því að skólinn sækir nemendur á lítil svæði. Á eftir að gera slíkum skólum erfitt um vik að endurnýja starfslið sitt þegar núverandi kennarar eldast úr starfi.
- Nemendafjöldi á ekki að ráða kaupinu mínu. Ég á að vita hvaða laun ég fæ strax og vinna hefst ekki eftir þrjár vikur. Kennarar sem kenna fámenna áfanga eiga ekki að líða fyrir fámennið. Með nýju námsmati verður nám fátæklegra því fámennir áfangar eru felldir niður. Skólar setja þak á nemendafjölda til að þurfa ekki að borga yfirvinnu.
- Endurskoða það reglulega og taka mið af innra starfi eða fagmennsku kennara fremur en fjölda nemenda. Fjöldi nemenda virðist vera sá þáttur einn sem hefur áhrif.
- Að kennarar fái í raun borgað fyrir þá vinnu sem þeir inna af hendi. Í því samhengi er nauðsynlegt að taka tillit til fleiri þátta heldur en hópastærðar og hæfnipreps. Minni hópar á hæfniprepi 1 og 2 geta verið meira krefjandi á kunnáttu og hæfni kennarans heldur en stórir hópar á hæfniprepi 2 og 3. Algjörlega nauðsynlegt að tekið sé tillit til samsetningu nemendahópsins, hvort þar séu margir nemendur með námsörðugleika sem þurfa ef til vill að fá öðruvísi nálgun þegar farið er yfir námsefnið. Í núverandi vinnumati er ekkert tillit tekið til þessa þó að það hafi átt að vera partur upphaflega en náði aldrei í gegn. Svo eru það áfangar sem eru ekki með neina kennslubækur heldur er það á ábyrgð kennarans að vera með efni við hæfi og getu nemendana. Sumt námsefni, t.d. í tölvu og tæknigreinum, endurnýjast tiltölulega hratt og er því stöðugt verið að skipta um námsefni í þessum greinum til að vera í takt við þróunina en ekkert tillit er tekið til þess í vinnumatinu að það tekur tíma að innleiða nýtt námsefni og útbúa ný verkefni o.s.frv. Landsbyggðarskólar sem bjóða upp á sérgreinafög lenda frekar í skerðingu vegna þess að hópastærðir ná aldrei meðalhóp og er alltaf verið að keyra kennsluna með lágmarks fjölda nemenda. Eitthvað þarf að gera til að koma til móts við þarfir landsbyggðarinnar svo sérgreinanám lognist hreinlega ekki út þar. Svo er algjörlega nauðsynlegt að áfangar séu rétt skilgreindir hjá ráðuneytinu - það getur skipt sköpum í vinnumatinu hvort áfangi sé skilgreindur sem venjulegur áfangi eða fornámsáfangi. Áfangar sem ráðuneytið túlkar sem venjulega en skólinn túlkar sem fornám hefur áhrif á vinnumat kennarans þar sem auðvitað er farið eftir skilgreiningu ráðuneytisins og allt lendir í skerðingu vegna þess að ráðuneytið vill hafa X mikinn fjölda í hópnum (18-24) en það er ekki fræðilegt að keyra hópinn nema með 12-14 nemendum vegna samsetningu nemendahópsins. Nauðsynlegt að allar svona villur séu leiðréttar svo kennarar fái rétt og sanngjarnt vinnumat - ef það verður haldið áfram yfirhöfuð að hafa vinnumat.
- Sem kennari í litlum skóla finnst mér það alltof mikið byggjast á nemendafjölda - og of lítið tillit tekið til þess að kennarar í litlu skólunum þurfa að kenna marga mismunandi áfanga, jafnvel í mismunandi námsgreinum. Alltaf verið að kenna nýja áfanga.

- Að ekki þurfi að vera 25 nemendur í bekk til að fá full laun fyrir áfanga, það er ekki gott að hafa svo marga nemendur í einu í tungumálum. Að skerða ekki vegna endurtekinna áfanga.
- Ég myndi vilja að nemendur yfir ákveðinni tölu (t.d.25) verði dýrari þannig að þegar hópar eru orðnir 35 manna borgi sig frekar að vera með annan hóp í áfanganum heldur en að bjóða nemendum upp á að vera í 35 manna hóp. Ef eitt markmið með nýrri námsskrá er að nemendur verði virkari í tímum mætti kannski skoða það að hóparnir þurfi að vera minni til að alla nemendur sé hægt að virkja. 35 manna hópur býður kannski ekki upp á mikið annað en fyrirlestra.
- Vinnumatið þarf að vera þannig, að við kennarar þyrftum ekki að vinna yfirvinnu, til þess að fá sæmilegt kaup og að það sé sanngjarnt, því færri nemendur í hópi þýðir ekki minni og léttari vinnu. Það er ósanngjarnt t.d. til kennara erlendra mála, þar sem hóparnir eru oft lítlir. Að það sé borið virðingu fyrir vinnu kennara og þeir fá betri kaup, miðað við það álag og ábyrgðar sem er í vinnu þeirra.
- Að það verði einfaldað og að nemendafjöldi vegi ekki eins þungt og hann gerir núna. Að vægi áfanga verði meira.
- Einfaldara, með minni áherslu á þætti sem geta haft áhrif á ánægju í starfi t.d minni áherslu á nemendafjölda í hópi og endurtekna áfanga, þessir þættir trufla líðan í starfi þar sem kennarinn þarf að hafa áhyggjur af þáttum sem hann hefur enga stjórn á t.d hve margir velja áfangann hans, hve margir hópar verða í hverjum áfanga þ.e hvort hann þurfi að kenna sama áfangann tvisvar.
- Draga úr hagsmunaárekstrum. Núna fæ ég ekki að vita fyrir en eftir 3 vikur hvað ég fæ í laun. Launin mín eru byggð á fjölda nemenda. Á þessum þremur vikum þarf ég að passa að nemendur fái ekki of erfið verkefni, ég þarf að draga úr kröfum af því að ef ég missi nemendur þá missi ég yfirvinnu. Kerfið er að hvetja mig til þess að ljúga og blekkja nemendur eða missa tekjur. Þetta er hræðilegt.
- Þannig að ég missi ekki laun vegna þess að ég er með litla hópa í áföngum.
- Skil þetta vinnumat sem tilraun til sanngirnis en finnst neikvæð afleiðing vera að kennarinn sitji í einhverjum tilfellum uppi með launaskerðingu af því að hann er með litla hópa. Það veldur því að síðasti stokkur t.d. er tími sem nemendur skrá sig gjarnan úr. Þeir eru að fara að vinna / á æfingu. Kennarinn er því með ömurlegan vinnutíma og fær kannski í þokkabót launaskerðingu vegna nemendafjölda.
- Það gengur ekki upp að kennari fái skerðingu ef fækkar í nemendahópum. 16 nemendur eða 22 skipta engu máli. Undirbúningurinn og mesta vinnan er alltaf eins.
- Að það þurfi minni hópa til að ná 100% starfi, þ.e. hver nemandi vegi meira í vinnumati en nú er. Því miður held ég að of stórir hópar, með oft mjög fjölbreyttum nemendum, valdi því að óraunhæft sé að sinna nemendum vel. Að það endurspegli betur þá vinnu sem menntayfirvöld vilja að kennarar leggi í störf sín. T.d. trúi ég ekki að það sé yfirlýst stefna menntayfirvalda að stærðfræði- og raungreinakennarar eyði færri klst. í sama nemendahóp og íslenskukennarar. Jafnframt að kennari sinni nemendahóp sem er með margar greiningar jafnlítið og nemendahóp sem ekki með neinar greiningar. Það sem mér finnst gott við vinnumatið er að nú sé ég nákvæmlega hve mörgum klst. ég á að verja í hvern nemendahóp hjá mér, þó mér finnst leiðinlegt að sjá að ég sem stærðfræðikennari eigi að sinna nemendahóp minna heldur en íslenskukennari sama hóps og tel það rangt mat hjá menntayfirvöldum. Það að vita klst. fjöldann sem ég á að nota í hvern nemendahóp (auðvitað er maður ekki með algjörlega á mínútnni) þá hefur maður

sterkari tæki gagnvart skólastjórnendum (ef þau t.d. vilja að maður eyði meiri tíma í námsmat eða verði með fleiri verkefni handa hópum) að tíminn sem þau ætlist til af manni sé ekki raunhæfur. Þetta hafði maður ekki þegar kennsluskylda var 24 kennslustundir og svo átti maður að gera allt sem tengdist áfanga.

- Að kennarar þurfi ekki að telja mínútur sem þeir vinna og að launin fari eftir nemendafjölda, svo að við fáum ekki samviskubít yfir því að nemendur fari á milli hópa.
- Mér finnst vinnumatið skref í átt að sanngjörnu kerfi sem ég trúí að stéttin geti sameinast um. Undanfarið ár hefur það valdið sundrung vegna mikillar og neikvæðrar umræðu. Tryggja þarf að kennarar tapi ekki launum ef þeir taka að sér að kenna fámenna hópa og skerðing ætti ekki að verða fyrr en við hóp nr. 3.
- Ég upplifi vinnumatið þar sem eingöngu sé verið að telja fjölda nemenda í kennslustund. Þar sem ég er veknámskennari vildi ég sjá færri í hóp í verklegri kennslu og það ætti að vera viðmiðið að hafa 12 nemendur en ekki 14 eins og nú er. Þar sem einfaldlega illmögulegt að sinna 14 nemendum í verklegri kennslu og líka að hafa yfirsýn í stofu með svona marga nemendur hvað varðar öryggissjónarmið nemenda til handa. Meira tillit ætti að taka til þrepa á áfanga og samsetningu á nemendahóp. Vona innilega að vinnumatið verði lagfært gagnvart verknámskennurum í þessari lotu þar sem að mínu viti halli á þá við gerð þess vinnumats sem nú er við líði.
- Að stærð hópa skipti ekki máli. Kennsla fleiri hópa skipti ekki máli.
- Vinnumatið kemur afleitlega út þegar áfangar eru kenndir sem hraðferðir. Þar er skerðing á launum vegna færri kenndra stunda þó yfirferð námsefnis, verkefni og námsmat sé það sama og í venjulegri ferð (þ.e. sambærilegum áfanga með sama einingafjölda en fleiri kennslustundum) þegar nemendur í hraðferðarhópum eru færri en 24 kemur skerðing vegna þessa og þetta getur leitt til þess að kennari beri verulega skarðan hlut frá borði. Einnig er umhugsunarvert þegar fjöldatölur breytast mikið frá kennsluskiptingu sem leiðir til þess að kennarar geta ekki treyst á þau laun sem áætlanir gefa væntingar um. Kennarar verða þolendur í þeim tilvikum sem áætlanagerð skólastjórnenda bregst sem er óviðunandi.
- Ég skil alveg hvað er á bak við tenginguna við fjölda nemenda. Ég hef hins vegar ekkert að segja um hvað ég fæ marga nemendur svo um leið og það er réttlátt að borga fyrir fleiri nemendur er það líka ósanngjarnt þegar maður getur ekki ráðið hvort maður er með stóra eða litla hópa. Mér finnst þetta vera eins og að afgreiðslufólk á kassa fái greitt per kúnna. Það þarf að hugsa þetta öðruvísi.
- Afnema skerðingarþætti endurtekningar áfanga í kennslu. Lækka verulega fjöldaviðmið nemendafjölda í áföngum, t.d. viðmið sé 20 nemendur en ekki 25 eins og er nú þannig að ekki komi til skerðingar í kennslu áfanga nema nemendur séu færri en 20. Að sama skapi að greitt sé fyrir álag vegna nemendahópa sem séu stærri en 20. Nemendafjöldaviðmiðin eru allt of há í núgildandi sýnidæmum. Auk þess þarf að innleiða alla þætti 7. gr. og taka tillit til þeirra við mat á vinnuframlagi. Vinnumat í núverandi mynd metur í raun og veru ekki raunverulegt vinnuframlag kennara í kennslu áfanga heldur leiðir til óþarfa skerðingar á greiddu vinnuframlagi.
- Taka tillit til nemenda með sérþarfir. Kennarar sem þurfa að semja / útvega allt námsefni fái mat í samræmi við það. Ekki lækka laun þó að nemendahópur nái ekki viðmiðunarfjölda. Það er ekki kennara að taka á sig þá skerðingu.
- Ekki skerða launahlutfall kennara vegna hópastærðar.

- Kennarar eiga ekki að fá skerðingu á launum vegna færri nemenda í hóp en viðmið segir til um. Ólíðandi og óásættanlegt að kennarar taki það á sig með lækun launa ef nemendafjöldi er ekki nægur í hóp. Kennslan er sú sama, farið í sama námsefni oþh. Auk þess er álagið oft meira ef hóparnir eru litlir, vinnutempo veður oft hægara og minni virkni. Kennarar með mikla heimavinnu er sjálfsgagt að koma á móts við með aukagreiðslum en enga skerðingu takk af kennurum sem hafa ráðið sig í 100% KENNSLU.
- Að fjöldi nemenda í áfanga segi ekki til um hlutfall áfangans í vinnuframlagi. Myndi vilja sjá hvern áfanga sem t.d. 25% af vinnuframlagi, umframnemendafjöldi myndi telja í hærri tölu en nú er. En færri nemendur í áfanga rýri ekki vægi áfangans í vinnuhlutfalli (eins og getur gerst í núverandi kerfi)
- Láta ekki nemdafjölda ráða laununum mínum. Ekki svona mikla áherslu á að tímasetja allt s.s undirbúning, tíma nemenda til heimanáms, yfirferð, prófagerð o.sfrv. Hef áhyggjur af því að þetta endi sem stimpilklukku væðing. Skólarnir eru svo illa fjársveltir að húsgögn og tölvubúnaður er virkilega lélegur og mví betra að vera heima á skrifstofunni sinni með góðar græjur og góðan stól og húsgögn.
- Tel að vinnumat valdi óánægju hjá og á milli kennara. Miklu ánægðari með þetta eins og það var 100%vinna=100%laun. Ekki að vita ekki hvort maður skuldi skólameistara umfram vinnu ef t.d. að hópar séu ekki nógu stórir.
- Að tekið sé tillit til eðli kennslunnar og nemendasamsetningu en ekki fjölda nem og fjölda áfanga. það þarf að miða kennsluna við þarfir hvers hóps fyrir sig. Ég er fljótari að fara yfir verkefni hjá duglegum nemendum en þeim slakari, fjöldi nem segir ekkert!
- Fækkun nemenda í áfanga þegar líður á önn ætti ekki að breyta launum milli mánaða. Heildarfjöldi nemenda í byrjun annar ætti að stjórna launum fyrir áfangan alla önnina.
- Það þarf að taka tillit til þess að í smærri skólum á landsbyggðinni eru oft fámennir hópar. Kennarar geta því lent í því að þurfa að kenna fimm áfanga til þess að ná 100% vinnuhlutfalli. Það er mun meiri vinna en að kenna fjórum fullskipuðum áföngum. Taka þarf tillit til þessara sérstöku aðstæðna í vinnumati.
- Mér finnst of mikil skerðing felast í litlum námshópum. Í áfanga með lokaprófi finnst mér ekki það mikill munur felast í álagi hvort það séu 17 nemendur eða 26. Skv. gamla kerfinu ætti ég að vera í 125% vinnu núna en ég mælist aðeins í ca. 112% vinnu því ég er með marga litla hópa. Eins finnst mér að það ætti að vera ríkulega umbunað þegar kennari kennir áfanga í fyrsta sinn og þegar kennar býr til nýjan áfanga.
- Hætta að miða laun við fjölda nemenda í hóp.
- Að það hvetji til aukinna gæða fyrir nemendur. Kennarar vilja helst ekki kenna færri nemendum né sama áfangann aftur því þá fá þeir ekki jafn mikið greitt fyrir tímann sem þeir nota í kennsluna. Vilja þar af leiðandi kenna stærri hópum þ.a.l. hver nemandi fær minni athygli (leiðsögn) og minni sérhæfing hjá kennurum ef þeir kenna marga áfanga þ.a.l. minni þróun sem skilar sér til nemanda.
- Sleppa að telja nemendur í hópum.
- Að það hefði áhrif á fjölda nemenda í hverjum áfanga.
- Vinnumatið ber keim af því að við kennarar þurfum oft að réttlæta það sem við gerum og sannfæra samningsaðilann um að við séum að vinna fyrir laununum okkar (minnir á grunnskólakennara, sem þurftu að semja upp á að það væri niðurnjörvað í smáatriðum hvenær þeir eru í skólanum og hvað þeir eru að gera). Í það minnsta er þörf á að fínþússa mörg atriði. Nefni tvö: 1) Meðal kennara ríkir ekki endilega sátt um mismunandi útkomu eftir því hvaða fag er verið að kenna (t.d. stæ, jar). Ég á ennþá eftir að leita hvort ég finn

rökstuðninginn sem liggur því til grundvallar. 2) Það er undarlegt að skyndilega telst sama vinnan ekki lengur ná 100% vinnu. Er vinna (fastráðins) starfsfólks á öðrum vinnustöðum metin í smáatriðum á svona sambærilegan hátt og greitt eftir því? Dæmi: Lítil fjöldi nemenda í bekkjum getur valdið því að kennari nær ekki 100% starfshlutfalli en hefur ekki á valdi sínu að úthluta bekkjum. Í gamla kerfinu jafnaðist þetta út yfir nokkurra ára tímabil (stundum stórir, stundum litlir bekkir). Í okkar skóla lendir það þannig að í einhverjum tilfellum geta kennarar þurft að vinna upp í mismuninn (upp í 100%) en aðrir þurfa ekki að gera það. Kerfið er þannig dálítið vandræðalega hannað, enda býður þessi smáatriðamæling upp á það. Ég tel mun meiri þörf á, og tel að það myndi leiða til betra skólastarfs (ríkið fengi betri starfsmenn og gerði starfið eftirsóknarverðara fyrir gott fólk), að hvetja og auðvelda kennurum að afla sér endurmenntunar. Framboð þarf að vera mun meira og á tímum þegar kennarar eru lausir.

- Ég hef þá skoðun að vinnumatið sé tímaskekkja og algjör baunatalning. Verið er að gera kennarastarfið að mjög skrítnu starfi og þekkist hvergi annarsstaðar í þjóðfélaginu. Þessu svipar til að fólks á kassa í Bónus fái hærri laun af því það afgreiðir fleira fólk. Að vera ráðin í starf eins og kennarastarfið ber með sér ákveðna vinnu sem treysta á kennurum til að inna af hendi. Ég myndi frekar vilja sjá starfinu skipt niður þannig að til verði námsgagnahönnuðir, kennarar og námsmatmenn. Síðan fer eftir umfangi kennslu hversu marga nemendur er hægt að hafa í stofu. Svona dínamískt exelskjál sem hægt er að túlka á ýmsan máta er ekki farsælt til framtíðar.
- Afturkalla frádrátt við endurtekna áfanga. Það getur verið aukið álag að kenna tveimur hópum sama áfanga, t.d. þegar ritgerðum er skilað þá færðu 60 eintök af ritgerðum á sama tíma og þarft að vera búinn að skila þessu öllu eins fljótt og auðið er. Þá líða aðrir áfangar fyrir þessa vinnu. Þú situr allar helgar og kvöld yfir svona verkefni. Fáránlegt að halda að endurtekinn áfangi sé léttari í vinnslu en aðrir. Mér finnst hann jafnvel erfiðari í vinnslu þegar öll verkefni hrúgast inn á sama tíma.
- Að skerða laun vegna endurtekningar á kenndum áfanga og vegna nemendafækkunar er ólíðandi.
- Út með skerðingu ef kennari þarf að kenna sama áfangann. Það er heilmikið álag að kenna sama námsefnið sitt hverjum hópnum og finna út úr verkefnum fyrir kannski rúmlega 100 nemendur.
- Að tekið væri tillit til samsetningu hópa og að það að kenna 2 hópum það sama væri ekki refsivert.
- Fella út lækkun vegna endurtekinna áfanga sem og ef lágmarks nemendafjöldi næst ekki í áfanga m.a. vegna skólastærðar eða sérhæfingar námsins.
- Alls ekki að gefa vinnuna sína þ.e. afslátt vegna endurtekinnar áfanga. Taka tillit til fjölda námsefna og gerð og samsetningu nemendahópa.
- Laga skekkju varðandi endurtekna áfanga, margir bekkir taka sömu áfanga - reynslan er meiri vinna, fleiri bekkir, fleiri nemendur en jafnvel minna starfshlutfall. Endurtekning á ekki að lækka í yfirferð þr nemenda. Laga skerðingu í STÆ áföngum.
- Taka tillit til námsmat hjá hverju fagi fyrir sig. Endurtekning áfanga hafi ekki áhrif á vinnumatið.
- Meta byrjendakennslu (1. og 2. þrep) hærra. Láta fjölda nemenda/hópa ráða en ekki hvort verið er að kenna sama áfanga tvisvar. Kennsluálag getur verið mjög mismunandi þótt áfanginn sé sá sami.

- Mér finnst skerðingar vegna endurtekningar áfanga vega of þungt og ekki tekið tillit til þess álags sem getur fylgt því að kenna sama prógramm nokkrum sinnum (t.d. mikil vinna við samræmingu í fyrirgjöf og mikið mál að halda utan um skipulag þar sem hópar eru aldrei samstíga í yfirferð. Tilfinningin við endalausar bunka af sama efni til að fara yfir getur verið yfirþyrmandi). Finnst of mikið um skerðingar og of lítið um umbun (t.d. fyrir mörg prógrömm). Þarf líka að vera hægt að umbuna fyrir nemendur sem þurfa sérstaka meðferð (t.d. erlendir skiptinemar sem þarf að þýða fyrir og nemendur með mikil andleg og félagsleg vandamál sem skapa auka vinnu fyrir kennarann).
- Dregið úr skerðingu vegna endurtekningar og á milli hæfniprepa.
- Það þarf að afnema þessa arfavitlausu grein sem gerir ráð fyrir lægri greiðslum fyrir endurtekna áfanga. Dettur einhverjum í hug að bílstjórinn á leið 3 fengi fullt kaup fyrir fyrstu ferð en síðan skert kaup fyrir aðrar ferðir.
- Taka meira tillit til fjölbreyttra kennsluhátta, samþættingar, fjölbreytts námsmats. Eins og er virðist fyrst og fremst miðað við að kennari undirbúi kennarastýrðar kennslustundir, fari yfir tilfallandi verkefni og leggi svo fyrir lokapróf. Skerðing vegna endurtekinnar áfanga er ósanngjörn fyrir þá kennara sem nota meira einstaklingsmiðaðar kennsluaðferðir og hafa t.d. ekki lokapróf. Einnig þarf að lækka viðmiðunarmörk um nemendafjölda, þannig að laun skerðist ekki strax og hópastærð fer niður fyrir 25 nemendur (þannig í mínu tilfalli).
- Laun ekki skert þótt kennari þurfi að kenna sama mörgum bekkjum (hópum) sama námsefni.
- Afnema flokkun kennslugreina á þrep og draga stórlega úr eða afnema skerðingu launa vegna endurtekninga námsefna á önn.
- Taka út skerðingu fyrir endurtekna áfanga.
- Taka burtu þetta ákvæði um lækkingu við endurtekinn áfanga. Það er alveg ljóst að það er ekki sjálfgefið að þú getir keyrt sama efni fyrir tvo hópa þó þeir séu skráðir undir sama heiti. Einnig finnst mér þessi fjöldamörk þr. nema í tíma ótrúlega há.
- Mér finnst endurtekningarskerðingin fáránleg, vil hana út. Bónusa frekar en mínusa! Vil ekki fleiri þætti inn, skapar átök þar sem þeir frekustu hafa oft sigur. Skil ekki 16. vikuna.
- Taka upp gömlu kennsluskylduna aftur (fjöldi tíma). Greiða jafnmikið fyrir endurtekna áfanga. Gera það minna yfirvinnumiðað og nýliðavænna. Koma algjörlega í veg fyrir að kennarar þurfi að vinna „annað“ til að fylla upp í kennsluskyldu. Þannig mætti áfram telja.
- Það ætti að vera álag fyrir að kenna efri áfanga plús ef kennd eru margir mismunandi áfangar. Það á alls ekki að hýrdraga fólk þó það kenni sama áfangann tvisvar, fyrirfram er ekki hægt að segja að það muni vera auðveldara, fer eftir nemendasamsetningu og fleira.
- Að eiga ekki hættu á að lækka í launum vegna þrepa.
- Mér finnst ekki rétt að refsá þeim kennurum sem kenna einungis sömu gerð af áföngum - og hafa ekki kost á því að kenna aðra áfanga - með því að skerða matið strax við 2. áfanga um 10%.
- Ein athugasemd: Frádráttur vegna kennslu sömu hópa á önn þykir mér of mikill; 4% á hóp væri nærri lagi m.a. þar sem nýja námskráin krefst annars konar vinnubragða en hópþyrirlestra. Önnur athugasemd: Samið var um þrjá hluta, A, B, C en C hefur ekki verið virkjaður þar sem ekkert fé hefur fengist fyrir hann ef ég skil málið rétt. Það er auðvitað alveg ófært.
- Að tekið er tillit til verklegra æfinga í raungreinum þ.a hægt sé að skipta nemendahópnum í verklegum æfingum. Það er alltof mikið dregið niður fyrir endurtekna kennslu. Hlutfall

vinna þr. nemenda þarf að vega meira. Að ná ekki fullu starfi með því að kenna tvisvar sinnum tvo áfanga er ekki í lagi.

Endurskoða vinnumat fyrir verknám og starfsbraut

- Það vantar allt vinnumat fyrir verklegar greinar. Þetta kemur afar illa út fyrir vernámskennara.
- Raungreinakennarar verða að fá verklegu tímana greidda óháð vinnumati. Það er ekki sanngjarnt að aðrar greinar séu t.d. einhver með 99% úr vinnumatinu og fái 100% greitt en raungreinakennarar séu með 99% og taki verklegt og fái 100%. Raungreinakennarar eru að skila inn meiri vinnu f. sömu laun. Raungreinar eru á undanhaldi og samt kallar samfélagið eftir fleirum raungreinamenntuðum. Ég persónulega fékk lítið sem ekkert fyrir verklega tíma sem ég tók að mér og vil því ekki kenna verklegt, enda eru það erfiðustu tímarnir í kennslu.
- Ekki sé afsláttur af tímum vegna fjölda nemenda. Verknámi verði gert jafn hátt undir höfði og bóknámi.
- Raungreinakennarar þurfa að fá metið þá þekkingaröflun og undirbúning sem þeir þurfa að vinna. Einnig þarf að hvetja til verklegs náms með því að taka það til greina í vinnumatinu.
- Í þá átt að verklegar greinar séu metnar að verðleikum ekki síður en bóklegar greinar.
- Betri útfærslu í verkgreinum.
- Vantar vinnumat á vélstjórnargreinar. Ekkert samræmi við hefðbundnar framhaldsskólagreinar, hvorki bóklegar eða verklegar.
- Tekið sé tillit til allra greina ekki bara að horfa á bóklegt nám því undirbúningur er fyrir öll fög hvort sem nemendur eru að læra um sjálfstætt fólk eða verklegar greinar. Einnig er talsvert meiri frágangur í lok annar hjá verknámskennurum sem er ekkert metið í vinnumatinu. Lífið er ekki bara Íslenska og stærfræði.
- Verklegar greinar verða að fá meira vægi. Álagspunktur verklegra greina eru öðruvísi en bóklegra. Endurteknir áfangar, burt með afsláttinn, eitt dapraða fyrirbæri sem ég hef séð í kjarasamning.
- Verknámskennsla er stórlega vanmetin. Ekkert tillit tekið til ýmissa þátta sem einkenna þessa kennslu s.s. undirbúning, gerð verkefna, endurmenntun, ábyrgð, einstaklingsmiðuð kennsla, frágangur stofu og verkfæra, innkaup og lager og fleira.
- Þannig að það tæki mið af raunveruleika allra greina. Ekki aðeins unnið af einhverjum sem vita eitthvað um bókleg fög.
- Að taka út nemendatalningu í verklegu.
- Taka tillit til samsetningar nemenda s.s. fjölda nemenda með sérþarfir. Fjöldaviðmið eru of hátt sett.
- Ég vil að tekið verði tillit til kennslu mismunandi nemendahópa. Kennsla á starfsbraut hún fellur ekki að þessu vinnumati. Áður voru kennarar með álag á tíma sem þeir kenndu á starfsbrautum. Nú er það reyndin að kennslan hefur minnkað þannig að kennarar fá einungis kennslu sem nemur dagvinnulaunum - sett þannig upp í hópana að kennslan kemur strípuð út. Við viljum fá metna einstaklingskennslu sem oft er erfiðasta kennslan.
- Að unnið verði nýtt vinnumat fyrir sérnámsbrautir í teymum þvert á skóla til að samræma og leiðrétta vinnumatið, þá tíma/kennslu og þjónustu sem nemendur á sérnámsbrautum

eiga rétt á í framhaldsskólum. Þannig að hvorki nemendum né kennurum verði ekki mismunað.

- Vinnumatið eins og það er sett upp núna hentar ekki starfsbrautum, hvorki nemendum né kennurum. Vinnumat sem hífir upp ákveðna hópa kennara t.d. íslenskukennara en „traðkar“ á öðrum eins og sérkennurum og verkmenntakennurum er óboðlegt að mínu mati. Vinnumatið tvístrar kennarastéttinni á sama tíma og hún þarf að standa saman í ólgusjó niðurskurðar í samfélagi sem þarf á uppbyggingu að halda.
- Skoða þarf starfsbrautar vinnumatið, skoða fjölda nemenda þar sýna þarf betri dæmi um útfyllingu þar.
- Það þarf að taka tillit til fötlunar nemenda á starfsbraut. Ef nemendi er með miklar skerðingar þá er meiri undirbúningur fyrir hans tíma og hægt að hafa færri í hóp. Þá fær maður litið borgað. Ef nemandi hefur ekki mikla skerðingu er hægt að setja marga saman í hóp en undirbúningur er mun minni fær maður vel greitt fyrir. Ég þarf að útbúa mikið af mínu námsefni sjálf en fæ ekkert greitt fyrir það (er í samningum að hægt sé að sækja um það en það kemur neitun í mínum skóla). Ég vil að það verði alveg skýrt ef halda á áfram með vinnumatið að önnur störf eins og að útbúa námsefni og halda utan um mikið fatlaða nemendur sé metið.
- Hef svarað nokkrum spurningum með „veit ekki“ þar sem mér finnst vanta valið „á ekki við“. Þessar spurningar gera ekki ráð fyrir svörum kennara á starfsbrautum, þar á t.d. nemendafjöldi ekki að skipta máli því til að mæta þörfum hvers nemanda getur verið nauðsynlegt að hafa fámenna hópa og í þeim tilfellum er undirbúningur tíma jafnvel meiri en fyrir kennslu í getumeiri hópum. Kennarar sérsníða verkefni fyrir hvern og einn og útbúa hentug kennslugögn. Endurtekning áfanga á heldur ekki við því við erum alltaf með nýjan nemendahóp og veljum verkefni fyrir hvern og einn.
- Taka starfsbrautir út úr vinnumatinu eða útfæra þann hluta betur. Litlir mjög erfiðir hópar það þarf að taka tillit til þess.
- Tekið væri tillit til fleiri þátta, nemenda með sérþarfir en þvert á framtýðarsýn er þjónusta við þann hóp að skerðast.
- Myndi vilja sjá tekið tillit til fjölmargra þátta sem eru erfiðari í íþróttakennslu en annarri í stað þess að við séum með líkan þar sem enginn möguleiki er að setja inn í neitt sem bóklegar greinar geta.

Að raunverulegt vinnuframlag verði metið

- Að það verði tekið meira tillit til þess hvað kennarar telja að þurfi að leggja mikla vinnu í hvern áfanga.
- Að vinnan sé metin.
- Grunnur er kennslustundir. Síðan væri svigrúm til að meta aðra þætti. Þá meina ég raunverulegt svigrúm.
- Lækkun kennsluskyldu - taka tillit til heimavinnu.
- Þannig að það taki tillit til þeirra fjölbreyttu og mismunandi vinnuþátta sem áhrif hafa á þann tíma sem við þurfum að nota til að skila góðu verki.
- Taka tillit til undirbúningsvinnu.
- Ég vil sjá það þróast þannig að hægt verði að greiða laun fyrir þá vinnu sem unnin er. Hraðari yfirferð kallar á aukna vinnu. Námsefnið sem til er hentar oft ekki og því þarf kennarinn að „endurskrifa“ námsefnið.

- Það verður að gefa betri mynd af öllum hliðum starfsins, verða nákvæmara, mæla allt.
- Að vinna kennara sé metinn út frá útlagðri vinnu. Oft er vinna við áfanga á 1 þrepi meiri en a efri þrepum þar sem nemendur a efri þrepum geta unnið meira sjálfstætt og þar með er kennari með færri innlagnir og meira til aðstoðar.
- Það þarf einhvern veginn að meta líka þætti sem er erfitt að mæla eins og það sem hver og einn finnur upp á, ástríðu og áhuga á faginu og nemendum. Stjórnendur og deildarstjórar þurfa að vera vakandi fyrir þessu fólki sem gerir alltaf meira en það á að gera og umbuna því. Ekki bara ganga á lagið eins og gert er í mínum skóla og áhugasamt fólk látið ganga sér til húðar þar til að brennur út og verður beiskt því að það upplifir sig ekki metið að verðleikum (heldur jafnvel misnotuð). Ég er búin að hugsa um þetta í mörg ár og dettur ekki í hug önnur aðferð en einmitt þessi að stjórnendur eða samverkafólk leggi huglægt mat á framlag fólks. Matsblöð eru góð en ná ekki þessu.
- Halda áfram að uppræta áratuga ósannngirni í launum kennara. Halda áfram að hugsa laun út frá heildarvinnunni frekar en mínútum í kennslustofu.
- Að undirbúningur og yfirferð fái meira vægi.
- Að það sé ekki sífellt verið að mæla allt, heldur hækka grunnkaupið þannig að það verði samkeppnishæft við aðrar stéttir.
- Meiri áherslu á kennsluhætti og námsmat.
- Mér finnst þurfa að taka inn fleiri þætti svo sem hvort það er til námsefni eða ekki.
- Sanngjörn laun fyrir fulla vinnu.
- Að það haldi áfram ferð sinni í sanngjarnara mati á störfum kennara. Að það verði enn sanngjarnari viðurkenning á mismikilli og flókinni yfirferð, verkefnagerð, kennsluefnisgerð og fleira í þeim dúr.
- Aukið svigrúm til að taka í alvöru tillit til álagsþátta (ekki að það sé verið að púsla tölum inn í reiknilíkan til að fá fyrirfram ákveðna útkomu).
- Að það nái betur að endurspegla raunverulega vinnu sem fer fram í skólunum og að það sé reynt að fyrirbyggja misnotkun skólayfirvalda á því til að ná fram hagræðingu.
- Mér finnst vinnumatið mjög óljóst, og samningarnir loðnir. Er mjög ósátt við framsetningu á samningnum og hvernig kennsludögum hefur fjölgað, þó svo að það mátti skilja á kynningu á samningnum að það ætti ekki að vera. Ég er mjög ósátt við hvernig prófatími/námsmat er að miklu leyti sett í hendurnar á skólameistara og finnst mér mat kennara þar skipta minna máli.
- Að bætt kjör skili sér án þess að sífellt sé verið að fara fram á meiri vinnu í staðinn.
- Ég vil sjá vinnumat sem ekki felur í sér raunlækkun launa kennara, það er að segja að kennari þurfi ekki að taka að sér önnur störf og auka vinnu til þess að halda sömu launum.
- Það þarf að taka mið af öllum stærðum skólastofnana og mismunandi kennsluáðferðum innan þeirra. Í mínum skóla er t.d. búið að afnema prófdaga þannig að kennsluvikur eru í raun rúmlega 16 í stað 15 í vinnumati. Kennari sem er stöðugt að búa til ný verkefni til að koma í veg fyrir að nemendur fái lánuð eldri verkefni, vikuleg yfirferð með leiðsagnarmati og einkunum í stað prófyfirferðar kallar á mun meiri vinnu en fyrirlestur, æfingaverkefni og síðan lokapróf til að kanna þekkingu nemenda.
- Að tekið verði tillit til frumkvöðlavinnu þ.e. námsgagnagerðar sem margir kennarar þurfa að vinna í þar sem engar kennslubækur eru til í mörgum greinum.
- Mér þætti eðlilegt að gerð og samsetning nemendahópsins skipti miklu máli og einnig þætti mér að greiða ætti fyrir vinnu í tengslum við nýja áfanga.

- Ég vil að tekið sé tillit til þess að kennsla er ekki færbanda vinna heldur skapandi starf. Kennarinn er alltaf í vinnunni því það hann er að fá hugmyndir fyrir kennsluna þótt hann sé ekki staddur innan veggja skólans. Það er verið að smætta kennsluna niður. Með þessu framhaldi er maður tilneyddur til að gera „bara,, það sem stendur í vinnumatinu en hingað til hefur maður glaður gert ýmislegt fleira þó svo það sé ekki sérstaklega greitt.
- Það hefur ekkert breyst hvað varðar vinnuálag íslenskukennara þrátt fyrir að það væri talað um að það yrði minna. Við þurfum að fara yfir mikið af verkefnum ef vel á að vera og það er ekki metið.
- Meira tillit tekið til námsefnis þ.e. hvort til er námsefni, samsetningu nemendahópsins, verknáms, ritunaráfanga t.d. lokaverkefna.
- Meira tekið tillit til hemavinnu, þ.e. undibúnings og yfirferðar verkefna.
- Þannig að kennarar sem eru að byrja að kenna þurfi ekki að kenna „mest“ flesta tíma til að ná 100% vinnu. Það að þurfa að taka að sér auka verkefni eða fleiri áfanga en 4 þegar verið er að byrja að kenna er ekki rétt. Nýjir kennarar eiga að fá afslátt og þá er líklegra að þeir haldi áfram sem kennarar.
- Meira tillit tekið til undirbúnings og úrvinnslu ALLRA námsgreina.
- Vinnumatið býður upp á mun meira óöryggi varðandi vinnuframlag og laun. Alls ekki komin reynsla á vinnumatið. Engan veginn orðið ljóst hvernig vinnuveitendur nýta svigrúm til aukastarfa. Einnig í sífellu að bætast inn þættir sem vinna á sem ekki er gefin tími fyrir. Alls konar breytur sem kennari hefur ekki áhrif á geta skipt máli varðandi laun, sem er neikvætt.
- Byrja á því að meta alla vinnu kennara!
- Ég vil að vinnumat taki á fleiri þáttum í vinnunni en nú er svo það sé eins sangjarnt og hægt er. Það þarf að taka mið af t.d. samsetningu nemendahópsins til þess að hægt sé að veita nemendum þá þjónustu sem þeir þurfa og eiga rétt á að fá án þess að kennari veiti hana í sjálfboðavinnu. Mér finnst vinnumat vera til bóta frá því sem var áður. Það er engin sanngirni í því að allir fái sömu laun fyrir mismunandi mikla vinnu, t.d. mismunandi mikla yfirferð verkefna. Það er hins vegar mjög erfitt að setja upp mat sem er 100% „rétt“ eða „sangjarnt“ en eins og það er í dag lýtur það ekki nógu vel að öllum þáttum sem skipta máli, eins og áður segir. Matið þarfnast endurbóta.
- Myndi vilja láta undirbúning vega meira þar sem aukin áhersla er á verkefnabundið nám og þjálfun í færni og hæfni sem þýðir flóknari verkefnagerð ef vel á að vera.
- Vinnumatið á að taka meira tillit til fjölbreytileika nemendahópa, þ.e. töluverð meiri vinna er að vera með 25 nemenda hóp þar sem enginn eða mjög fáir glíma við námsörðugleika en 25 nemendahóp þar sem meirihlutinn glímir við slíka erfiðleika.
- Að það nálgist raunveruleika á öllum sviðum.
- Taki til allra þátta skólastarfsins!!
- Ég vildi sjá vinnumat endurspegla raunverulega vinnu kennara.
- Þannig að það endurspegli vel vinnuframlag kennara.
- Ég myndi vilja sjá meira tillit tekið til þess þegar áfangar eru endurskipulagðir, bæði þegar nýtt námsefni er tekið upp og þegar gerð er róttæk breyting á kennsluháttum og námsmati sem krefst mikillar vinnu í fyrstu umferð.
- Fleiri vinnustundir metnar fyrir samningu æfingaverkefna og yfirferð þeirra. Skýrsluyfirferð betur metin.
- Mér finnst að fjöldi námsefna sem hver kennari kennir á hverri önn mætti fá aukið vægi.

- Að greiða laun blint eftir vinnumagni eða vinnuþáttum, án tillits til persónubundinna vinnugæða starfsmanns eða verðmætasköpunar í kennslustofu, er hliðstæð marxísk della og að miða laun eingöngu við svokallað menntunarstig launþegans.
- T.d. er mikilvægt í litlum skóla eins og mínum að tekið sé tillit til fjarnáms og vinnu við það. T.d. að fjarnámshópar séu metnir inn og komi jafnvel til lækkunar kennsluskyldu.
- Ég vil sjá vinnumatið þróast áfram í þá átt að mat sé lagt á raunverulegt vinnuframlag kennara sem er mjög mismunandi eftir kennslugrein og viðfangsefni. Ég er mjög fegin að fjöldi kenndra stunda er ekki lengur eini mælikvarðinn.
- Ég myndi vilja sjá meira tekið tillit til alvarlegs skorts á frambærilegu námsefni í mörgum greinum (einn helsti veikleiki framhadsskólakerfisins í heild) og betur metið mat á heimildavinnu nemenda, bæði í ritgerðum og verkefnum. Ef skortur á „up to date“, frambærilegu námsefni kæmi inn (þetta var í upphaflegu tillögnum en datt út í lokagerðinni), yrði það líka hvati fyrir yfirvöld að sjá til þess að framboðið yrði boðlegt sem það hefur ekki verið undanfarin ár.

Að virkja 7. greinina

- Ég vil gjarnan að vinnumatið endurspegli sem best raunverulegt vinnuframlag mitt. Ég upplifi að vinnuframlag mitt við íslensku og félagsgreinar er frekar metið til launa samkvæmt vinnumati en eftir gamla kerfinu og er það vel. Hins vegar vantar enn inn þætti s.s. úr 7. greininni til þess að vinnumatið sé rétt s.s. þegar vantar námsefni, nemendahópurinn er erfiður o.fl. Ég tel einnig að 25 nemenda viðmið í bóklegum greinum sé rangt. Að mínu mati eru 25 nemendur of margir til þess að ég geti sinnt þeim sem skildi - nær væri að horfa á 22-23 nemendur. Það munar merkilega mikið um þessa 2-3 nemendur. Nauðsynlegt er að meta erfiðleikastig nemendahóps á einhvern hátt. Áfangar þar sem ekki er til námsefni krefst mun meiri undirbúnings og nauðsynlegt að taka slíkt inn. Ef 7. greinin er tekin inn verð ég að mestu sáttur.
- Að tekið verði tillit til allra þátta sem snúa að námi og kennslu en ekki bara sumra. Dregið verði úr ofuráherslu á hópastærðir, viðmiðið lækkað þannig að hægt sé að sinna nemendum sem skyldi. Nemendur ættu ekki að vera fleiri en 22-23 í hverjum hópi. Gerð og samsetning hóps skiptir meira máli en stærð hans, fámennir hópar geta verið erfiðari í kennslu en fjölmennir.
- Ég vil að skólarnir og ráðuneytið fái til að taka það raunverulega alvarlega og nota það.
- Myndi gjarnan vilja sjá það mæla raunverulega vinnu kennara, þar sem væri byggt minna á stöðluðum sýnidæmum. Þar sem væri tekið til fullt tillit til 7. greinarinnar, þátta eins og „skorts á námsefni“, þegar kennarar þurfa að búa það til „samsetning nemendahópsins“.
- 7. greinin verður að vera virk.
- Meira kæmi inn í það úr 7. greininni.
- Að 7. gr hefði verið virt.
- Að fleiri þættir úr 7. grein verði teknir inn í vinnumatið.
- Byrja á því að virkja 7. grein. Hafa fjarnám inni í matinu t.d. með ákveðnum margföldunarstuðli á fjarnema.
- 7. greinin verði virk. 2) Horfið verði frá 10% skerðingu fyrir hvern endurtekinn áfanga. 3) Ekki verði gert upp á milli greina, þannig að t.d. starf stærðfræðikennara verði ekki metið lægra en t.d. íslenskukennara.
- Fé fylgi svo hægt verði að uppfylla ákvæði C-þáttar samningsins.

- Algjört lágmark að til séu peningar til að greiða fyrir þættina í 7. greininni, fáránlegt með endurtekninguna, fáránlegt að greitt sé meira fyrir efri þrep þar sem miklu erfiðara er að kenna nemendum á lægri þrepum sem oftast eru með greiningar - og nei fæ það ekki greitt í gegnum 7. greinina. Og að lokum fáránlegt að það skuli vera tekið meðaltal af hópum sem eru tvíkenndir (31 nemendur í öðrum, 20 í hinum og þú færð meðaltal af nemendafjöldanum!!!!).

Annað

- Flutti úr landi, hafði ekki áhuga á að láta stjórnvöld kúga mig og mína lengur.
- Mér finnst að það eigi sem minnst að stýra vinnu kennara, að kennarar eigi að skilgreinast sem fagmenn sem taka að sér kennslu og sinna henni ein og námskrár og fagvitund þeirra segir til um. Vinnumat sem grundvallast að verulegu leyti á því að kennarar í bóklegum greinum halda því fram að kennarar í verkgreinum vinni minna en bóklegir kennarar og á því að stjórnendur skóla og menntamálayfirvöld haldi að kennarar upp til hópa séu ekki að vinna vinnuna sína er hræðilegt fyrirbrigði. Í stað svona rugls sem vinnumatið er á að efla skólana og kennara, stuðla að gerð námsefnis í t.d. þeim fjölmörgu greinum sem nú búa við hörmulegt ástand í þeim efnum og almennt ræða um skyldur kennara. Samfara því ættu samningsaðilar að nota tímann til að sjá um að kennarar hafi aðgang að stuðningi inn í nýja námskrá en það á að hætta að vantreysta fólki og færa sig aftur til 1920 hvað varðar iðnaðartalningu handtaka við starfið. Því miður létum við draga okkur inn í þetta rugl. Ég held því fram að það hafi verið vegna þessa órædda vantausts kennara í bóklegu gagnvart vinnu verkgreina kennara en vitaskuld er skilningur verkgreinakennara á störfum bóknámsins meiri en skilningur bóknámskennara á aðstöðu og vinnubrögðum í verklegu. Því miður eimir ennþá eftir af hroka HÍK fólks fyrirverandi gagnvart þeim framhaldsskólakennurum sem voru í KÍ á sínum tíma. Það er þetta sem ríkið spilar á og þarf að ræða og gera upp innan okkar raða áður en við látum etja okkur lengra á forað vantrausts innan hópsins.
- Unnið fyrir alla nemendur og kennara. En ekki fyrir kerfið.
- Á meðan stjórnendur eiga við vinnumatið til þess að fá fyrirframgefna niðurstöðu hefur það engan tilgang. Þá getum við allt eins verið með kennsluskylduna gömlu.
- Rökstyðja betur hvernig mismunandi kennslugreinar falla inn í vinnumatið og taka tillit til fjölbreytileika skólanna innbyrðis.
- Stjórnendur halda í sýnidæmi eins og heilaga ritningu. Lítil sveigja er til að fara út fyrir sýnidæmi ef kenndir eru óhefðbundnir áfangar og hallar verulega á kennara þegar kemur að því að meta þannig áfanga til vinnumats. Þar er sjónarhorn stjórnenda einvörðungu upp á borðinu og samstarf um vinnumat er ekkert.
- Ég er sátt, loksins almennileg laun!
- Að það væri hægt að vinna það meira í samtali skólastjórnenda og kennara.
- Það verði sniðið að nýrri námskrá í frhskólum, þar á meðal breyttu einingakerfi, og stuðli þannig að framþróun skólastarfs í takt við nýjar áherslur.
- Eins og var.
- Það þarf að flokka áfanga rétt. Það er fjöldi verklegra áfanga flokkaðir fagbóklegir og það er óviðunandi ástand.
- Vinna við þróun kennslu og faglega samvinnu fái meira vægi

- Ekki breyta miklu fyrr en lengri reynsla er komin. Skoða betur vægi mismunandi greina. Ekki hafa tvo flokka, efra og neðra, heldur þrjá eftir þrepum.
- Meira miðlægt og minni óvissu milli vikna í byrjun annar og milli anna.
- Ég skil ekki af hverju allir voru látnir mæla og skrá vinnu sína í raun og síðan var ekkert gert með það og öllu hafnað.
- Mér finnst tímafrekt að þurfa að fara yfir það á hverri önn og að breytirnar önn frá önn kalli alltaf á aðra yfirferð til að skilja til fullst hvernig launin eru.
- Verða algjörlega endurskoðað frá grunni þar sem hugað er í alvöru að kennaranum sjálfum og virðing borin fyrir menntun og störfum ... og að hann þurfi ekki alltaf að selja eitthvað af sínu á móti mannsæmandi launum og normal mati á vinnutíma og vinnuframlagi plús menntun og sérhæfingu.
- Vinnumatið þýddi hækkuð laun, en ekki vegna meiri vinnu!
- Vera til frampróunar í skólastarfi, eins og vinnumatið er núna sýnist mér það letjandi til frampróunar. Skrifleg gögn, og yfirferð skriflegra gagna telja á meðan rafræn kennsla er illa metin. Ömurlegt að sjá frábæra framsækna kennara sem hafa búið til forrit til kennslu og aukið skilvirkni kennslunnar, kasta þessu öllu og tekið pappír og gömul verkefni fram til að að auka tekjumöguleika sína.
- Það verður að vera hægt að átta sig á launum og starfshlutfalli þegar skóli hefst. Þetta vinnumat er mesti afleikur í sögu félagsins. Ég hef þurft að kenna upp undir 30 tíma á viku, í stað 24 áður til að skila dagvinnu. Skilaboðin eru einföld, ég hef s.s. ekki verið að skila fullu starfi hingað til?????
- Ef það verður samþykkt, þá vantar að taka tillit til ALLRA námsgreina sem kenndar eru á framhaldskólastigi. Það hefur ekki verið gert, Einnig VERÐUR að fastsetja áfanga þannig að ekki fari á milli mála hvernig greidd er fyrir áfangann, það er ómögulegt að vera í sífelldum leiðindum við stjórnendur skólans um kaup og kjör við upphaf hvernar annar.
- Að vinnumatið verður gert virkt samkvæmt kjarasamningi en ekki fært niður að sýnidæmum í öllum áföngum.
- Breytast í heiðarlegt mat.
- Taka tillit til lokaprófs áfanga vs símats. Minni viðvera kennara með símat í próftíma í skólum. Meiri vinna kennara með lokapróf. Nemenda með miklar greiningar, þurfa aðstoð vinnumatsálag á slíka hópa.
- Á 21. öld er fáránlegt að vinnumat snúist um að telja klukkustundir og mínútur í vinnumati. Það ætti öllu heldur að snúast um gæði, kennsluhætti og eðli kennslunnar. Annar galli vinnumats er að nemendahópurinn í hverjum tíma (áfanga) stækkar til að halda uppi launum en um leið snarminnka gæði kennslunar og öllum virðist sama því þeir eru að telja klukkustundir og mínútur :-{
- Það vantar að taka á samkeyrslu áfanga. Skilgreining á hvernig áfangar eru flokkaðir eins og verklegt, tölvuáfangi er bara stór baggi á þessu vinnumati, þótt það taki ekki neitt á því, þá er það notað til að raða í vinnumatið, sem gerir það að verkum að vinnumatið virkar ekki rétt. Hvorki fyrir nemendur né kennara.
- Fá kennsluskylduna aftur það er einfaldara og augljósara. Annars veit maður ekkert hvað maður hefur.
- Til heilla fyrir nemendur fyrst og fremst og svo sanngirni fyrir kennara. Of þreyttir kennarar og pirrað starfsfólk skilar ekki jákvæðni til nemenda.

- Það væri ágætt ef kennarar hefðu meiri frjálsrcæði með áfangann sem þeir eru að kenna. Nýja nafnakerfið er líka alveg út í hött, það skilur enginn neitt í þessu. Hvorki kennarar né nemendur.
- Ég hef upplifað vinnumatið hálf klárað og of mikið af óljósum atriðum og erfitt fyrir kennara að máta sig inn í það.
- Til betri vegar. Kennarar og aðrar grunnstéttir samfélagsins mættu njóta meiri virðingar í samfélaginu.
- Ég myndi vilja sjá styttingu vinnudags, með því að fækka þeim klukkustundum sem teljast full vinna. Draumurinn væri 6 tíma vinnudagur sem full vinna.
- Það er í góðu lagi eins og er núna.
- Gæta þess að álag verði ekki til þess að nemendur og kennarar brenni ekki út.
- Taka tillit til fámennra hópa og samsetningu hópa m.t.t. frávíksnemenda í námi.
- Ég er ekki í vinnumatinu og get því ekki svarað mörgum spurningum. Í samb. við tækni- og verknámskennara (sem og aðra sem eru í sömu stöðu) þá mundi ég vilja að það yrði tekið tillit til þess þegar kennarar þurfa að búa til allt kennsluefni sjálfir, uppfæra það jafnvel árlega vegna tækniþróunar og halda sér við tæknilega. Einnig mundi ég vilja að það yrði metið þegar kennari byrjar að kenna nýjan áfanga.
- Þannig að það gagnist nemendum og kennurum frekar en þeim sem reikna út kostnað við skólastarfið.
- Þannig að kennari viti strax þegar kennsla hans hefur verið ákveðin hvert starfshlutfall hans er.
- Meira símat og minna vægi prófa.
- Við felldum vinnumatið í þessum skóla og ég er sem betur fer ekki að vinna eftir þeim. Könnunin er ekki rétt orðuð, flestir kennarar Tækniskólans eru ekki í vinnumati því eiga spurningarnar (uppsetningin) ekki við okkur. Ég veit að margir kennarar hinna skólanna öfunda okkur af gömlu samningunum.
- Vinnumatið er mjög stýrandi. Þú gerir það sem matið segir. Matið þarf að taka tillit til endurmenntunar, fjölskyldu aðstæðna, jafnréttis, umhverfismála og annara réttinda starfsmanna. Þetta er ekki tæki til hagræðingar. Ég tel að nota þurfi skuldirnar til að gera starfsmönnum kleift að sinna endurmenntun, starfsþróun, fjölskyldulífi, þekkingarleit, andlegri og líkamlegri hvíld, endurnýjun og þjálfun. Stjórnendur sem nota skuldirnar til að funda um ekkert, sitja yfir í kennsluveri eða fara út að flagga fána skólans eða sinna öðrum ó umsömdum auka störfum sem fáir hafa áhuga á og nýtast fáum sem eru ekki starfi sínu vaxnir. Það þarf á herja á framhaldsskólana og pína það út úr þeim hvernig þeir dekra við hverja einustu frumu hjá hverjum einasta kennara með fjölbreyttum mat og skemmtilegheitum, viðburðum og slökun. Þetta þekkist hjá fyrirtækjum sem reka markvissa starfsmannastefnu og ætti að þjóna FF sem viðmið hvernig stjórnendur þurfa að leggja miklu meira af mörkum. Ef það kemur ekkert frá stjórendum er ástæðulaust að fylla upp í skuldirnar. Það er undir hverjum einum komið hvernig hann ráðstafar henni. Kennari er þekkingarstarfsmaður þar sem 40% af starfi hans fer fram í því að hugsa óháð stað og tíma. Kennari er ekki ófagmenntaður skrifstofumaður sem hanga þarf í vinnunni í símsvörun frá 8-5 eins og sumir halda.
- Þegar fjallað er um framhaldsskóla í vinnumati, könnunum o.s.fv. þá er reiknað með að framhaldsskólakennarar kenni allir ákveðna grein, séu fagkennarar, svo þeir kennarar sem gera það ekki passa ekki inn í módelin.
- Að það stjórnir ekki skólastarfi heldur meti starfsemi.

- Aukinnar fjölbreytni og minni stöðlunar.
- Vonandi verður vinnumatið slípað til og gert réttlátara, tekið tillit til fleiri sértækari þátta.
- Veit ekki en það hefur skilað mér verulegum launahækkunum hingað til.
- Að tekið verði tillit til þess vinnumats sem kennarar gera á áföngunum en þeim ekki þröngvað inn í sýnidæmin, i.e. kennurum verði treyst. Sýnidæmi eru til viðmiðunar og vinnumat kennara er tilgangslaust ef ekkert tillit er tekið til þess og sýnidæmin látin standa sama hvað. En þetta er auðvitað spurning um fjármagn og það hefur ekkert aukist við upptöku vinnumats. Vinnumatið getur auðveldlega haft áhrif á kennsluna þannig að kennarar hugsi að þeir leggi ekki meiri vinnu í áfanga en sýnidæmin segja fyrir um. Í raun er vinnumatið bara sýnidæmi sem skólarnir taka hrátt upp.
- Það verði byggt á raunhæfar grunni og betri sátt.
- Mér finnst gott að hafa það miðlægt eins og verði hefur.
- Taka upp það vinnumat sem var fyrir síðustu samninga.
- Traust og nákvæmt.
- Vinnumatið sem slíkt er ekki svo slæmt tæki, jú það er flókið í fyrstu en kennarar verða að gefa sér tíma í að læra á það og skilja. Mikil neikvæðni hefur skapast í kringum það einfaldlega vegna þess að kennarar kunna ekki á vinnumatið.
- Betra skipulag á skuldum - skuldir gera kennara órólega.
- Svipað og það er enn bæta við þáttum í 7. Greinina.
- Þetta er efni í langa ritgerð. Það er margt sem tengist þessu, meðal annars það tölur eru of ríkjandi í skólasterfinu og Netið. Það verður að verða vakning að mínu mati í gildi bóka sem námsefni sem kennarar skapa sjálfir og virkja nema til náms. Tölur eru flöskuháls, sem gerir þetta allt saman mun þrengra og takmarkaðra til þátttöku. Svo tengist þetta einnig heilsueflandi vinnu, þátttöku og skóla, sem ætti að vera miklu meira gildandi, vegna þess að fólk og manneskjur skipta máli, miklu meira máli en tæki eða tækjanám.
- Samanburður skóla sem velja nemendur eftir námsárangri úr grunnskóla og smærri skólar á landsbyggðinni sem reyna að þjóna öllum óháð getu ætti að hafa eitthvað vægi inn í námsmati. Óska annars þeim sem vinna við gerð vinnumats góðs gengis.
- Mér finnst bara að allir eigi að hafa rúm 700.000 í laun og 20 nemendur í hóp, svo vinna allir eins og þeir hafa metnað til. Mér finnst vinnumat vera flókið og vekja úlfúð á kennarastofunni sem mikil orka fer í. Mér finnst að kennslualdur eigi að leiða til minni kennsluskyldu og meiri áherslu á námefnisgerð.
- Ég byrjaði að kenna s.l haust og hef því engan samanburð. Er enn að átta mig á vinnumatinu og því erfitt að svara þessari spurningu.
- Þannig að kennarar geti séð áður en kennsla hefst hvort þeir ná fullri kennslu. Kennari sem kennir eingöngu 5 feininga áfanga og er með kennsluafslátt. Hve marga áfanga þarf hann að kenna til að ná fullri kennslu. Ekki ljóst fyrir en liðið er á önnina.
- Að fólk hætti að misnota kerfið sér í hag, þ. e.a.s. að stjórnendur skóla fylgist betur með þessu og taki á þessu.
- Það verði sanngjarnt með tilliti allra þeirra nemendahópa sem eiga kost á að sækja þjónustu hjá framhaldsskólum landsins með þeirri breydd sem nemendahópurinn býður upp á. Þetta reiknilíkan/vinnumat og tekur ekki tillit til þeirra nemenda sem eiga erfitt uppdráttar í námi og þurfa að takast á við námið á hægferð.
- Ég vil fá frið til að kenna án þess að tímamæla alla skapaða hluti. Kennsla er þannig, sérstaklega þegar reynt er að hafa hana einstaklingsmiðaða, að mælingar eru della. Með

vinnumatinu er verið að draga úr þjónustuhluta kennslunnar. Það er ekki hægt - og á ekki að vera hægt - að mæla alla skapaða hluti. Vinnumatið hefur auk þess haft neikvæð áhrif á vinnuandann og samveru kennaranna.

- 25 nemendur sem 25% vinna í áföngum er of há tala. Kennarar í minni skólum eiga í mesta basli með að ná 100% stöðu með 24 kennslutíma í töflu. Þessi viðmiðstala virðist hafa verið tekin sem 25 af því að það var 25% stöðuhlutfall. Hún þyrfti að lækka í 20 nemendur.

4.3. Spurningalisti

Ágæti

viðtakandi

Í kjarasamningi KÍ og fjármála- og efnahagsráðherra frá 2014 var samið um nýtt vinnumatskerfi í framhaldsskólum sem unnið er af kennurum og skólastjórnendum. Á móti komu launahækkanir og 14. grein kjarasamningsins sem segir að komi til frekari almennra launahækkana skuli þær líka gilda um þennan samning. Á árinu 2016 skyldu áhrif vinnumatsins á laun og launapróun metin sérstaklega skv. samningnum. Meðfylgjandi könnun, sem öllum félagsmönnum FF er boðið að taka þátt í, er hluti af því ferli og verða niðurstöðurnar notaðar sem veganesti fyrir stjórnina í komandi viðræðum við samninganefnd ríkisins. Mikilvægt er að sem flestir taki þátt í könnuninni svo hún gefi sem besta mynd af vilja félagsmanna.

Í þessum tölvupósti er tengill sem þú smellir á til að svara spurningalistanum en það er RHA – Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri sem hefur tekið að sér fyrirlögn á þessari rannsókn, úrvinnslu og túlkun niðurstaðna.

Við úrvinnslu gagnanna verður tryggt að ekki verði hægt að rekja svör til einstakra þátttakenda. Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál og nafn þitt mun hvergi koma fram í rannsóknargögnum, birtum eða óbirtum. Niðurstöður verða birtar um leið og RHA hefur lokið úrvinnslu.

Ef þú hefur einhverjar spurningar varðandi könnunina er þér velkomið hafa samband við Arnar Þór Jóhannesson, verkefnastjóra hjá RHA, sími 460-8905; netfang arnar@unak.is eða Steinunni Ingu Óttarsdóttur hjá Félagi framhaldsskólakennara, sími 5951119; netfang steinunn@ki.is

1. Kyn

- Karl
- Kona
- Annað
- Vil ekki svara

2. Hver er starfsaldur þinn sem framhaldsskólakennari

- Minni en 2 ár
- 3-5 ár
- 6-10 ár
- 11-20 ár
- 21-30 ár
- Meiri en 31 ár
- Vil ekki svara

3. Merktu við þína kennslugrein (fleiri en eina ef við á)

- Erlend tungumál
- Félagsgreinar
- Íslenska
- Íþróttir
- Listnám
- Raungreinar
- Starfsbraut
- Stærðfræði
- Verknám
- Viðskiptagreinar
- Tölvugreinar
- Annað
- Vil ekki svara

4. Hvað eru margir nemendur í þínum skóla?

- Færri en 250 nemendur
- 251-500 nemendur
- 501-1000 nemendur
- Fleiri en 1000 nemendur
- Veit ekki
- Vil ekki svara

5. Í skólanum þínum er:

- Áfangakerfi
- Bekkjarkerfi
- Blandað
- Vil ekki svara

6. Hvar er skólinn þinn staðsettur?

- Á höfuðborgarsvæðinu (póstnúmer 101-225)
- Utan höfuðborgarsvæðisins (póstnúmer 230-900)
- Vil ekki svara

7. Hvaða áhrif hefur nýtt vinnumat haft á yfirvinnu þína?

- Yfirvinna hefur minnkað
- Yfirvinna hefur aukist
- Yfirvinna hefur lítið eða ekkert breyst
- Á ekki við
- Vil ekki svara

8. Hefur þú þurft að taka að þér viðbótarstörf í skólanum vegna nýs vinnumats, önnur en hefðbundna kennslu?

- Já
- Nei
- Vil ekki svara

9. Hversu margar klukkustundir á önn hefur þú þurft að sinna slíkum störfum?

- Minna en 10 klst/önn
- 11-20 klst/önn
- 21-30 klst/önn
- 30 klst eða fleiri á önn
- Veit ekki

10. Vinsamlegast tilgreindu hvaða störfum þú hefur þurft að sinna:

- Aukaundirbúningur
- Bókasafn
- Erlent samstarf
- Gæðamál
- Innlent samstarf
- Innra mat
- Kynningarmál
- Námsgagnagerð
- Námskrágerð
- Nefndarstörf
- Nemendaaðstoð
- Stofuumsjón
- Styrkumsóknir vegna þróunarverkefna
- Tölvuþjónusta
- Verkefna- eða viðburðastjórnun
- Vinna vegna prófa
- Annað
- Vil ekki svara

11. Í 7. grein gildandi kjarasamnings frá 4. apríl 2014 er fjallað um þætti sem nýtt vinnumat á að ná yfir.

Hversu mikilvægir finnst þér að eftirfarandi þættir eigi að vera í slíku mati?

	Mjög mikilvægur	Frekar mikilvægur	Hvorki né	Frekar léttvægur	Mjög léttvægur	Veit ekki	Vil ekki svara
Einingafjöldi	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Nemendafjöldi	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Gerð og samsetning nemendahóps	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Kennsluhættir	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Undirbúningur	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Námsmat	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Námsefni	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Hæfniþrep	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Fjöldi námsefna	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>
Endurteknir áfangar	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>	<input type="radio"/>

12. Hversu ánægð/ur eða óánægð/ur ert þú með nýja vinnumatið?

- Mjög ánægð/ur
- Frekar ánægð/ur
- Hvorki né
- Frekar óánægð/ur
- Mjög óánægð/ur
- Veit ekki
- Vil ekki svara

13. Finnst þér vinnumat þurfa að taka tillit til fleiri þátta en nefndir eru í 7. grein?

- Já
- Nei
- Veit ekki
- Vil ekki svara

14. Til hvaða fleiri þátta en þeirra sem nefndir eru í 7. grein finnst þér að vinnumat þurfi að taka tillit til?

15. Hefur vinnumat haft áhrif á námsmat hjá þér?

- Já
- Nei
- Veit ekki
- Vil ekki svara

16. Hvaða áhrif hefur vinnumat haft á námsmat hjá þér?

- Dregið hefur úr vægi skriflegra prófa
- Skriflegum prófum hefur fjölgað
- Símat hefur aukist
- Dregið hefur úr símati
- Tími til að sinna námsmati hefur minnkað
- Meiri tími hefur gefist til að sinna námsmati
- Vil ekki svara


17. Breyttist kennsluhlutfall þitt við skólann á síðasta skólaári vegna vinnumatsins?

- Já, það hækkaði
- Já, það lækkaði
- Nei
- Veit ekki
- Vil ekki svara

* 18. Hvers vegna hefur það lækkað?

- Afsláttar vegna endurtekinna áfanga
- Vegna lítilla námshópa
- Vegna breyttra kennsluhátta
- Vegna minna námsframboðs vegna styttingar námstíma
- Vegna skipunar námsgreina á hæfniprep
- Vegna flokkunar námsgreina (verknám/bóknám/raungr./tölvur osfv)
- Af öðrum ástæðum
- Vil ekki svara

19. Hvers vegna hefur það hækkað?

- Vegna fjölda námsefna
 - Vegna stórra námshópa
 - Vegna breyttra kennsluhátta
 - Vegna aukins námsframboðs vegna styttingar námstíma
 - Vegna skipunar námsgreina á hæfniþrep
 - Vegna flokkunar námsgreina (verknám/bóknám/raungr/tölvur osfv)
 - Af öðrum ástæðum
 - Vil ekki svara
- 

20. Telur þú að vinnuframlag þitt hafi breyst eftir að vinnumat kom til?

- Ég þarf að vinna meira en áður til þess að fá sömu laun
- Ég þarf að vinna minna en áður til þess að fá sömu laun
- Vinnuframlagið er svipað og áður
- Veit ekki
- Vil ekki svara

21. Verði gerðar breytingar á vinnumatinu, finnst þér að það ætti að leiða til:

- Færri og einfaldari sýnidæma
- Fleiri og nákvæmari sýnidæma
- Tek ekki afstöðu
- Veit ekki
- Vil ekki svara

22. Hvernig myndir þú vilja sjá vinnumatið þróast til framtíðar?

Kærar þakkir fyrir þátttökuna